

Þjóðleikhusið

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

62. TÖLUBLAÐ

23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIÐVIKUDAGUR 29. MARS 2023

Númer eitt í röðinni



Skemmtiferðaskipið Ambience lagðist í gær að bryggju við Skarfabakka í Reykjavík. Er það fyrsta skemmtiferðaskipið sem kemur til Íslands á þessu ári. Alls er búist við 269 skemmtiferðaskipum til Reykjavíkur á árinu. Ambience er 245 metrar á lengd og er frá Bretlandi. Það lætur aftur úr höfn í dag. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

Bandarísk börn deyja aðallega í skotárásum

BANDARÍKIN Sár af völdum skotvopna eru orðin algengasta dánarorsök bandarískra barna. Þau látast fremur af skotsársum en úr sjúkdómum eða slysum.

„Eins og margt er gott í Bandaríkjunum er þetta eitt af því sem er illskiljanlegt, því miður,“ segir Guðmundur Árni Stefánsson, sem var sendiherra þar vestra. **SJÁ SIÐU 6**



Guðmundur Árni Stefánsson, fyrrverandi sendiherra Íslands í Bandaríkjunum

Erlendir skipa þriðjung starfa í ferðabjónustunni

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðabjónustunnar, segir að útlendingar muni sinna þriðja hverju starfi í greininni í sumar. Hann bendir á að sumir Íslendingar viti ekki meira um staðhætti en útlendingar.



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF

bth@frettabladid.is

FERÐABJÓNUSTA „Við höfum undanfarið séð töluvert af Íslendingum hverfa frá okkur yfir til hins opinbera,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðabjónustunnar.

Jóhannes reiknar með að einn

af hverjum þremur starfsmönnum ferðabjónustunnar á komandi sumri verði af erlendu bergi brotinn. Í sumum landshlutum verði hlutfallið allt að 80 prósent. Hluti þessara útlendinga búi hér allt árið.

Stór hluti sé farandverkamenn á sumarvertíðinni.

Heildarfjöldi starfa í ferðabjónustunni í sumar er áætlaður 23 til 25 þúsund. „Fyrirtækin ráða í færri stöður í sumar vegna rekstrarvandkvæða sem þau eru að vinna sig út úr,“ segir Jóhannes. Að sögn Jóhannesar hefur margt erlent starfsfólk hér menntun í ferðamálafræði. „Ef við horfum á starfsfólk í lobbium verðum við líka að muna að það finnast dæmi um að Íslendingar viti ekkert meira um staðhætti en útlendingar.“

Fréttablaðið hringdi í nokkur hótél. Mjög er upp og ofan hvort starfsmaður talar íslensku ef bóka á herbergi. **SJÁ SIÐU 4**

FRÉTTIR 4



Barnshafandi óttast lokaða vegi eystra

MENNING 15



Svikull silfurljómi í Súðavík

LÍFIÐ 20



Hryllingurinn kraumaði í Arró



LOKASÝNING Á MORGUN

Ellen B.

Mayenburgpríleikurinn I



P.T. Mbl.

„Ellen B er spennandi og kraftmikil sýning. Verk skrifað af kunnáttu og öryggi, túlkað af sannfæringu um erindi þess.“

Fernt dæmt fyrir peningavætti

jonthor@frettabladid.is

DÓMSMÁL Albönsk kona sem síðastliðinn föstudag var sakfelld í Héraðsdómi Reykjaness fyrir peningavætti hyggst krefja ríkið um bætur.

Konan var handtekin á Keflavíkurlugvelli ásamt þremur löndum sínum sem einnig voru sakfelldir. Var hún með jafnvirði rúmlega einnar milljónar króna í erlendum peningaseðlum sem gerðir voru upptækir. Sagðist hún hafa verið hér á landi í eitt ár og starfað við þrífán atvinnuleyfis.



Konan sagðist hafa starfað við þríf og safnað peningunum.

Í dómnum segir að lögreglu gruni að peningarnir sem fólkið hafði í förum sínum tengist skipulagðri glæpastarfsemi. Lögreglu maður sagði þó að ekki hefði tekist að tengja málið við slíka starfsemi. Dómurinn sagði útilokað að fólkið hefði aflað fjárisins löglega.

Gunnar Gislason, verjandi konunnar, segir að farið hafi verið offari gegn fólkinu og það verið láta sæta gæsluvarðhaldi umfram tilefni.

„Ég mun fylgja bótakröfu skjólstæðings míns gagnvart íslenska ríkinu fast eftir og af hörku,“ segir hann.

Konan fékk fjögurra mánaða skil-orðsbundinn fangelsisdóm. ■

Styttur borðaðar



Ása Sigríður Þórisdóttir, kynningarstjóri Krabbameinsfélagsins, sem fór ásamt fleirum um borgina í gær og setti borða á stytur, segir þá herra menn nú sveipaða sömu borðum og keppendur í Frestunarsamkeppninni svokölluðu. Er hún liður í Mottumars, vitundarvakningu um krabbamein í körlum, sem í ár ber yfirskriftina Ekki humma fram af þér heilsuna. **SJÁ SIÐU 6**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Varaði við þjófi að nóttu í Fellsmúla

gar@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL „Þarna fer ekkert á milli mála,“ segir Ingólfur Már Ingólfsson, íbúi í Fellsmúla, sem í fyrri-nótt tók upp myndband af manni sem gekk á milli bíla og gægdist inn í þá.

Myndbandið er úr öryggismyndavél sem Ingólfur segist einmitt hafa verið að vikka sjóndeildarhringinn á vegna skemmda sem unnar voru á bíl við húsið nóttina áður.

„Ég sá hann ganga á milli bílanna og setja höfuðið að rúðunum og bera fyrir sig höndina til að skyggja og skoða inn,“ lýsir Ingólfur því sem fyrir augu bar.

Kveðst Ingólfur hafa sett inn mynd af mannum í Facebook-hóp hverfisins af umhyggju fyrir



„Það er margt sem myrkrið felur á meðan laufin sofa,“ skrifaði Ingólfur Már Ingólfsson með þessari mynd.

nágrönnum sínum. Innbrot í bíla komi í bylgjum. „Ef það er ekki búíð að gerast eitthvað í svolitinn tíma verður fólk aðeins værukært. En svo þarf bara eitt svona atvik og þá passar fólk sig í dálitinn tíma þar til það man ekki eftir því.“ ■

Starfsstöðvar eru að leysa hornskrifstofuna af hólmi

Vinnustaðamenning breytist hratt á Íslandi. Afstaða ungs fólks til vinnuadstöðu er gjörbreytt frá því áður var. Starfsstöðvar í opnu rými, hvar sem er á landinu, slá í gegn.

ser@frettabladid.is

ATVINNA Starfsstöðvum fjölga mjög hratt um allt land, en þar gefst fólki kostur á að sinna störfum án staðsetningar fyrir félög og fyrirtæki sem eru með höfuðstöðvar hvarvetna í heiminum.

Nýjasta starfsstöðin var opnuð í gamla sparisjóðnum á Siglufirði í gær að viðstaddri Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Tómas Ragnarz er framkvæmdastjóri Regus sem leigir þar út skrifstofuadstöðu fyrir einyrkja og aðra í fjarvinnu. Hann segir að ungt fólk nú á dögum hugsar með allt öðrum hætti til vinnustaða en gert var áður.

„Hugmyndin um afstúkaða hornskrifstofu er dauð,“ segir Tómas. „Ungt fólk er miklu hreyfanlegra en áður og leitar eftir sveigjanlegri vinnuadstöðu. Það vill koma og fara þegar það vill – og vinna þegar því hentar með tilliti til heimsklukkunnar,“ bendir hann á.

„Sjálfum dytti mér ekki til hugar að vera lokaður inni í kompu,“ bætir hann við. „Það vill ekki nokkur maður mæta lengur með inniskóna og mynd af makanum í ramma og setja hana á eitt og sama skrifborðið til eilífðarnóns.“

Vífill Karlsson, prófessor við Háskólann á Bifröst, hefur rannsakað byggðapróun hér á landi frá aldamótum og segir þessa breyttu vinnustaðamenningu veita landsbyggðunum möguleika til sóknar.



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, við opnun nýju starfsstöðvarinnar á Siglufirði í gær. **MYND/ADSEND**

„Atvinnutækifærin hafa stýrt því hvar fólk setur sig niður. Þegar staðsetning þeirra skiptir ekki lengur máli gefur augaleið að ungt fólk, sem er að koma sér fyrir á vinnu- og húsnæðismarkaði, leitar til landsvæða þar sem hægt er fá ódýrara húsnæði en á höfuðborgarsvæðinu og kemur börnunum fyrir inn í leikskóla. Þetta er að gerast,“ segir Vífill og bætir því við að foreldrar græði mikinn tíma í minni sveitarfélögum.

Með nýju starfsstöðinni á Siglufirði rekur fyrirtækið Regus nú þrettán stöðvar á landinu með aðstöðu fyrir vel á fimmta hundrað manns.

Stefnt er að því að opna næstu starfsstöðvarnar á Húsavík og Raufarhöfn. Tómas segir að ef allt gangi eftir í áætlunum félagsins muni það leigja út vinnuadstöðu á 27 stöðum á landinu fyrir árslok 2027.

„Þessar starfsstöðvar á Íslandi tengjast svo neti starfsstöðva í eigu Regus í 127 löndum víðs vegar um heiminn,“ bendir hann á, en sjö milljónir starfsmanna sækja þangað vinnu sína að staðaldri. „Vinnuadstaða fólks sem notar þessa þjónustu er því orðin landamæralaus,“ bætir hann við.

„Það skiptir nefnilega unga fólkið í dag engu máli hvort það er að vinna við fagið sitt í Reykjavík, á Raufarhöfn eða í Dúbaí,“ segir Tómas og þekkir þróunina í þessum efnum. „Hún er mjög ör.“

„Svona starfsstöðvar í opnum rýmum skapa mjög örvandi og hvetjandi umhverfi,“ bendir Vífill á. „Þar kemur saman vel menntað fólk úr fjölmörgum atvinnugreinum og blandar skapi í stað þess að loka sig af alla starfsævina með sínum líkum,“ segir Vífill Karlsson. ■

2 FYRIR 1
á kver.is – kr. 2.999





TILBOÐ

Tiltekt í ljósadeild



**15 – 50%
AFSLÁTTUR**

Gildir 29. mars - 9. apríl

Skeifan 6 / Smáralind / Kringlan / Laugavegur 7 / www.epal.is



Hefði viljað að húsin hefðu verið rýmd kvöldið fyrir flóðið

bth@frettabladid.is

NÁTTÚRUVÁ Sérfræðingar og stjórn-málamenn eru á einu máli um að bæta þurfi snjóflóðavarnir á landinu. Flóðin fyrir austan vekja spurningar um nauðsynlegar úrbætur.

Óliver Hilmarsson, sérfræðingur á sviði snjóflóða hjá Veðurstofunni, segir að flóðin hafi fallið mjög víða. Sum fallið utan þekktra farvega.

Að sögn Ólivers er hluti snjóflóðavarna landsins barn síns tíma. Elstu flóðavarnir hafi verið hannaðar og

reistar á forsendum sem nú þyki úreltar.

„Við þurfum sem dæmi að endurmeta hættu fyrir ákveðna gerð af varnargörðum,“ segir Óliver.

Þar sem flóðin féllu í Neskaupstað áður en kom til rýmingar segir Óliver að Veðurstofunni hafi augljóslega ekki tekist að spá nógu vel og ekki nægilega snemma um það sem á eftir kom.

„Maður hefði viljað að húsin hefðu verið rýmd kvöldið áður,“ segir Óliver. Hann bætir við að málið muni fá sérstaka skoðun.



Flóðin fyrir austan eru miklar hamfarir.

MYND/HARALDUR EGILSSON

„Það var mikill snjór í fjöllum fyrir og það kom meiri úrkoma en spáð var,“ segir Óliver. „Svo varð órlítið breyting á vindátt og margt sem spilar inn í.“

Ekki er líklegt að allir íbúar sem hafa þurft að yfirgefa heimili sín fyrir austan vegna flóðahættu fái að snúa aftur heim strax. Spáð er mikilli ofankomu og svipaðri vindátt og þegar flóðin féllu.

„Það gæti snjóað mjög mikið í fjöll á fimmtudag og föstudag. Það er ekki útlit fyrir að þessu linni strax,“ segir Óliver. ■

Búist er við meiri snjó á Austurlandi.
MYND/KRISTÍN HÁVARÐSDÓTTIR

Bætir í snjókomu á Austfjörðum

benediktarnar@frettabladid.is

VEÐUR Bæta mun í snjóinn á Austfjörðum í nótt og á morgun, en óljóst er hvort það hlýni fyrir vikulok.

„Í dag hlýnar sunnan og vestan til á landinu. Það verður mjög hvasst frá Eyjafjöllum og austur í Öræfi,“ segir Birgir Örn Höskuldsson veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands.

„Svo er óvissa með hvað gerist í lok vikunnar hvort það haldi áfram að snjóa eða hvort það hlýni með rigningu, en þá yrði hlákan vanda-málið,“ segir Birgir. ■

Fimm milljónir í Silfrastaðakirkju

birnadrofn@frettabladid.is

SKAGAFJÖRÐUR Silfrastaðakirkja í Skagafirði hlaut fimm milljóna króna styrk úr Húsafriðunarsjóði fyrir árið 2023. Alls bærust sjóðnum 232 umsóknir en styrkir voru veittir til 207 verkefna að þessu sinni, að heildarupphæð 308.600.000 krónur.

Fjórar aðrar kirkjur á Norðurlandi vestra hlutu styrk úr sjóðnum, samtals 6,9 milljónir. Hæsta styrk úr sjóðnum hlaut elsta skólahúsið á Bifröst, sjö milljónir króna. ■

Útlendingur verði í þriðja hverju starfi í ferðaþjónustunni hér í sumar

Dæmi eru um að 80 prósent starfsmanna séu af erlendu bergi brotin. Sum hótél gæta að íslenskukunnáttu. Ríkið sagnar til sín fólk úr greininni.

bth@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Þriðjungur starfsfólks í ferðaþjónustunni verður á sumri komanda af erlendu bergi brotinn. Þetta segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

Mjög er mismunandi eftir fyrirtækjum og landshlutum hve hátt hlutfall útlendinga er að störfum. Sums staðar allt að 80 prósent að sögn Jóhannesar. Hluti þeirra útlendinga sem starfa í greininni býr á Íslandi allt árið um kring.

„Við höfum undanfarið séð töluvert af Íslendingum hverfa frá okkur yfir til hins opinbera,“ segir Jóhannes Þór.

„Fólk kemur hægt til baka, þörfin fyrir erlent starfsfólk er því meiri en oft áður en á móti kemur að fyrirtækin ráða í færri stöður í sumar vegna rekstrarvandkvæða sem þau eru að vinna sig út úr.“

Heildarfjöldi starfa í ferðaþjónustu hér á landi er áætlaður 23.000–25.000 störf í sumar. Má vænta að um 8.000 útlendingar verði að störfum, stór hluti farand-verkamenn sem er flogið til landsins í vertíðina.

Í Fréttablaðinu í gær var haft eftir Færeyingum að staðkunnugt starfsfólk væri líklegra til að veita betri þjónustu þar sem það eigi ekki í vandræðum með að svara spurningum gesta. Vitnað var til þess að ferðamaður gæti gist á tíu hótélum hérlendis en aldrei hitt Íslending að störfum.



Með stórfjölgun ferðamanna þarf margt nýtt starfsfólk.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Það finnst dæmi um að Íslendingar viti ekkert meira um staðhætti en útlendingar.



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF

Jóhannes segir að kunnáttu tryggji meiri gæði. Nýlokið sé fundaherferð um allt land þar sem Samtök ferðaþjónustunnar, Hæfnisetur og áfangastofur landslutanna stóðu fyrir fræðsluáttaki til að bæta gæði ferðaþjónustu með markvissari upplýsingagjöf.

Margt erlent starfsfólk sem kemur til starfa á Íslandi er með menntun í ferðamálafræði og ekki „pikkað upp af götunni“, að sögn Jóhannesar. „Ef við horfum á starfsfólk í lobbium verðum við líka að muna að það finnst dæmi um að Íslendingar viti ekkert meira um staðhætti en útlendingar.“

Samtök ferðaþjónustunnar benda á að miklu varði hvernig fyrirtæki

taki á móti nýju starfsfólki. Sum standi sig mjög vel, sendi fyrir fram upplýsingar, haldi námskeið og séu með eigin myndbandskenndu.

„Við höfum hvatt fyrirtæki til að vinna vel að þessum málum og deila árangri með öðrum,“ segir Jóhannes.

Fréttablaðið hringdi í nokkur hótél innanlands. Mjög er upp og ofan hvort starfsmaður talar íslensku efbóta á herbergi.

Sum hótél leggja upp úr að alltaf sé starfsmaður til svara sem talar íslensku.

Sú stefna er meðal annars sögð byggð á að Íslendingar eigi skilið í eigin landi að þeir fái svör við spurningum sínum að móðurmálinu. ■

Móðurhjartanu líður ekki vel

ninarichter@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Ung móðir á Seyðisfirði sem komin er 30 vikur á leið með sitt annað barn segir þjónustustigið við verðandi mæður á Austurlandi ólíðandi. Mínútur geti skipt máli þegar meðganga og fæðing sé annars vegar.

Urður Arna Ómarsdóttir er fördunarfræðingur, búsett á Seyðisfirði. Hún er komin 30 vikur á leið og hefur ekki tók á því að sækja sér viðunandi lækniþjónustu ef eitthvað skyldi koma upp á meðan lokanir eru viðvarandi.

Urður lýsir ástandinu sem óþægilegu og að hún hafi ekkert aðgengi að sjúkrahúsi sem stendur.

„Ég veit að Norðfjarðargöngin eru enn þá lokuð. Fjarðarheiðin er vissulega opin í dag en er ekki



Urður Arna Ómarsdóttir er fördunarfræðingur, búsett á Seyðisfirði.

sú skemmtilegasta. Ef eitthvað myndi koma fyrir mig núna. Þetta er spurning um mínútur í þessu ástandi,“ segir Urður Arna.

Sömmuleiðis er heilsugæslan á Seyðisfirði lokuð í dag. Hún segir að

mögulega sé lækni eða ljósmóðir til taks en ófullbúin aðstaða sé á svæðinu til að fæða barn. Þá sé ekki um að ræða neina sértæka upplýsingagjöf til þungaðra kvenna meðan á lokunum stendur.

„Þetta er bara venjuleg mæðravand. Við erum ekki að fá neina spes upplýsingagjöf núna. Við þurfum að sækja okkur hana sjálfar. Ég veit að það er ljósmóðir hérna, en það er ekki nóg ef eitthvað skyldi koma fyrir.“

Urður Arna segist vilja sjá breytingar á skipulagi þjónustu við þungaðar konur á Austurlandi. „Við eigum skilið sömu þjónustu og aðrar konur á landinu,“ segir hún.

„Ef maður myndi fara af stað í dag þyrfti maður að keyra á Akureyri eða taka sjúkraflug til Reykjavíkur,“ segir Urður Arna. ■

Mikið úrval af borðstofuborðum frá CASÖ



Embla hrinborð 120 cm og 140 cm reykt eik og nature eik.

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is




AIWAYS U5!

AIWAYS U5 ER 100% RAFKNÚINN
LÚXUSJEPPLINGUR Á FRÁBÆRU VERÐI,
KR. 6.890.000



AIWAYS U5 er 100% rafknúinn lúxusjeppeingur sem er ríkulega búinn, lipur og einstaklega skemmtilegur í akstri. Sérlega glæsileg innrétting og innrarými er með því besta í sínum flokki og gera AIWAYS U5 fullkominn fararskjót inn í framtíðina. AIWAYS U5 er að stærstum hluta þýsk hönnun

Akstursdrægnin er 400 km á fullri hleðslu 

Hröðun 3,1 sek 0 – 50 km/klst. 
Afkastageta: 150 kW (204 hð)



SJÓN ER SÖGU RÍKARI, KOMDU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR
NÝJAN 100% RAFKNÚINN AIWAYS U5.

Kapphlaup ofureldlauga til tunglsins

gar@frettabladid.is

GEIMFERÐIR Fyrirtækið SpaceX og geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA, búa sig nú undir nýtt kapphlaup til tunglsins. Hvor aðili um sig er með í smíðum kraftmestu eldflaugar sögunnar og stefna að því að menn stigi fæti á tunglið að nýju áður en þessi áratugur er á enda.

Útlit er fyrir að kraftmesta flugtak sögunnar gæti orðið nú í apríl ef marka má tíst frá Elon Musk, eiganda SpaceX. Ætlunin er að risaflaugina sem þá fer á loft verði hægt að nota aftur og aftur. Mesta orkan fer í fyrsta þrep ferðarinnar sem einnig á þátt í því að kostnaðurinn er stjarnfræðilegur og mældur í milljörðum dollara. ■



Flaug frá SpaceX skotið á loft fyrir fimm dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Lögreglumaður fylgir fólki í skjól eftir skotárásina í Covent-skólanum í Nashville á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Borði var settur á stytta skáldsins Tómasar Guðmundssonar. MYND/ADSEND

Stytturarnar með borða Frestunarsamkeppni

erlamaria@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL „Við settum stytturnar bæjarins í búning fyrir mottudaginn sem er næstkomandi föstudag. Nú eru þessir herra menn krýndir sömu borðum og keppendurnir í Frestunarsamkeppninni sem við stóðum fyrir,“ segir Ása Sigríður Þórisdóttir, kynningarstjóri Krabbameinsfélagsins.

Ása og nokkrir starfsmenn auglýsingastofunnar Tvíst fóru um miðbæ Reykjavíkur í gær og settu borða á þekktar stytturnar.

Að sögn Ásu er þetta liður í Mottumars, vitundarvakningu um

krabbamein í körlum, sem í ár ber yfirskriftina Ekki humma fram af þér heilsuna, sem er tilvísun í rannsókn sem Krabbameinsfélagið gerði fyrir stuttu.

„Viðbrögðin hafa verið gríðarlega mikil og þetta hefur gengið vonum fram. Við hjá Krabbameinsfélaginu í Skógarhlíðinni erum farin að fá fjölda símtala frá körlum sem eru að leita sér upplýsinga um hvert þeir eigi að leita,“ segir Ása.

„Margir þeirra hafa tekið bodskapinn til sín og sumir hverjir segja að þetta hafi ýtt við þeim. Þetta sé ekki keppni sem þeir vilji vinna. Þá er tilganginum náð,“ bætir hún við. ■



Thomas Bach, forseti Alþjóðaólympíunefndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Gefa Rússum færi á að keppa á ný

krinnipall@frettabladid.is

ÍPRÓTTIR Alþjóðaólympíunefndin samþykkti í gær ályktun um að leyfa íþróttafólki frá Rússlandi og Belarús að keppa í alþjóðlegum keppnum ef það keppir án skráðs þjóðernis. Þetta kom fram í ávarpi Thomas Bach, forseta Alþjóðaólympíunefndarinnar, sem sagði að nefndin hefði horft til fordæma í öðrum íþróttgreinum. Óvist er með þátttökurétt á Ólympíuleikunum á næsta ári.

Frá því að Rússar réðust inn í Úkraínu hafa flest sersambönd bannað rússnesku íþróttafólki að keppa, þar á meðal Alþjóðaólympíunefndin. Með því getur rússneskt íþróttafolk keppt í undanþekknunum fyrir Ólympíuleikana í Asíu. Úkraínemenn hafa þegar tilkynnt að þeir muni sniðganga leikana verði Rússum leyft að keppa.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, ÍSÍ, er eitt af samböndunum sem hafa lýst sig mótfallin því að Rússum verði leyft að keppa á ný. ■

Börnin líklegri til að deyja í skotárás fremur en bílslysi

Alls hafa 129 fjöldamorð verið framin í Bandaríkjunum það sem af er ári samkvæmt Gun Violence Archive, sem er gagnagrunnur um fjöldamorð í landinu. Er árásin á grunnskólann í Nashville inni í þessum tölum. Þess má geta að dagurinn í dag er 88. dagur ársins.

benediktboas@frettabladid.is

BANDARÍKIN Dánarorsök af völdum skotvopna er orðin algengasta dánarorsök bandarískra barna. Fleiri börn látast úr skotsárum en látast úr sjúkdómum eða slysum samkvæmt Bloomberg.

Alls hafa 9.870 manns látist á þessu ári af völdum skotsára í Bandaríkjunum samkvæmt Gun Violence Archive, sem er gagnagrunnur um fjöldamorð í landinu, þar af voru 338 flokkaðir sem táningar og 60 sem börn. Það þýðir að fimm hafa dáðið hvern einasta dag síðan 2023 gekk í garð.

Enn á ný syrgja Bandaríkin látin börn eftir að Audrey Hale skaut sex til bana í Nashville, þar af þrjú níu ára börn. Audrey var með árásaríffil og skammbyssu. Audrey, sem var 28 ára og fyrrverandi nemandi í skólanum, var skotin til bana af lögreglumönnum.

Árið 1994 lögðu Bandaríkin tímabundið bann við heimild almennings til að kaupa árásaríffla. Bannið rann út árið 2004 og hafa stjórnmalafraeðingar bent á að hryðjuverkaárásin á Tvíburaturnana þremur árum fyrr hafi átt þátt í að bannið var ekki framlengt. Margar fréttir hafa verið skrifaðar um að það hafi verið mikið óheillaskref.

Guðmundur Árni Stefánsson, varaformaður Samfylkingarinnar, var sendiherra í Bandaríkjunum í þrjú ár. Hann segir margt gott við landið en að hann muni trúlega aldrei skilja ást landsmanna á byssum.

„Þetta er eitt af þessum málum sem ég skildi illa í Bandaríkjunum. Eins og margt er gott í Bandaríkjunum er þetta eitt af því sem er illskiljanlegt, því miður,“ segir hann.

Guðmundur segir að erfitt sé að segja hvers vegna svo margar árásir séu gerðar á skóla.

„Einfalda svarið er þessi byssulög-gjöf sem er með ólíkindum og byggir á aldagamalli hefð villta vestursins þar sem allir hafa rétt til að verja sig og er orðið hálfgerð trúarbrögð. Þetta liggur í kúlturnum í landinu og því miður þá hefur verið reynt að þrengja þessar reglur og breyta lögnum en það hefur hreinlega ekki tekist.“

114

látast á hverjum degi af völdum skotsára í Bandaríkjunum.

398

börn og unglingar hafa látist á þessu ári vegna skotsára í Bandaríkjunum. Það eru hartnær fimm á dag.

9.870

hafa látist á þessu ári af völdum skotsára í Bandaríkjunum.

376

skólaárásir eru skráðar síðan harmleikurinn í Columbine átti sér stað árið 1999.

Skotárásir í skólum í Bandaríkjunum

■ **Robb-barnaskólinn 2022**

19 börn, öll undir 10 ára, og tveir kennarar létust og 17 særðust. Lögregla beið í rúman klukkutíma áður en hún lét til skarar skriða.

■ **Santa Fe-skólinn 2018**

10 voru skotnir af 17 ára pilti í byrjun skóladags. 8 nemendur voru drepnir en árásarmaðurinn handtekinn.

■ **Douglas-skólinn 2018**

Nemandi sem hafði verið rekinn úr skólanum skaut 14 nemendur og 3 kennara. Alls særðust 17 en lögreglan yfirbugaði árásarmaninn.

■ **Sandy Hook-skólinn 2012**

Tvítugur maður drap 20

börn sem voru á aldrinum 6 og 7 ára og 6 kennara og starfsmenn grunnskólans og særði tvo. Árásarmaðurinn framdi sjálfsvíg.

■ **Virginia Tech 2007**

Nemandi skaut 32 nemendur og kennara áður en hann skaut sig. Alls særðust 33 í árásinni en síðar kom í ljós að árásarmaðurinn dýrkaði og dáði þá sem frömdu ódæðið í Columbine.

■ **Columbine 1999**

Tveir unglingar drápu 12 nemendur og 3 kennara og særðu 24 þegar þeir ruddust inn í skólann þungvopnaðir. Margir tengja upphaf skólaárása við þessa árás.

Hann bendir á mikil ítök félags byssueigenda (NRA) í landinu.

„Bandaríkjamenn eru mjög fljótir upp með byssuna. Sumpart erum við í villta vestrinu og í þessu þróaða og framsækna ríki þá er þetta óskiljanlegt. Ég náði ekki að skilja þetta þessi þrjú ár sem ég var þarna sendiherra og mun trúlega aldrei gera það,“ segir Guðmundur.

Ítök Félags byssueigenda ráða miklu um hve illa gengur að herða reglur um aðgengi að skotvopnum. Í stað þess að minnka byssueign er viðbragðið að fjölga vopnum. Árið 2021 voru sett lög sem heimila fólki, án þess að sérstakt leyfi þurfi til, að ganga með árásaríffla úti á götu og jafnvel inni í opinberum byggingum.

Ríkisstjórnin í Texas kvartaði undan því á Twitter að Texas væri á eftir Kaliforníu, væri ekki í fyrsta

sæti heldur öðru sæti ríkja Bandaríkjanna í byssukaupum. Hann hvatti því almenning til að kaupa fleiri byssur.

Viðbragð Repúblikana hefur í seinni tíð markast af áróðri Félags byssueigenda, sem hamrar á því að best sé að bregðast við fjöldamorðum með meiri vopnaburði og rýmri heimildum til að bera skotvopn. Svarið við fjöldamorðum í skólum telja sumir þingmanna Repúblikana vera að vopna kennarana. Víða endurómi stjórnmalamenn möntruna frá Félagi byssueigenda: „Guns don't kill people, people kill people.“

Eitt af fyrstu verkum Donalds Trump í embætti forseta var að staðfesta lög sem afnámu reglur frá forsetatíð Baraks Obama þar sem hömlur voru settar við aðgangi geðsjúkra að skotvopnum. ■



Allir kaupendur og seljendur fá
Vildarkort Lindar
sem veitir **30% afslátt**
hjá eftirfarandi fyrirtækjum



DORMA



VÍDD



Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum nema Skovby, af þeim eru 15% afsláttur. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Flügger:** 30% afsláttur af allri innimálningu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parki:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z brautir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vídd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmiðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum, ekki er veittur afsláttur af smart ljósum.

ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsöllum.



Bæjarlind 4 - Sími: 510 7900 - www.fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA

Búbblur og bað á fyrstu íslensku vínekrunni

Fimm manna teymi vinnur nú að því að koma á fót fyrstu íslensku vínekrunni þar sem að rækta þrjúgur til freyðivinsgerðar. Ræktunin mun fara fram í Ölfusi en í Hveragerði verður hægt að fara í vínsmökkun og vín-spa.



Lovisa
Arnardóttir
lovisa
@frettabladid.is

„Við erum að fara að rækta vínvið í gróðurhúsum. Við erum búin að vera að velta þessu fyrir okkur í mörg ár og að reyna að sjá hvernig er hægt að gera þetta. Gróðurhúsin eru bogahús sem eru aðallega notuð sem skýli til að halda hitastiginu stöðugu frá apríl og út september því vínviðurinn þolir illa hitabreytingar og páskahret,“ segir Margrét Polly Hansen frumkvöðull, sem vinnur nú að því að koma á fót fyrstu íslensku vínekrunni.

Með Margréti Polly, eða Polly eins og hún er kölluð, standa að verkefninu eiginmaður hennar Peter Hansen en hann er menntaður vínfræðingur, þjónn og matreiðslumaður, Craig Clapcot sem er menntaður í vingerð, eiginkona hans Sólrún Þórðardóttir sem er snyrtifræðingur og ólst upp í gróðurhúsum og svo að lokum Davíð Örn Hákonarson veitingamaður.

Polly segir að þau komi öll úr ferðaþjónustu og til að láta dæmið ganga upp fjárhagslega hafi þeim dottið í hug að stofna upplifun í kringum ræktunina.

„Það verða tveir veitingastaðir, annar stór og hinn í vinkjallara, og viðburðsalur. Auk þess verður hægt að fá leiðsögn í gegnum vínekruna og fá fræðslu um ylrækt og gróðurhúsarækt og drekka vín auðvitað,“ segir Polly og að gert sé ráð fyrir því að slík heimsókn myndi alltaf enda á öðrum veitingastaðnum.

„En það er ekki allt því við ætlum líka að vera með vín-spa. Það er hugmynd sem er um 100 ára gömul og er frá Frakklandi. Þetta er mjög vinsælt í Kaliforníu í Bandaríkjunum núna, en í þessum heilsulindum er búið að búa til vínþöð og spa-meðferðir úr afgangi af því víni sem er búið til,“ segir hún og á þá við fræin, stilkana og hýðið, en spa-ið verður staðsett inni í gróðurhúsi þar sem

Allt teymið saman. Frá vinstri er það Craig Clapcot, Peter Hansen, Davíð Örn Hákonarson, Sólrún Þórðardóttir og Margrét Polly Hansen
MYNDIR/ÁSENDAR



verður vínviður meðfram öllum veggjum.

„Þetta verður alger afslöppun því það verður líka sundlaug þarna.“

Gert er ráð fyrir að þetta verði í Hveragerði en sveitarstjórn hefur gefið vilyrði fyrir lóð þar. Polly segir að þau séu að skoða þrjár lóðir. Hún segir að starfseminni verði skipt í tvennt og að heilsulindin og veitingastaðirnir verði í Hveragerði en



Svona er gert ráð fyrir að vín-spaið í Hveragerði muni líta út. Í öðru húsinu verður upplifun en í hinu spa.



Það verður hægt að skella sér í sund.

gróðurhúsin þar sem vínviðurinn verður ræktaður verði í Ölfusi.

Polly segir að gert sé ráð fyrir tveimur árstíðum á vinunum. Hingað til hefur ekki verið hægt að rækta vínvið á Íslandi vegna veðurs og hitastigs en Polly segir að með því að stýra aðstæðum inni í gróðurhúsunum sé það hægt. „Það hefur fólk verið að gera þetta í Finnlandi með góðum árangri,“ segir Polly og að hún viti um þrjú þúsund fermetra gróðurhús í Finnlandi þar sem vín er ræktað.

Spurð af hverju þau hafi langað að

rækta vín útskýrir Polly að Peter sé vínfræðingur, þjónn og matreiðslumaður. Hann er danskur og vann á Michelin-veitingastöðum í Danmörku áður en hann flutti hingað. Polly segir að hann hafi alltaf haft mikinn áhuga á vinum og að sjálfri hafi henni alltaf þótt skemmtileg upplifun að fara á vínekrur.

„Þetta hefur alltaf verið í loftinu því eiginmaður æskuvinkonu minnar, Craig, hefur lært vingerð og vann lengi á vínekrum á Englandi. Við fluttum öll aftur til landsins árið 2012 eftir að hafa búið erlendis



Auk þess verður hægt að fá leiðsögn í gegnum vínekruna og fá fræðslu um ylrækt og gróðurhúsarækt og drekka vín auðvitað.

Margrét Polly Hansen

en höfum bara verið upptekin í öðru,“ segir Polly, en hún hefur til dæmis unnið við hótél- og upplifunarstjórnun.

Í upphafi heimsfaraldurs Covid var hún sjálfstætt starfandi í ferðaþjónustu og missti öll sin verkefni. Meðan á faraldrinum stóð veltu þau framhaldinu mikið fyrir sér og hvernig ferðaþjónustan myndi þróast.

„Ég setti hugmyndina þá niður á blað og sótti um í viðskiptahraðli og fékk þar verðlaun fyrir góða hugmynd og viðskipaáætlun,“ segir hún og að það hafi veitt þeim byr undir báða vængi. Eftir það tóku þau þátt í öðrum viðskiptahraðli og náðu að móta hugmyndina betur.

„Nú er þetta aðalvinnan mín og það er það sem þurfti til að koma verkefninu áfram,“ segir hún en næsta verkefni hjá þeim er fjárfestahátíð á Siglufirði sem hefst í dag. Alls eru þar forsvarsmenn fjórtán verkefna að kynna starfsemi sína og hugmyndir og eru Polly og félagar eina ferðaþjónustufyrirtækið.

„Við erum búin að vera í þjálfunarbúðum að undirbúa okkur og bindum miklar vonir við þetta. Það verða þarna alvöru fjárfestar sem eru að leita sér að fjárfestingum,“ segir hún að lokum. ■

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR



Bændur segja að íslensk lambakjötsframleiðsla þurfi að standast mjög háar kröfur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fákeppni bitnar bæði á bændum og neytendum

Íslenskir sauðfjárþændur segjast ekki mótfallnir samkeppni sem væri á sambærilegum forsendum, en segjast sjálfir glíma við miklar verðhækkningar. Formaður Neytendasamtakanna segir sameiginlegt markmið að framleiða og neyta matar.

helgisteinar@frettabladid.is

Gunnar Þórarinnsson, sauðfjárþéandi á Þóroddsstöðum í Hrútafirði, telur að samvinna meðal sláturhúsa á Íslandi myndi hafa jákvæð áhrif fyrir sauðfjárþændur landinu. Hann segir bændur ekki mótfallna alþjóðlegri samkeppni svo lengi sem sú samkeppni sé á sambærilegum forsendum.

Greint var frá því í síðustu viku að verð á lambakjöti hefði hækkað um 20 prósent á einu ári, eða tvöfalt meira en nemur verðbólgu. Formaður Neytendasamtakanna sagði að það væri engin tilviljun að í þeim geirum þar sem samkeppni væri engin rétti minni fyrirstaða gegn því að ýta hækkingunum út í verðlagið.

„Þessi hækking sem kom núna seinast var út af hækkingu á afurðaverði sem bændur fengu í haust. Hins vegar ef þú ferð aðeins aftur í tímann þá er lambakjöt búið að hækka miklu minna heldur en flestar aðrar vörur. Vísitala lambakjöts er mun lægri heldur en vísitala neysluverðs,“ segir Gunnar.

Hann vísar til hærri framleiðslukostnaðar og hærri launa á Íslandi en segir jafnframt að huga þurfi að þeim hækkingunum sem bændur



Það er sameiginlegt markmið að búa til mat og neyta matar.



Breki Karlsson, formaður Neytendasamtaka

glíma við. „Það hefur allt hækkað hjá bændum, bæði fóðrið, rúlluplastid og að sjálfsögðu olían. Svo tvöfaldaðist náttúrulega verðið á áburði í fyrra.“

Gunnar segir bændur ekki mótfallna samkeppni en bætir við að íslenskir matvælaframleiðendur búi við mun strangari kröfur þegar kemur að dýravelferð og hormónanotkun en annars staðar í heiminum. Ætti innflutt kjöt að standast sömu skilyrði og íslenskt kjöt hefðu bændur enga ástæðu til að vera ugandi yfir samkeppni.

„Þar væru líka til staðar heilmiklir hagræðingarmöguleikar fyrir sauðfjárþændur ef sláturhúsin fengu að vinna meira saman. Samkeppnis-

eftirlitið hefur hins vegar verið á móti því og telur að það myndi bara leiða til verðhækkana.“

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, er sammála því að bændur riði ekki feittum hesti frá núverandi fyrirkomulagi. Hann segist skilja það að lambakjöt sé dýr vara en á sama tíma þurfi verðið að vera gegnsætt.

„Neytendur vilja fá val um vörur sínar og þar sem við vitum að íslenskt lambakjöt er fyrsta flokks vara þá þurfa bændur ekki að óttast samkeppni. En þeir sem ekki hafa efni á því að kaupa sér dýrar kjötvörur í hverri viku verða líka að fá tækifæri til að kaupa sér eitthvað annað sem er ódýrara,“ segir Breki.

Hann segir að það ríki ákveðinn misskilningur þegar kemur að landbúnaðarvernd á Íslandi og telur að alþjóðleg samkeppni sé íslenskum bændum til bóta. Einhæfni dregur úr hvata til nýsköpunar og bitnar það bæði á bændum og neytendum.

„Þegar ég var lítill þá var bara ein tegund af tómtum en eftir að tollamúrarnir voru felldir hafa tómatabændur orðið blómlegustu bændur á Íslandi. Þeir notast líka við innflutt fræ og innfluttar býflugur og vinna á fullu í ræktun og ferðamennsku.“

Breki segir að það sé eins og einhver hafi hag af því að stilla neytendum og bændum hverjum upp á móti öðrum og segist hann neita að taka þátt í því. „Það er sameiginlegt markmið að búa til mat og neyta matar en neytendur eiga að hafa rétt á að velja og til þess þurfa þeir að fá allar upplýsingar.“ ■

Bónusgrísinn bregður sér í hlutverk safngrips

helgisteinar@frettabladid.is

Baldur Ólafsson, markaðsstjóri Bónuss, greinir frá því að Bónusgrísinn frægi muni nú bregða sér í nýtt hlutverk sem safngripur á páskaeggjum verslunarinnar. Hann segir að hægt verði að safna mismunandi grísum ár eftir ár líkt og gert var með strumpafígúrunnar fyrir nokkrum árum.

„Grísinn verður í mismunandi útgáfum hvert ár og kemur hver grís í takmörkuðu upplagi. Við vissum fyrst ekki hversu vinsælt þetta yrði en nú kemur í ljós að þetta er söluhæsta páskaeggjöld í Bónus.“

Baldur segir að verðlag gæti vissulega spilað inn í söluna en stærsta Bónuseggjöld er rúmlega helmingi ódýrara en egg í svipaðri stærð frá samkeppnisaðilum. Hann telur samt sem áður marga laðast að grísum sjálfum og vilja hann jafnvel enn frekar en súkkuladid.

„Hann er náttúrulega skemmtilegur og líka ágætlega veglegur. Það er alveg óhætt að leika sér með hann án þess að hann skemmist. Grísinn er unninn úr plasti en hann er líka þungur og stendur á svona stalli sem fólk sér þegar búið er að taka súkkuladid frá,“ segir Baldur.

Það ríkti þjóðarsorg þegar gamli Bónusgrísinn kvaddi Íslendinga en Baldur segir kostinn við nýja grísinn vera þann að auðveldara sé að leika sér með svipbrigði hans.



Baldur segir Bónuseggjöld vera það söluhæsta í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Bónusgrísinn er í hjörtum Íslendinga og þó svo að okkur þyki rosalega vænt um þann gamla þá var hann þínu úr sér genginn greidd. Nýi grísinn hentar betur í svona verkefni að því leyttinu til að það er hægt að glæða hann miklu meira lífi sem gerir hann jafnvel að enn skemmtilegri persónu og verður hann einstakari fyrir vikið.“ ■



Kaup, sala og samruni fyrirtækja

Reykjanes við Ísafjarðardjúp

Einstakt tækifæri í ferðaþjónustu. Á staðnum er rekið hótél í gömlu skólahúsi með 30 tveggja manna herbergi, 7 íbúðir og tjaldstæði með góðri aðstöðu. Á staðnum er sundlaug, heitir og kaldir pottar og gufuböð.

Nánari upplýsingar veitir
Brynhildur Bergþórsdóttir
brynhildur@kontakt.is

Kontakt

kontakt@kontakt.is | 414 1200 | Ránargata 18, 101 Reykjavík

www.kontakt.is

British Airways aflýsir hundruðum ferða yfir páskana

helgisteinar@frettabladid.is

Flugfélagið British Airways neyðist til að aflýsa minnst 32 flugferðum á dag til og frá Heathrow-flugvelli yfir páskana í ljósi fyrirhugaðs verkfalls öryggisstarfsmanna flugvallarins. Rúmlega 1.400 flugvallarstarfsmenn munu leggja niður störf í tíu daga frá 31. mars til 9. apríl.

Viðræður fóru fram í síðustu viku í von um að leysa launadeiluna en ekki tókst að afstýra verkfallinu. Heathrow hefur nú sagt British Airways að stöðva alla sölu nýrra flugmíða og að skera niður áætlaða þjónustu sína um fimm prósent.

Flugvöllurinn hefur brugðist við með því að senda rúmlega þúsund



British Airways hefur stöðvað sölu á flugmiðum. f

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

aukastarfsmenn til vinnu yfir hátíðina til að aðstoða farþega á leið í frí. Í tilkynningu frá Heathrow segir að öryggisleitin gæti tekið lengri tíma en vanalega.

„Við munum ekki leyfa þessu ónaúðsynlega verkfalli að hafa áhrif á langþráð frí ferðalanga,“ segir talsmaður Heathrow-flugvallar. ■

Innihaldsefni



Lovisa
Arnardóttir
lovisaa
@frettabladid.is

Þegar ég varð vegán fyrir um sjö árum vandi ég mig á að lesa lista innihaldsefna í þeim vörum sem ég kaupði og er orðin alveg ótrúlega sjóð í alls konar E-efnum og skrítnum innihaldsefnum. Svo er það mjólkurduftið. Það bara leynist svo afskaplega víða. En þar sem ég er nokkuð vanaföst þá get ég yfirleitt farið út í búð núna og veit hvað er í vörunum sem ég ætla að kaupa eða get einfaldlega keypt vörur sem eru sérstaklega merktar vegan. Það er nýtsamlegt, nauðsynlegt og eiginlega alveg sjálfsgagt finnst manni.

Eða ætti alla vega að vera það. En fyrir, til dæmis, fólk sem kaupir ýmsar vörur á svörtum markaði er ekki hægt að gera ráð fyrir sömu þjónustu.

Ef þú kaupir þér kókaín þá færðu það í plasti eða poka og þú veist ekkert hvaðan það kom, með hverjum, hver tók við því, hvað er bóúið að gera við það, hverju er bóúið að bæta við efnið og hversu oft. Þú bara treystir því að manneskjan sem er að selja þér þessa ólöglegu vöru sé af gera það af heilindum, að það sé í lagi með vöruna og að þú munir njóta hennar.

Það er kannski oft tilfellið, en alls ekki alltaf. Stundum veikist fólk og jafnvel deyr.

Í Fréttablaðinu um helgina var viðtal við ungan mann sem hóf nýlega, ásamt vini sínum, að selja vímuefnapróf. Prófunum er ætlað að athuga til dæmis styrkleika vímuefna en einnig að athuga hvort vímuefnið sem á að vera í pokanum sé raunverulega þar. Svo eru enn flóknari próf sem mæla íblöndunarefni. Það eru efni sem venjulega eiga ekki að vera í pokanum en eru þar samt. Yfirleitt til að drýgja efnið, en stundum líka til að gera það sterkara eða til að áhrifin vari lengur. Þessi efni geta verið hættuleg. Það kannski segir sig sjálf en neytendur vímuefna hafa enga leið til að kanna þessi atriði, nema með einmitt prófunum sem þeir félagar eru að selja.

Prófin fá þeir Kristinn og Andri ekki að selja í gegnum stærstu greiðslumiðlunar-fyrirtækin á Íslandi vegna tengsla við ólögleg vímuefni. Þó svo að tengslin séu á þann veg að með notkun prófanna séu þeir að tryggja öryggi notenda og koma í veg fyrir skaða.

Það er fullt af fólki sem neytir reglulega vímuefna. Það er ekkert endilega hægt að stöðva það. Þetta fólk vill gera það og mun gera það. En það sem við getum gert er að minnka skaðann af neyslunni og koma í veg fyrir veikindi, eða að þau láti hreinlega lífið. Það er í rauninni bara það minnsta sem við getum gert. ■



Ef þú kaupir þér kókaín þá færðu það í plasti eða poka og þú veist ekkert hvaðan það kom.

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

benediktboas@frettabladid.is

Erftitt að hlusta

Meirihlutinn í Reykjavík ætlar að reyna að laga leikskóla-vandann meðal annars með því að láta börn sem útskrifast ekki snúa aftur eftir sumarfrí, heldur fara í aðlögun í grunnskólanum sínum. Borgarmeirihlutinn er kominn í slíkt öngstræti með leikskólamálin að hann virðist hættur að hlusta á ráðleggingar. Þannig bókaði áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva á fundi skóla- og frístundaráðs að hvorki hefði verið tekið tillit til né unnið með umsagnir fagaðila. Er nema von að spurt sé hvort erfiðasta starf meirihlutans sé að hlusta á sér vitrara fólk?

Börnin fá að njóta vafans

Framkvæmdastjórn frístundamiðstöðva velta því fyrir sér hvort það fyrirkomulag sem meirihlutinn hefur ákveðið sé börnunum hreinlega fyrir bestu. Hvort þetta sé góð leið að aðlögun fyrir börnin í nýju umhverfi og skóla- og frístundastarfi. Hvort tillagan sé kerfislæg einföldun og hagkvæmni frekar en fagleg. Enda kemur í ljós að mati framkvæmdastjórnanna að skýrsla um þessa tillögu sýni ekkert hver faglegi ávinningurinn sé. Þá er bent á hið augljósa. Það er mönnunnavandi á frístundaheimilum í ágúst og hann er mikill. Það sé því hálf vonlaust að bæta við heilum árgangi – sem hefur aldrei séð eða heyrt af frístund. ■

Hin hliðin



Borgerður Katrín
Gunnarsdóttir
formaður
Viðreisnar

Á sínum tíma tók ég þátt í því að greiða fyrir löggjöf, sem heimiladi útflutningsfyrirtækjum að nota erlenda gjaldmiðla í reikningshaldi sínu. Þau geta líka tekið lán í erlendum gjaldmiðlum.

Þessu fylgir margfalt hagræði fyrir fyrirtækin. Þau geta notað gjaldmiðil, sem mælir raunverulega verðmætasköpun og samkeppnisstöðu. Jafnframt geta þau aflað lánsfjár í allt öðru og hagstæðara fjármálaumhverfi en krónuhagkerfið getur boðið.

Efnahagsstefnan á að miða að því að tryggja sem best samkeppnisstöðu landsins. Það var því vissulega skref í rétta átt þegar útflutningsfyrirtækin gátu bæði tekið lán í erlendum gjaldmiðlum og notað þá sem starfrækslumynt sína.

Hin hliðin á þessu framfaraskrefi er vitaskuld sú að einstaklingar og önnur íslensk fyrirtæki, sem mörg hver eru í harðri erlendri samkeppni, búa ennþá í öðru og til mikilla muna óhagstæðara fjármálaumhverfi.

Þegar Seðlabankinn hækkar vexti tvöfalt meira en í Evrópu þurfa einstaklingar og flest lítil og meðalstór fyrirtæki að bera þær byrðar með þessum sérkennilega krónuskatti meðan útflutningsfyrirtækin sleppa.

Þetta misrétti er ein af ástæðunum fyrir því að ég hef alltaf viljað stiga skrefið til fulls og tryggja öllum sömu aðstöðu.

Satt best að segja gat ég ekki ímyndað mér, þegar heimildin fyrir útflutningsfyrirtækin var opnuð, að hér yrði mynduð ríkisstjórn sem segði í stjórnsáttmála að það væri andstætt hagsmunum Íslands að allir sætu við sama borð að þessu leyti.

Misrétti af þessu tagi er frjór jarðvegur fyrir þá sem trúa á millifærsluhagkerfi. Þá spretta upp hugmyndir um að hækka skatta á þá sem njóta sérréttinda og færa með pólitískum ákvörðunum til þeirra, sem misréttið bitnar mest á.

Þetta sjónarmið er skiljanlegt. Hitt er bara miklu skynsamlegra að breyta kerfinu og tryggja öllum sömu aðstöðu í sama gjaldmiðlaumhverfinu. Valið er í raun á milli kerfisbreytingar eða skattahækkana, sem veikja samkeppnisstöðu landsins.

Það er einfaldlega ekki sanngjarnt að krónuskattur í formi tvöfalt hærri vaxta leggist bara á þá sem sist ráða við hann. Því þetta þarf ekki að vera svona. ■



Misrétti af þessu tagi er frjór jarðvegur fyrir þá sem trúa á millifærsluhagkerfi.

Vissir þú að
FRÉTTABLAÐIÐ
fæst á 204 stöðum á
höfuðborgarsvæðinu?

Kynntu þér dreifinguna á:
www.frettabladid.is/stodsidur/dreifing

Frítt

Heima er best



Ingibjörg Isaksen
Þingflokks-
formaður
Framsóknar

Öldrun er óumflýjanlegur hluti af lífinu, þegar við eldumst söfnum við að okkur þekkingu, lífsreynslu og vísu sem getur verið okkur sjálfum og öðrum dýrmæt. Þakk-læti, sterkari og dýpri tengsl við fjöl-skyldu, vini og ástvini og ekki síður oft og tíðum aukinn tími til að sinna áhugamálum sem veita ánægju og aukna lífsfyllingu.

Það eru margir kostir sem fylgja því að eldast, en einnig áskor-anir. Með hækkanði aldri er ekki ósennilegt að fólk þurfi aðstoð og stuðning við dagleg verkefni, sér í lagi þegar heilsan tekur upp á að bregðast. Þörfin fyrir aðstoð verður stundum meiri með aldrinum og því er mikilvægt að fólk hafi mögu-leika á að þiggja þjónustu sem það getur treyst á. Þjónustu sem eykur öryggi, lífsgæði, valdeflir og mætir þjónustuþörf eins og best verður á kosið hverju sinni. Þegar við spyrjum eldra fólkið okkar út í óskir sínar eru svörin oftast á þá leið að einstaklingurinn vill geta búið heima eins lengi og kostur er. En svo það sé mögulegt verðum við að skapa aðstæður sem styðja við þeirra óskir.

Um mitt ár 2019 var undirritaður samningur milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og Öldrunarheimila Akureyrar (ÖA) sem fól m.a. í sér heimild til að hefja nýsköpunar- og þróunarverkefni um sveigjanleg dagdvalarrými. Þar var áhersla lögð á þverfaglega teymisvinnu til að skapa markvissa og öfluga starfsemi. Sveigjanleg dagdvöl sem var þjónusta alla daga, allan ársins hring sem aðlagði sig þörfum einstaklingsins. Áhersla var lögð á að styðja notendur dagþjálfunar til sjálfstæðis og sjálfræðis, ásamt því

að efla færni og sjálfsþjargargetu heima og í dagþjálfun.

Sveigjanleg dagþjálfun

Hugmyndafræði dagþjálfunar eða dagdvalar er að vera stuðnings-úrræði við eldra fólk sem býr í heimahúsum. Markmiðið með þjálfuninni er að viðhalda færni og getu fólks til að búa áfram heima og er ávinningurinn af því að koma í veg fyrir eða seinka vistun á hjúkrunarheimili. Fjölbreytni og sveigjanleiki úrræða skiptir höfuðmáli og veitir sveigjanleg dagþjálfun margvíslegan ávinning sem getur hjálpað til við að auka lífsgæði.

Einn af helstu kostum þessarar þjónustu er möguleikinn til að hlusta á það sem eldra fólkið vill og sniða þjónustuna að þess áherslum. Þjálfun sem þessi getur veitt verulegan ávinning m.a. með bættri andlegri og tilfinningalegri líðan. Fjölskyldumeðlimir eru oft og tíðum þeir aðilar sem bera ábyrgð á eldri ástvinum sínum og það getur á tímum verið krefjandi.

Með því að nýta sveigjanlega dagþjálfun geta umönnunaraðilar dregið sig í hlé og sinnt sínum verkefnum á sama tíma og þeir vita að ástvinir þeirra fá þá umönnun sem þörf er á. Þá hefur félagsleg einangrun verið vandamál meðal eldra fólks, sérstaklega þeirra sem búa einir eða hafa takmarkaða hreyfigetú. Með sveigjanlegri dagþjálfun aukast samskipti við aðra sem getur hjálpað til við að koma í veg fyrir einmanaleika, kvíða og þunglyndi.

Verkefnið hefur skilaði árangri

Verkefnið hefur skilaði sýnilegum árangri, það er ótvíræður ávinningur af sveigjanlegri dagþjálfun í formi bættra lífsgæða fyrir notendur og fjölskyldur þeirrar. Notendur, aðstandendur og starfsfólk eru að mestu sammála um að úrræðið hafi bætt andlega líðan og hafi stuðlað að viðheldni og jafnvel framförum í líkamlegri færni og getu. Úrræðið er nú þegar orðinn mikilvægur hlekkur í þróun millistigsúrræða í þjónustu við aldrada.



Ávinningurinn af aðgerðum sem þessum dregur úr álagi á ýmsum sviðum heilbrigðismála eins og t.d. heilsugæslu, félagsþjónustu og hjúkrunarheimilum.

Rauði þráðurinn í niðurstöðum framangreinds nýsköpunar- og þróunarverkefnis var að umsóknunum um hjúkrunarrými fækkaði. Þátt-takendum fannst þeir fá þjónustu sem veitti þeim tækifæri til að geta búið lengur heima við öryggi, þar sem þeim var tryggð sú aðstoð sem þeir þurftu á að halda.

Þá upplifðu aðstandendur þeirra sem tóku þátt í verkefninu einnig

aukið öryggi. Hér er um að ræða þjónustu sem festa þarf í sessi til framtíðar.

Vilji til að þjónusta eldra fólk

Samsetning mannfjöldans á Íslandi er að þróast á þann veg að hlutfall eldra fólks hækkar frá því sem áður var og við þurfum að tryggja að kerfin okkar verði tilbúin til þess að styðja við þennan stækkandi hóp. Það getum við gert með því að koma til móts við fólk með fjölbreyttum úrræðum og þjónustu. Ný viðhorf í þjónustu við eldra fólk þar sem áhersla er lögð á aldursvænt og styðjandi samfélag munu leiða okkur að betri samfellu og sterkari heildarsýn fyrir þjónustu við eldra fólk.

Ávinningurinn af aðgerðum sem þessum dregur úr álagi á ýmsum sviðum heilbrigðismála eins og t.d. heilsugæslu, félagsþjónustu og hjúkrunarheimilum. Auk þess með því að veita eldra fólk þjónustu við hæfi og þörf hverju sinni verða

meiri líkur á auknum lífsgæðum og sjálfstæði eldra fólks.

Markmiðið stjórnvalda er að bæta lífsgæði eldra fólks með því viðhalda færni og virkni einstaklingsins og þar spila forvarnir, heilsuefling og endurhæfing stóran þátt í heilbrigðri öldrun þjóðarinnar. Það sýnir sig einna best í þingsályktunartillögu sem er nú í meðförum Alþingis.

Um er að ræða aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk sem ætlað er að vera leiðarvísir fyrir stjórnvöld til að skapa skýra framtíðarsýn um hvaða leiðir verði farnar til að bæta þjónustu við eldra fólk og vinna heildarstefnu sem felur í sér að eitt þjónustustig taki hnökralaust við af öðru, að ábyrgð á þjónustuþáttum milli aðila sé skýr og að gráum svæðum verði útrýmt.

Um er að ræða aðgerðaáætlun til fjögurra ára og er markmiðið að tryggja að eldra fólk þjónustu við hæfi, hvort sem um ræðir heimaþjónustu á vegum sveitarfélaga eða heilbrigðisþjónustu. ■

SPÁMIÐILL
ER BYRJUÐ AFTUR

- SPÁ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU MEÐ HJÁLP AÐ HANDAN
- HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
S. 5574391

Nudd Nudd Nudd

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar.

Sími 694 7881, Janna.

Málarar

Við erum löggiltir málarar. Tökum að okkur öll verkefni, stór og smá. Gerum tilboð eða tímavinnu og erum mjög sanngjarnir. Endilega hafa samband í síma **782 4540** eða í loggildurmalari@gmail.com

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

job

Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita að þér?

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is geiri www.geirihf.is VESTFRÖST HOUSEHOLD

Kæli & frystitæki

OPÍÐ 24/7

Kælar

SD 420E H:1980 B:578 D:605 - 338L - Kæling 4/+2/10°C - 5 hillur - Læsing - LED

SD 430 H:1993 B:577 D:576 - 360 L - Kæling 0°/+10°C - 5 hillur - Læsing - LED

SD 417 H:1980 B:606 D:575 - 338 L - Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing

SD 1001 og SD 801 H:2020 B:1000/1130 D:70/22 Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing

Kælar

SD 155 Stærð (hxhxd) 922x564x695mm Kæling -12/ -24°C

SC 311 St. (hxhxd) 865x1350 x520mm Kæling +2/+10°C

Frystar

SD 305 Stærð (hxhxd) 905x950x695mm Kæling -12/ -22°C

XS 802 Stærð (Hxhx) 858x2000x757 mm 700/510ltr Kæling -12/ -24°C

XS 602 Stærð (Hxhx) 840x1457x757mm Kæling -12/ -24°C

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is **geiri** **STÓRELDHÚS**

Sýningarsalur Draghálsi 4 - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

MERKISATBURÐIR

- 1613** Pocahontas, dóttir Powhatans höfðingja, er tekin höndum og færð til Jamestown.
- 1875** Öskjugosið hefst. Sautján jarðir á Jökuldal fara í eyði vegna þess.
- 1945** Skeiðsfossvirkjun í Skagafirði er gangsett.
- 1947** Heklugos hefst, hið fyrsta í rúma öld. Gosmökkurinn nær 30 kílómetra hæð og aska berst meðal annars til Englands og Finnlands. Gosið stendur í ár.
- 1961** Sett eru lög um launajöfnuð kvenna og karla á Íslandi. Þau eiga að koma til framkvæmda að fullu fyrir 1. janúar 1967.
- 1974** Kínverskir bændur uppgötva leirherinn.
- 1981** Lundúnamarabonið er sett í fyrsta sinn.
- 2004** Búlgaría, Eistland, Lettland, Litáen, Rúmenía, Slóvakía og Slóvenía gerast öll aðilar að NATO.
- 2010** Rúmlega fjörutíu láta lífið í tveimur hryðjuverkaárásum í neðanjarðarlestarkefni Moskvu.
- 2012** Varnarmálaráðherra Svíþjóðar, Sten Tolgfors, segir af sér vegna Sádihneykslisins.
- 2013** Stjórn Norður-Kóreu lýsir yfir stríðsástandi gagnvart Suður-Kóreu.
- 2014** Fyrsta hjónavígsla samkynhneigðra í Englandi.



2017 Bretland virkjar fimmtugustu grein Lissabonsáttmálans og hefur þar með formlega útgönguferli úr Evrópusambandinu.



Ferðamenn streyma að helstu menningarminjum okkar Íslendinga daglega og virðist ekkert lát á eftirspurninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Menningarferðamennska í brennidepli á málþingi í dag

Þjóðminjasafnið heldur áhugavert málþing um menningaferðamennsku í dag þar sem áhersla er lögð á hvernig hægt er, með ábyrgri og sjálfbærri ferðamannaþróun, að vernda menningararf og hlúa að þölmörkum samfélaga.

kristinnpall@frettabladid.is

„ICOMOS samtökin hafa gefið út nýjan sáttmála um menningarferðamennsku sem snýr að menningararfi og ferðamennsku og okkur þykir brýnt að kynna hann. Við gerum ráð fyrir að kynna hann og efna til umræðu um verndun menningarminja og menningararfs,“ segir Guðný Gerður Gunnarsdóttir formaður Íslandsdeildar ICOMOS, en hún er meðal þeirra sem koma fram á málþingi í Þjóðminjasafni Íslands í dag sem snýr að menningarferðamennsku.

ICOMOS eru alþjóðleg frjáls félagsamtök sem vinna að verndun og viðhaldi menningarminja og umhverfis þeirra og eru samtökin hluti af Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (e.UNESCO) og heimsminjanefnd UNESCO til ráðgjafar um verndun menningarminja. Titill sáttmálans sem fjallað er um á morgun er að styrkja



Það þarf að vera kjarninn í stefnumótun menningarferðamennsku, að vernda menningarminjar.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, formaður Íslandsdeildar ICOMOS

verndun menningararfs og þol samfélaga með ábyrgri og sjálfbærri stjórnun ferðamála.

Gríðarleg aukning hefur átt sér stað í fjölda þeirra ferðamanna sem koma til landsins síðastliðið ár og er von á að það eigi eftir að aukast á næstu árum. Því er mikilvægt að huga að ýmsum innviðum þegar kemur að helstu menningarkennileitum Íslands.

„Það eru nokkur meginatriði sem við erum að huga að. Að það þurfi að stuðla að sjálfbærri nýtingu, þannig að menningarferðamennska stuðli að verndun menningararfs. Það þarf að vera kjarninn í stefnumótun menningarferðamennsku, að vernda menningarminjar,“ segir Guðný og heldur áfram:

„Það er verið að höfða til þess að ábyrgðin á því að menningarminjar skemmist ekki liggur meðal annars í höndum stjórnvalda og ferðabjónustunnar, en líka hjá almenningi og gestum. Það þarf að vera skilningur á því.“

Eins og fjallað var um í Fréttablaðinu í gær eru Færeyingar undrandi yfir afstöðu Íslendinga að vilja sífellt fjölga ferðamönnum.

„Það er líka fjallað um fjöldaferðamennsku (e. over tourism) sem hefur aukist. Ferðamönnum hefur fjölgað úti um allan heim, og þessi ofgnótt ferðamanna gæti leitt til þess að menningarminjar spillist. Það hefur verið rætt hvort nauðsynlegt sé að taka upp stýringu eða takmörkun á aðgengi í því samhengi,“ segir Guðný.

„Það koma upp spurningar um þölmörk á áfangastöðum ferðamanna og hvort að það þurfi að takmarka eitthvað aðgengi.“ ■

ÞETTA GERÐIST

29. MARS 1984

Flúði með íþróttafélag í skjóli nætur

Á þessum degi árið 1984 greip Robert Irsay, eigandi Baltimore Colts í NFL-deildinni í amerískum ruðningi, til þess örprifaráðs að flytja félagið að morgni til yfir til Indianapolis eftir að viðræður við borgaryfirvöld í Baltimore sigldu í strand. Að nóttu til bókaði Irsay fimmtán flutningabíla sem mættu snemma morguns og lestuðu allt það sem hægt var að taka með sér. Átta tímum síðar var félagið í heild sinni, með öllum búnaði, horfið á braut.

Irsay hafði átt í deilum við borgaryfirvöld í Baltimore um nýjan leikvang og æfingarsvæði og var búinn að fá vilyrði um að það stæði til boða í Indianapolis. Yfirvöld í Baltimore voru bún á



boða atkvæðagreiðslu um þvingaða yfirtöku á félaginu þann 29. mars til að koma í veg fyrir áform Irsay en þegar niðurstöður atkvæðagreiðslunnar komu í ljós var ekkert eftir til að bjarga. Búið var að ferma allt sem tengdist félaginu í flutningabíla sem keyrðu mismunandi leiðir yfir til Indianapolis til að komast hjá því að lögreglunni í Baltimore tækist að tefta þá.

Með því tókst Irsay ætlunarverk sitt og hefur Colts keppt undir merkjum Indianapolis frá 1984. Tveimur árum síðar tókst málsaðilum að ná sáttum og árið 1995 var samþykkt að þáverandi Cleveland Browns myndi flytjast til Baltimore og taka upp nafnið Baltimore Ravens sem er enn til í dag. ■



Útför föður okkar, tengdafaður, afa, bróður, mágs og móðurbróður,
Ólafur E. Thóroddsen
hæstaréttarlögmanns,

sem lést 9. mars á Hjúkrunarheimilinu Grund, fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 3. apríl kl. 13.00.

Þeir sem vilja minnast hans eru beðnir um að láta Mænskadastofnun Íslands, kt. 411007-1030, reikningsnúmer 0311-26-81030, njóta þess.

Hrafnhildur Guðfinna Thoroddsen
Ólöf Jónína Thoroddsen
Auður Stefania Þórsdóttir
Ásta St. Thoroddsen
Einar Gunnar Thoroddsen, Sverrir Bollason,
Atli Bollason, Brynhildur Bolladóttir
Kristinn Már Pálmason
Einar Örn Þórssón
Bolli Héðinsson



Ástkær móðir mín,
tengdamóðir og amma,
Eygló Óskarsdóttir
Framnesvegi 20-22,
Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sunnudaginn 26. mars. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 31. mars klukkan 12.

Styrmir Magnússon
Ólöf Birna Björnsdóttir
María Sigrún
Kristófer Bjarnar
Eva Katrín

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Of mikil saltneysla er ekki góð fyrir heilsuna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Drögum úr saltneyslunni

gummih@frettabladid.is

Íslendingar neyta meira salts en mælt er með, en margir vita ekki af því. Mest af saltinu er dulið í tilbúnum matvörum. Það er mikill ávinningur heilsufarslega af að minnka saltneyslu því þannig má draga úr hækkun blóðþrýstings en háþrýstingur er einn af áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma.

Áhrif þess að draga úr saltneyslu eru mest hjá þeim sem eru með ofan háan blóðþrýsting og hjá þeim sem eru yfir kjörþyngd en einnig má vinna gegn þeirri blóðþrýstingshækkun sem yfirleitt fylgir hækkandi aldri.

Skóða saltið í matvörum

Samkvæmt ráðleggingum um mataræði er mælt með að fullorðnir neyti ekki meira en sem nemur sex grömmum af salti á dag og fyrir börn 2–9 ára ætti saltneysla að vera takmörkuð við 3–4 grömm á dag. Stærstur hluti salts í fæðu, eða um þrjú fjórðu, kemur úr tilbúnum matvælum, svo sem unnum kjötvörum, brauði, ostum, pakkasúpum, sósum, tilbúnum réttum og skyndibitum.

Ráðlagt er að lesa utan á umbúðir matvæla og velja sem oftast saltminni kostinn. Embætti landlæknis hvetur neytendur til að skoða saltið í matvörum og finna leiðir til að minnka saltneysluna. Framleiðendur eru einnig hvattir til að minnka smátt og smátt saltinnihald í matvörum sínum. ■



Guðmundur Kári Þorgrímsson hefur í nógu að snúast. Hann passar að skipuleggja sig vel til að komast yfir verkefni dagsins og gefur sér alltaf tíma fyrir æfingar.

MYNDIR/ÁSENDAR

Æfði fimleika í fjósinu og á túnunum í sveitinni heima

Guðmundur Kári Þorgrímsson ólst upp í sveit rétt hjá Búðardal þar sem ekki var mikið úrval af íþróttum til að æfa. Hann komst samt í landsliðið í fimleikum og á verðlaunapall á EM. Nú er hann fluttur aftur í sveitina, starfar við kennslu og þjálfar börn í fimleikum. **2**

Alla daga
gegn kulda og sól



Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is



Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun
@frettabladid.is

Guðmundur Kári segir að þegar hann var í grunnskóla hafi fótbolli oftast verið eina íþróttin sem stóð til boða að æfa þó stundum væru aðrar íþróttir í boði tímabundið. Hann lét það þó ekki stoppa sig og þegar hann var í 7. bekk keyrði mamma hans hann einu sinni í viku á fimleikaæfingar á Akranesi.

„Þegar ég var í 8. bekk fékk ég svo að búa á Akranesi og fékk að æfa þar. En svo flutti ég aftur í Búðardal í 9. og 10. bekk, þá gat ég ekkert æft. Ég byrjaði ekki aftur fyrr en í framhaldsskóla og ég vil meina að þá hafi ég í alvörunni byrjað að æfa fimleika,“ segir Guðmundur.

Þrátt fyrir að hafa byrjað þetta seint komst hann inn í karla-landslíðið í hópfimleikum og keppti á tveimur Evrópumótum fyrir Íslands hönd, í Slóveníu árið 2016 og Portúgal árið 2018, í bæði skiptin komst íslenska liðið á verðlaunapall og strákarnir fóru heim með brons.

Spurður að því hvort það teljist ekki góður árangur að komast í landslið þrátt fyrir að hafa byrjað svona seint svarar hann: „Jú, örugglega. Ég var bara alltaf að æfa sjálfur. Ég átti trampólín og á veturna setti ég það inn í fjós. Ég var endalaust að hoppa og skoppa á trampólíninu bæði á sumrin og veturna og ég notaði líka túnin heima til að æfa mig.“

Tímastjórnun aðalatriðið

Núna er Guðmundur Kári aftur fluttur í sveitina og starfar sem umsjónarkennari á efsta stigi í Auðarskóla í Búðardal. Auk þess lærir hann sálfræði í Háskólanum á Akureyri í fjarnámi, vinnur á markaðsstofu og starfar sem umönnunaraðili á hjúkrunarheimili. En það er ekki allt, hann æfir líka langhlaup og hefur keppt í nokkrum últra-hlaupum, gerir reglulega styrktaræfingar, hjólar gjarnan fram og til baka í vinnuna

77 Ef maður hugsar að það sé erfitt, þá er það erfitt. En ef maður hefur nóg sjálfstraust, elju og aga, þá er þetta ekkert mál.

16 kílómetra hvora leið og þjálfar börnin í Búðardal í fimleikum. Það er því ljóst að Guðmundur heldur mörgum boltum á lofti og því ekki úr vegi að spyrja hann hvernig hann fari að þessu öllu saman. „Ég reyni að haga tíma mínum þannig að ég nái alltaf að taka æfingu. Eins og til dæmis í morgun þá hjólaði ég í vinnuna. Það eru 16 kílómetrar og tók 40 mínútur. Það er geggjað að ná að tikka inn 40 mínútum núna og svo 40 mínútum á eftir, þá er ég kominn með 80 mínútna úthaldsæfingu. Ég skipulegg mig mjög vel svo æfingarnar taki ekki of langan tíma og ég passa alltaf að vera búinn að borða þegar ég klára vinnuna. Tímastjórnun er aðalatriðið,“ segir þessi ungi athafnasami maður og segir alls ekkert erfitt að samræma alla þessa vinnu við háskólanámið.

„Ef maður hugsar að það sé erfitt þá er það erfitt. En ef maður hefur nóg sjálfstraust, elju og aga, þá er þetta ekkert mál. Án þess væri þetta ekki hægt. Það þýðir ekkert bara að setjast upp í sófa og horfa á þætti,“ segir hann og svarar því játandi að hann hafi lært aga þegar hann æfði fimleika.

„Að æfa afreksíþróttir með skóla og vinnu, það er bara þetta, að læra að haga tíma sínum vel. Maður lærir mjög mikið á því. Það er náttúrulega mikil skuldbinding að vera afreksmaður í íþrótt, þú beilar ekkert á æfingu þó það vanti upp á lærdóm.“

Góð æfingaaðstaða skiptir öllu

Guðmundur segir að aðstaðan til æfinga í Búðardal sé því miður ekki sú besta.

„Við erum með líkamsrækt en hún er í raun bara rekin af gömlu íþróttafélagi sem er sjálfbodastarf í sveitinni. Það er ungmennafélagið Ólafur Pá sem heldur uppi ræktinni en fimleikarnir þar sem ég þjálfva eru hjá íþróttafélaginu Undra.“

Hann er ánægður með að geta núna búið krökkunum í Búðardal upp á að æfa fimleika, en hann þjálfar um það bil 30 börn.

„Það er mjög gaman. Við erum líka búin að kaupa smá búnað, það er komin loftdýna og trampólín svo það er hægt að gera meira en bara kollhnís,“ segir hann og bætir við að honum finnst mjög mikilvægt að hafa íþróttþjálfun í boði á fámennum stöðum.

„Það er mikilvægt að fá þau til að taka þátt í skipulagðri íþrótt- og tómsundastarfsemi og líka að hafa val um fleiri íþróttir en til dæmis bara fótbolta.“

Guðmundur finnst það algjört lykiltríði þegar kemur að því fyrir hann að velja sér framtíðarþættu að góð aðstaða sé á svæðinu til æfinga.

„Það skiptir mig mjög miklu

máli. Mér finnst númer eitt, tvö og þrjú að hafa sundlaug og íþróttahús. Það er ekki sundlaug í Búðardal, það þarf að keyra að Laugum sem er um 20 mínútna akstur, og það er ekkert íþróttahús heldur. En það er í bígerð að fá bæði íþróttahús og sundlaug. Ég held að það eigi að hefja framkvæmdir núna í sumar,“ segir hann og bætir við að vonandi verði það aðdráttarafl fyrir ungt fólk til að koma í bæjarfélagið. Sjálfur segir hann að ef hann fær starf við hæfi, íþróttahús og sundlaug, þá sé hann mjög sáttur í Búðardal.

Manneskjan heillar

Guðmundur er núna að vinna að lokaverkefni sínu í sálfræðináminu við HA en hann hefur áhuga á að læra eitthvað meira tengt því.

„Það sem heillar mig mest við sálfræðina er bara manneskjan. Kannski helst að skoða af hverju sumir ná árangri og aðrir ekki, hvað er það sem þarf? Af hverju er fólk svona misjafnt? Mig langar í áframhaldandi nám í sálfræði, en svo væri ég líka alveg til í að vera kennari. Mér finnst mjög gaman að kenna krökkunum og þó ég sé bara í grunnnámi þá finnst mér það nýtast mér mikið í kennslunni hér,“ segir hann og bætir við að auk íþróttahugans sé hann líka mjög akademískt þenkjandi.

„Ég er rosa hrifinn af bókmenntum og tungumálum. Það eru áhugamálin, fyrir utan íþróttirnar,“ segir hann. En til að huga að andlegri heilsu stundar Guðmundur leidda hugleiðslu.

„Mér finnst það hjálpa mér að kjarna mig, að minna mig á gildin mín og stefnuna sem ég vel að taka í lífinu. Það hjálpar mér við ákvarðanatöku í daglegu lífi. Hvort ég ætla að velja mér súkkulaði eða ávöxtinn eða hvort ég ætli að setjast í sófann eða skrifa ritgerðina mína.“ ■

Guðmundur hjólar stundum í vinnuna, 16 kílómetra hvora leið og nær þannig 80 mínútna úthaldsæfingu.

Sjálfbærni í rekstri

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 29. mars 2023



Guðlaugur Þór segir að mikilvægt sé að hafa í huga að þær aðgerðir og umbreytingar sem nauðsynlegar eru til að sporna við loftslagsbreytingum muni hafa áhrif á samfélagið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stöðug vegferð í átt að sjálfbærari rekstri

Guðlaugur Þór Þórðarson, ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála, segir að nauðsynlegt sé fyrir þjóðina að breyta hegðun og neyslumynstri með hugmyndafræði hringrásarhagkerfis að leiðarljósi. Þar hafa framleiðendur jafnframt mjög mikilvægu hlutverki að gegna. [2](#)



Elin
Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is

Guðlaugur var spurður að því hvernig hann myndi helst flokka og skilgreina sjálfbæran rekstur fyrirtækja. „Sjálfbær rekstur er í grunninn skilgreindur þannig að fyrirtæki starfi á þann hátt að reksturinn hafi jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag þess,“ svarar hann og bætir við: „Nú til dags er það svo að mörg fyrirtæki hafa mælt þessi áhrif sín og hafa sett sér markmið um ákveðnar aðgerðir til að bæta enn stöðu sína í þessum málum, enda er hér um stöðuga vegferð að ræða í átt að sjálfbærari rekstri.“

Fyrirtæki sem setja sér sjálfbærnistefnu eða -viðmið áskilja sér að beita agaðri nálgun á margvísleg atriði, sem mörg koma að umhverfismálum en einnig er hugað að félagslegum þáttum sem og stjórnarháttum. Í raun má halda því fram að sjálfbærni sé í eðli sínu mikilvægt áhættustýringartæki í rekstri fyrirtækja, þar sem ljósinu er varpað á hver raunveruleg staða fyrirtækisins er hvað varðar þessi atriði og möguleikar til úrbóta eru kannaðir, sem getur komið í veg fyrir að fyrirtæki skapi sér óþarfa áhættu í þessum mikilvægu málaflökkum. Þá er vaxandi þrýstingur á meðal fjárfesta að fyrirtæki gefi upp hver staða þeirra er varðandi sjálfbærni og þau hugi markvisst að þessum málum,“ útskýrir hann.

Aukin umhverfisvitund

Guðlaugur segir enn fremur að við Íslendingar þekkjum það af biturri reynslu að við verðum að hafa sjálfbærni að leiðarljósi. „Þar er ég t.d. að vísa í sjávarútveg fyrir áratugum síðan. Þekking íslenskra fyrirtækja á sjálfbærum rekstri hefur aukist mikið undanfarin ár og með aukinni kröfu markaða og löggjafa má telja víst að æ fleiri fyrirtæki setji sér markvissa stefnu í þessum málum.“

Íslensk fyrirtæki hafa í auknum mæli hugað að sjálfbærni og umhverfisvitund. Guðlaugur segir það ljóst að ekki sé mögulegt að leysa stærstu umhverfisáskoranir samtímans, sem eru loftslagsbreytingar, hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og ofnýting auðlinda jarðar, án þess að takast á við ofneyslu og sóun auðlinda. „Nauðsynlegt er að breyta hegðun okkar og neyslumynstri með hugmyndafræði hringrásarhagkerfis að leiðarljósi. Þar hafa framleiðendur jafnframt mjög mikilvægu hlutverki að gegna og oft er talað um að allt að 80% af umhverfisáhrifum vöru séu ákveðin á hönnunarstigi hennar,“ segir hann.

Viðhorf og vitund aðalatriðið

Ísland, líkt og önnur Vesturlönd, er neyslusamfélag. Guðlaugur var spurður hverjar helstu áskoranir væru til að draga úr neyslunni. „Virkt hringrásarhagkerfi er einn lykilþáttur til að okkur takist að draga úr úrgangi. Við getum byrjað á auðveldum verkefnum eins og að nýta betur orku og matvæli, venja okkur af því sem er óþarfi, flokka allan úrgang og hætta notkun á einnota hlutum. Til að leysa flóknari verkefni þarf að virkja hugvitid, beita nýsköpun og nýta tæknina, en viðhorf okkar og vitund er kannski aðalatriðið,“ svarar hann.

Guðlaugur segir að meðvitund um umhverfismál hafi stóruáhrif á undanförunum árum og það sé afar jákvætt. „Því fylgja athafnir í þágu náttúru og umhverfis, til dæmis sjálfbær nýting endurnýjanlegrar orku, aukin flokkun úrgangs, aukin endurnýting, vernd náttúruperla o.s.frv. Við getum alltaf gert betur og eigum alltaf að setja markið á að bæta okkur,“ segir Guðlaugur og bendir á að Ísland sé framarlega í nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. „Þrátt fyrir það



Við eigum að nýta okkur möguleika hringrásarhagkerfisins mun betur og ég hef skipað sérstakan hóp sem hefur það hlutverk að stuðla að því, segir Guðlaugur Þór meðal annars í viðtalinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

er samfélagið enn að miklu leyti háð jarðefnaeldsneyti, sérstaklega þegar kemur að vegasamgöngum. Hið sama gildir um suma af okkar stærstu atvinnuvegum, svo sem sjávarútveg og ferðaþjónustu. Auk þess má rekja stóran hluta losunar gróðurhúsalofttegunda á Íslandi til stóriðju og til landnotkunar.

Seinustu vikur og mánuði hef ég upplifað frumkvæði leiðtoga í íslensku atvinnulífi varðandi loftslagsmál, kolefnishlutleysi og þau tækifæri sem leynast í þeim stóru áskorunum sem fylgja vegferðinni inn í jarðefnaeldsneytislauð samfélag. Við höfum unnið með atvinnulífinu að gerð Loftslagsvegvisa atvinnulífsins og ég bind vonir við að niðurstaða þess verkefnis gefi okkur tæki og tól til að ná betri árangri, saman. Enda náum við ekki árangri nema atvinnulífið vinni með okkur. Allir þurfa að leggja sitt af mörkum. Það er eina leiðin til að ná árangri.“

Gríðarleg tækifæri

Þegar Guðlaugur eru spurður hvort sjálfbærni gæti ekki skapað tækifæri fyrir fyrirtæki þegar horft er til framtíðar, svarar hann: „Allar rannsóknir sýna að það eru fyrst og fremst tækifæri til vaxtar og aukinnar samkeppnishæfni sem fylgja sjálfbærni í rekstri. Nýleg athugun leiddi í ljós að hagkerfið á Íslandi er einungis um 8,5% hringrænt. Það er svipað hlutfall og í heiminum öllum en Evrópa í heild stendur örlítið framur. Þetta þýðir að um og yfir 90% af hagkerfinu er hefðbundið línulegt hagkerfi.“

Í þessari stöðu sé ég gríðarleg tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki til að vera í fararbroddi við innleiðingu hringrásarhagkerfis og loftslagsvænna lausna, að nýta hugvit og skapa þannig aukin verðmæti og ný störf, auk þess að bæta ímynd sína. Orkufyrirtækin leggja áherslu á umhverfisvitund og sjálfbærni eins og sjá má á stefnumótun þeirra. Þau starfa eftir loftslags-, umhverfis- og auðlindastefnum þar sem unnið er eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar,“ segir Guðlaugur.

„Ég trúi því að á Íslandi sé mikill skilningur á því að nauðsynlegt sé að ákvarðanir byggja á gildum sjálfbærni og að við ætlum að takast á við loftslagsvána af fullum krafti.“

Guðlaugur Þór

Viljum vera fyrirmynd

Það var ekki úr vegi að spyrja umhverfisráðherra hvort jafnrétti sé hluti af sjálfbærni. „Kjarni sjálfbærni er að allir jarðarbúar geti mætt sínum þörfum án þess að ganga svo nærri auðlindum lífríkisins að komandi kynslóðir geti ekki mætt þörfum sínum. Um helmingur mannkyns eru konur en auk þess er mikilvægt að horfa til ólíkra hópa innan samfélagsins. Í samhengi sjálfbærni er því augljóst að jafnrétti er grundvallaratriði og ekki sist þegar kemur að því að nýta styrkleika og hugvit fólks af öllum kynjum, aldri, stöðu, uppruna og efnahag,“ segir Guðlaugur og bendir á að öll fyrirtæki þurfi að setja sér markmið um sjálfbærni. „Það er ekki framtíðin, það er nútíðin.“

Sameinuðu þjóðirnar hafa sett markmið um að sjálfbærni og skilvirki nýtingu náttúruauðlinda verði náð árið 2030. Guðlaugur segir að við eigum nokkuð í land með að ná þeim markmiðum en bendir á að við stöndum okkur vel á ýmsum sviðum eins og varðandi nýtingu auðlinda hafsins. „Við eigum að nýta okkur möguleika hringrásarhagkerfisins mun betur og ég hef skipað sérstakan hóp sem hefur það hlutverk að stuðla að því,“ segir hann og nefnir sem dæmi að það sé stefna ríkisins að

vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum og sjálfbærni.

Loftslagsmiðað samfélag

„Samkvæmt gildandi lögum eiga Stjórnarráðið, stofnanir ríkisins og fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins, ásamt sveitarfélögum, að setja sér loftslagsstefnu. Árið 2019 var Loftslagsstefna Stjórnarráðsins samþykkt af ríkisstjórn og felur hún m.a. í sér að öll ráðuneyti og allar ríkisstofnanir taki þátt í svokölluðum Grænum skrefum í ríkisrekstri og uppfylli öll fimm skrefin sem verkefnið býður upp á. Verkefnið snýr að því að auka sjálfbærni og efla umhverfisstarf. Í dag taka 174 ráðuneyti og ríkisstofnanir þátt í verkefningu, á 548 starfsstöðvum sínum vítt og breitt um landið,“ segir hann.

Loks er Guðlaugur spurður um hans sýn á framtíðina þegar horft sé til aukinnar vitundar um sjálfbærni og loftslagsvá. „Ég trúi því að á Íslandi sé mikill skilningur á því að nauðsynlegt sé að ákvarðanir byggja á gildum sjálfbærni og að við ætlum að takast á við loftslagsvána af fullum krafti. Mikilvægt er að hafa í huga að þær aðgerðir og umbreytingar sem nauðsynlegar eru til að sporna við loftslagsbreytingum munu hafa áhrif á samfélagið. Huga þarf að breytingum á störfum sem aðgerðir geta haft áhrif á og hvaða hópa samfélagsins getur þurft að koma sérstaklega til móts við vegna slíkra breytinga.“

Við þurfum að byggja upp samfélag og atvinnulíf sem er loftslagsmiðað en líka loftslagsþolið. Það er ærindi verkefni að hafa yfirsýn yfir það hvernig áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi kalla á viðbúnað og endurskipulag kerfa svo við getum varist neikvæðum áhrifum og nýtt okkur þau jákvæðu. Ísland er líka hluti af heiminum og þeirri heildrænu, alþjóðlegu áhættu sem loftslagsváin felur í sér. Ýmsar afleiðingar eins og hamfaraatburðir og uppskerubrestur úti í hinum stóra heimi geta haft keðjuverkandi áhrif á hagsæld á Íslandi, sérstaklega ef við erum ekki meðvituð um hvar við búum að viðkvæmum birgðakeðjum.“ ■

Sjálfskoðun í átt að sjálfbærni

Gróa Björg hjá Terra umhverfisþjónustu segir að gagnsæi og upplýsingagjöf fyrirtækisins um farveg úrgangs stuðli að bættari endurnýtingu og heilbrigðara hringrásarhagkerfi.

Terra umhverfisþjónusta veitir viðtæka þjónustu við söfnun úrgangs, flokkun og að koma efnun í réttan farveg. „Við hjálpum fyrirtækjum og sveitarfélögum að ná árangri í umhverfissvænni úrgangsstjórnun til að koma sem mestu aftur inn í hringrásarhagkerfið,“ segir Gróa Björg Baldvinsdóttir, framkvæmdastjóri sjálfbærrar menningar og stjórnarhátta hjá Terra.

Sjálfskoðun, ábyrgð og traust Síðustu ár hafa ýmsar breytingar orðið á rekstri Terra umhverfisþjónustu. „Á síðasta ári var kominn tími til að líta á spegil, meta stöðuna og setja markmið fyrir framtíðina. Við förum í allsherjar sjálfskoðun og mótuðum stefnu til að skerpa á framtíðarsýn okkar. Samhlíða tókum við stöðuna á sjálfbærnimálum enda er mikilvægt að innleiðing sjálfbærni sé samofin kjarnarekstri fyrirtækja, ætli þau að þrífast og mæta kröfum nútíðar og þörfum framtíðar.

Við förum meðal annars í mikilvægisgreiningu, sem ég hvet önnur fyrirtæki eindregið til að gera. Hún snerist um að greina hvað við ættum að leggja áherslu á í okkar rekstri þegar kemur að umhverfisþáttum, félagslegum- og stjórnarháttum. Við förum í þessa

vinnu með ráðgjöfum, áttum nokkrar vinnustofur með starfsfólki og sendum út spurningalista til viðskiptavina okkar, starfsfólks, birgja, samstarfsaðila og hluthafa. Einnig gat almenningur tekið þátt.

Niðurstöðurnar hjálpuðu okkur að forgangsraða áherslum okkar og markmiðum í sjálfbærni út frá rekstrinum. Það er margt til fyrirmyndar en við höfum líka rekið okkur á hluti í rekstrinum sem mættu vera í betri farvegi. Þá er lag að skoða þau mál, taka ábyrgð, forgangsraða og gera betur.“

Gagnsæi eykur traust

„Fólk vill vita hvar efnin enda sem verið er að flokka, og hluti af okkar markmiðum tengdum sjálfbærni er að auka gagnsæi í því. Það felst meðal annars í útgáfu á sjálfbærni-skýrslu og aukinni upplýsingagjöf um rekstur Terra á vefsíðu okkar. Þannig viljum við meðal annars auka tiltrú og traust almennings á okkur og þessum atvinnugeira.

Við fáum oft spurningar um hvar þetta endar allt, sem við flokkum dag hvern. Þessar spurningar eru skiljanlegar enda hafa komið upp mál þar sem plast endaði til dæmis ekki á réttum stað. Þannig tilfelli hafa áhrif á tiltrú fólks á því að úrgangurinn fái rétta meðhöndlun. Við hjá Terra umhverfisþjónustu tókum þetta alvarlega og viljum gera betur. Rétt flokkun skiptir gríðarlegu máli og getur haft mikil áhrif á endurvinnslustuðul úrgangs. Efnin sem ekki er flokkað rétt getur smitað út frá sér og jafnvel skemmt efni sem



Gróa Björg segir Terra Umhverfisþjónusta hafa farið í allsherjar sjálfskoðun á síðasta ári til að skerpa á framtíðarsýn fyrirtækisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

hefði annars mátt endurvinnna. Röng flokkun getur einnig kostað starfsfólk okkar mikinn tíma í að hreinsa efnin frá svo hægt sé að senda efnið í endurvinnslu.

Ef samfélagið treystir því að efnin fari í réttan farveg, umhverfinu og loftslagsmálum til góða, stuðlar það vonandi að réttri flokkun. Þannig ættum við saman að ná enn meiri árangri í úrgangsmálum og í kjölfarið auka verulega endurnýtingu og endurvinnslu-hlutfall þess úrgangs sem fer í gegn hjá okkur.

Til þess að stuðla að auknu gagnsæi og trausti almennings höfum við birt yfirlit á vefsíðu okkar terra.is/is/urgangsmedhondlun, þar sem sjá má hvernig úrgangsefni flæða í gegn hjá okkur. Þar sést hvað er endurunnið, hver aukaafurðin er, hvað er endurnýtt, urðað og annað slíkt,“ segir Gróa.

Stuðlum að sjálfbærni

Markmið nýliðinnar stefnumótun-

ar Terra, Stuðlum að sjálfbærni, er að stuðla að sjálfbærni samfélagsins og styðja viðskiptavinum við að ná því markmiði. „Sjálfbærni verður að vera samofin viðskiptamódeli hvers fyrirtækis svo að félag sé rekið með langtíma stefnu og sjálfbærni í huga. Það þýðir ekki lengur að horfa eingöngu í krónur og aura, því umhverfis-, félagslegu og stjórnarhættirnir eru hluti af jöfnunni.

Við hjá Terra höfum metnað fyrir því að skilja ekkert eftir. Þar spilar hringrásarhugsunin lykilhlutverk í virðisdekkjunni. Krafan eykst sífellt um að fyrirtæki upplýsi um sjálfbærnimál sín og við innleiðingu á sjálfbærni þarf meðal annars að huga að úrgangsmálum. Hluti af nýrri sýn okkar er aukin sjálfvirkni og að veita viðskiptavinum enn betri upplýsingar um sín úrgangsmál og styðja þannig við sjálfbærniþróun þeirra. Viðskiptavinir Terra geta fylgst þar með magni úrgangs, flokk-

unarhlutfalli sínu og fleiru inni á „mínun síðum“. Þannig viljum við mæta þörfum viðskiptavina.“

Stórar breytingar fram undan

Um síðustu áramót tóku gildi ný lög um stjórnun úrgangsmála. „Markmiðið er að draga úr myndun úrgangs og stuðla að myndun hringrásarhagkerfis. Eitt af lykilatriðum þess er að hugsa um úrganginn okkar sem hráefni sem megi endurvinnna aftur og aftur. Við breytingarnar mun sama flokkunarkerfi gilda um allt land. Þá verður skylt að flokka úrgang við heimili í fjóra flokka og við fyrirtæki í sjö.

Með samræmdri merkingu og aukinni fræðslu, vonumst við til að fá mun hreinni strauma af efnunum til okkar, sem mun bæta möguleika á að koma efnunum aftur inn í hringrásina. Við hvetjum öll til þess að kynna sér þessar breytingar og auðvitað að flokka rétt,“ segir Gróa að lokum. ■

Kaup og meðhöndlun upprunaábyrgða á raforku

Í sinni einföldustu mynd þá gefa upprunaábyrgðir raforku okkur staðfestingu á hvar og með hvaða hætti ein megavattstund (MWh) af endurnýjanlegri raforku er unnin.

„Hugsa má afurð endurnýjanlegra orkugjafa sem tvær aðskildar vörur. Annars vegar er það sú raforka sem framleidd er og hins vegar þær upprunaábyrgðir sem verða til við framleiðsluna. Með kaupum á upprunaábyrgðum fá raforkunotendur staðfestingu á því að það rafmagn sem þeir nota er framleitt með 100% endurnýjanlegum orkugjöfum,“ segir Halla Marinósdóttir, öryggis-, umhverfis- og gæðastjóri hjá Orkusöluinni.

Staða Íslands

Ísland nýtur þeirra forréttinda að búa yfir auðlindum endurnýjanlegra orkugjafa. „Bæði vatnsafl og jarðvarmi gefa okkur kost á að framleiða raforku með endurnýjanlegum hætti og þar með halda losun vinnslunnar í lágmarki í samanburði við ýmsar algengar aðferðir við framleiðslu raforku víðast hvar erlendis. Það sem eykur okkar sérstöðu enn frekar er staðsetning Íslands í miðju Atlantshafinu sem veldur því að við erum í loknu kerfi þar sem öll framleiðslan nýtist innanlands. Í þessu samhengi er skiljanlegt að notendur telji og vilji segja að þeirra raforkunotkun sé 100% endurnýjanleg.

Ísland er samkvæmt lögum hluti af evrópska orkumarkaðnum og fylgja því ákveðnar skyldur,“ segir Halla.



Halla Marinósdóttir, öryggis-, umhverfis- og gæðastjóri hjá Orkusöluinni, telur mikilvægt að fyrirtæki og einstaklingar taki upplýsta ákvörðun um að fjárfesta í upprunaábyrgðum raforku.

Þróun kerfisins

„Reglum var komið á með innleiðingu laga nr. 30/2008 og hafa sum íslensk orkufyrirtæki stundað viðskipti með slíkar ábyrgðir síðan 2011. Þátttaka Íslands í kerfinu veitir íslenskum orkufyrirtækjum kost á að afskrá upprunaábyrgðirnar í tengslum við þá orku sem afhent er notendum hér á landi eða selja upprunaábyrgðirnar til kaupenda á evrópska efnahagssvæðinu. Samsetning raforku eftir uppruna hér á Íslandi breyttist í kjölfar þátttöku Íslands í kerfinu og hefur hlutfall endurnýjanlegrar raforku farið úr 89% niður í 13% á árunum 2011-2021.

Árið 2016 tók Landsvirkjun þá ákvörðun að láta upprunaábyrgðir fylgja með heildsölu raforku á smásölumarkaði og skilaði það sér til viðskiptavina í formi upprunaábyrgða. Fyrirkomulag upprunaábyrgða breyttist í byrjun árs 2023 þegar Landsvirkjun ákvað að afhenda ekki upprunaábyrgðir með sinni heildsölu, heldur selja á markaði. Rekja má þessar breytingar meðal annars til aukinnar eftirspurnar og hækkingar verðs á erlendum mörkuðum,“ segir hún.

Orkusalan

Að sögn Höllu hefur Orkusalan hingað til ekki selt upprunaábyrgð-

77 Það er hlutverk Orkusöluinnar að tryggja viðskiptavinum sínum áfram kost á því að kaupa 100% endurnýjanlega orku sem er staðfest með upprunaábyrgðum.

Halla Marinósdóttir

ir úr landi heldur einungis afskráð þær ábyrgðir sem verða til við eigin framleiðslu og kaup á heildsölumarkaði til viðskiptavina hér á landi. „Grænt ljós Orkusöluinnar hefur veitt viðskiptavinum Orkusöluinnar slíka staðfestingu. Það er hlutverk Orkusöluinnar að tryggja viðskiptavinum sínum kost á því að kaupa 100% endurnýjanlega orku.“

Áhrifnotenda

Það velta því eflaust margir fyrir sér hvort kaupa skuli upprunaábyrgðir eða ekki. „Til þess að auðvelda ákvarðanatöku er gott að hafa eftirfarandi tvö atriði í huga. Annars vegar miðun upplýsinga í markaðslegum tilgangi og hins vegar áhrif upprunaábyrgða á losunarbókhalda fyrirtækja.

Notendur sem kaupa upprunaábyrgðir eiga kost á og mega markaðssetja sig sem notendur endurnýjanlegrar orku. Fyrirtæki sem markaðssetur sínar vörur á þessum forsendum getur oft og tíðum fengið þann kostnað sem fylgir kaupum á ábyrgðum til baka í hærra verði á þeim vörum sem það framleiðir. Á sama tíma er mikilvægt að þeir aðilar sem taka með-

vitada ákvörðun um að kaupa ekki upprunaábyrgðir geri ekki slíkt hið sama.

Varðandi losunarbókhalda fyrirtækja er mikill munur á losunarstuðli raforku eftir því hvort upprunaábyrgðir fylgja eða ekki. Í upplýsingagjöf fyrirtækja er yfirlétt talað um tvenns konar losun. Annars vegar um losun miðað við staðsetningu og hins vegar losun miðað við markað. Þegar gefin er upp losun miðað við staðsetningu hafa kaup upprunaábyrgða engin áhrif. Eftirfarandi losunarstuðul má nálgast hjá Umhverfisstofnun Íslands (UST) sem gefur árlega út meðalstuðul fyrir raforkuframleiðslu hér á landi.

Ef við lítum hins vegar á losun miðað við markað þá þurfa notendur að gera sér grein fyrir því hvað í henni felst. Þeir aðilar sem kaupa ábyrgðir hafa tók á því að nota losunarstuðulinn frá UST eða ef þeirra raforkusala hefur reiknað sinn eigin losunarstuðul geta þeir notað hann.

Aðrir sem kjósa að kaupa ekki ábyrgðir eiga að nota losunarstuðul sem Orkusöluinnar gefur út en hann byggist á uppruna raforku eftir orkugjöfum m.t.t. upprunaábyrgðakerfisins.

Sá stuðull er mun hærri og var 427 gCO₂/kwh árið 2021 samanborið við 10,3 gCO₂/kwh frá UST. Því eru þau sem kaupa ekki upprunaábyrgðir með hærri losunartölur í sínu kolefnislosunarbókhalda en fyrirtæki sem það gera.

Við hvetjum viðskiptavinum Orkusöluinnar og aðra raforkukaupendur til að kynna sér upprunaábyrgðakerfið og taka í kjölfarið upplýsta ákvörðun um þátttöku sína,“ segir Halla að lokum. ■



Anton Birkir Sigfússon, framkvæmdastjóri vaxtar og sjálfbærni hjá Klöppum.

MYNDIR /
AÐSENDAR

Klappir drífa samfélagið í átt að sjálfbærni

Undanfarnir áratug hefur hugbúnaðar fyrirtækið Klappir grænar lausnir hf. þróað lausnir sem styðja sjálfbærni vegferð fyrirtækja og samfélagsins í heild.

Margt hefur breyst frá stofnun félagsins hvað varðar sjálfbærni, aukin áhersla er lögð á sjálfbærni í rekstri fyrirtækja og lagaumhverfið er í stöðugu þroskaferli í átt að ítarlegri og samræmdari upplýsingagjöf fyrirtækja um umhverfismál og aðra ófjárhagslega þætti.

Á þessum árum hafa Klappir unnið markvisst að því að byggja upp öfluga innviði til þess að styðja stafrænt samfélag viðskiptavina sem styrkja hver annan með frjálsu flæði sjálfbærni gagna sem eru undirstaða upplýsingagjafar um sjálfbærni mál í nútíð og framtíð. Félagið hefur starfað frá upphafi á Íslandi en hefur undanfarið fært út kvíarnar. Klappir grænar lausnir hf. stofnuðu fyrir ári síðan dótturfélagið Nordic ApS í Danmörku og opnuðu skrifstofu við Íslandsbryggju í Kaupmannahöfn.

Áframhaldandi vöxtur

Hugbúnaðurinn hefur verið í stöðugri þróun síðastliðin ár og gerir fyrirtækjum og stofnunum mögulegt að deila sjálfbærni gögnum sín á milli með sjálfvirkum gagnatengingum og veitir þeim nákvæma yfirsýn yfir alla lykilkætti starfseminnar, svo sem útblástur gróðurhúsalofttegunda, vatns- og orkunotkun og sorplosun. Notendur hugbúnaðarins geta átt í samskiptum við önnur fyrirtæki í sínum virðis-keðjum og sent þeim spurningalista og gagnabeirni til þess að fá nákvæma yfirsýn yfir sjálfbærni frammistöðu allra hagaðila.

„Við sjáum um að öll gögn sem á þarf að halda séu aðgengileg á einum stað. Sjálfbærni stjórar og aðrir sem vinna með gögnin þurfa ekki lengur að vinna í excelskjölum, safna gögnum handvirk og



Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Klappa, segir að miklar breytingar séu fyrirhugaðar varðandi upplýsingagjöf fyrirtækja.



Tækifæri Klappa til að vaxa erlendis eru mikil þar sem hugbúnaðurinn og aðferðafræðin er gerð fyrir alþjóðlegan markað.

kortleggja sjálfir notkun á t.d. rafmagn, vatni, hita og eldsneyti,“ segir Anton Birkir Sigfússon, framkvæmdastjóri vaxtar og sjálfbærni hjá Klöppum. Með auknum fjölda notenda að hugbúnaðinum hefur stafrænt samfélag Klappa vaxið töluvert og telur nú yfir 1.500 lögaðila í 41 landi.

Vaxtartækifæri erlendis
Fyrirtækið hefur nú komið sér vel

fyrir í Danmörku með sjálfbærni lausn sína. Klappir aðstoða dönsk fyrirtæki og stofnanir að ná utan um sjálfbærni gögnin sín og veita ráðgjöf og stuðning við gerð sjálfbærniuppgjöra.

„Við erum að ná góðri fótfestu í Danmörku, nálgunin okkar á samvinnu fyrirtækja í sjálfbærni málum með stafrænni lausn Klappa fellur vel að þörfum fyrirtækja þar í landi og meðbyrinn er mikill,“ segir Anton Birkir Sigfússon.

Ný tilskipun ESB markar tímamót hjá Klöppum

Evrópusambandið ætlar sér forystuhlutverk í baráttu heimsbyggðarinnar við loftslagsvána en álfan hefur sett sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2050. Ný tilskipun ESB um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja (e. Corporate Sustainability Reporting Directive, CSRD) og staðlar um form og efni sjálfbærni skýrsla (European Sustainability Reporting Standard, ESRS) festir í sessi

lagalega umgjörð fyrir upplýsingagjöf fyrirtækja um sjálfbærni í viðum skilningi. CSRD-tilskipunin er mikilvægur hluti af Græna samfélagsáttmála ESB (EU Green Deal).

Markmiðið er að stuðla að auknu flæði fjármagns til sjálfbærra atvinnugreina og verkefna á kostnað ósjálfbærra, en grundvöllurinn fyrir slíkri þróun er góð upplýsingagjöf. Ljóst er að evrópsk þjóðríki og fyrirtæki þurfa að taka höndum saman til þess að metnaðarfull markmið álfunnar í loftslags- og sjálfbærni málum verði að veruleika. CSRD er Evróputilskipun sem aðildarríkjum ESB og EES, m.a. Íslandi, er skylt að innleiða í eigin landsrétt. Á næstu árum kemur tilskipunin til með að ná til um 50.000 fyrirtækja innan ESB og EES, þar af hundruð fyrirtækja á Íslandi. Gert er ráð fyrir að stór fyrirtæki sem skráð eru á markað hefji þessa vegferð strax á næsta ári, 2024.

Hvað sem innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt líður er ljóst að virðis-keðjunálgunin sem tilskipunin og staðlarnir byggja á, mun knýja öll evrópsk fyrirtæki, óháð stærð, til þátttöku í sjálfbærni vegferðinni. Klappir vinna nú hörðum höndum að því að aðlaga eigin tækni og aðferðafræði að þessum nýja evrópska veruleika.

„Við ætlum okkur að styðja vel við okkar viðskiptavini og munum bjóða upp á fræðslu, fundi og vefkynningar um tilskipunina. Við erum nú þegar byrjuð að taka samtalið með okkar stærstu viðskiptavinum og viljum eiga í nánú samstarfi til þess að ná sem best utan um það hvernig við getum aðstoðað fyrirtæki á þessari vegferð. Þetta er verðug áskorun en ef vel gengur verður ávinningur samfélagsins ómetanlegur,“ segir Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Klappa. ■

 **Klappir**
The smart way to sustainability

Við erum brúarsmiður og leiðarljós

Festa - miðstöð um sjálfbærni eru frjáls félagasamtök með það markmið að auðvelda og hraða þróun í átt að hringrásarhagkerfi og sjálfbæru atvinnulífi. Hlutverk Festu er að auka þekkingu á sjálfbærni fyrirtækja, stofnana og hverskyns skipulagsheilda.

Festa hefur alltaf lagt áherslu á öflugna miðlun og hefur nýlega ráðið til sín Ísabellu Ósk Másdóttur í nýtt starf miðlunarstjóra en áður voru starfsmenn Festu aðeins tveir. Miðlunarstjóri hefur það verkefni að fræða íslenskt samfélag um nýjustu vendingar í sjálfbærni-málum á upplýstan og uppbyggilegan hátt.

„Með miðluninni viljum við lyfta upp jákvæðum skrefum sem aðildarfélög okkar taka hvern einasta dag. Einnig viljum við segja almenningi hvað Festa er. Það er ekki alltaf einfalt því Festa er einstök á heimsvísu og á sér engar hliðstæður,“ útskýrir Ísabella.

„Festa leiðir saman ólíka aðila ekki bara fyrirtæki, stór og smá, heldur líka stofnanir, eins og Umhverfisstofnun, Seðlabankann, háskóla og sveitarfélög svo eitthvað sé nefnt. Þetta er eitt af því sem gerir Festu að mögnuðum tengslavettvangi. Við erum mjög virk á flestum samfélagsmiðlum, gefum út mánaðarleg fréttabréf, skrifum greinar og deilum því helsta sem er að gerast í heimi sjálfbærni. Við leggjum áherslu á skemmtilegt einfalt mál og litríka og skemmtilega miðlun.“

Festa hefur stækkað mjög hratt undanfarin ár en þegar samtökin voru stofnuð voru aðildarfélögin sex, í dag eru þau tæplega tvö hundruð.

„Festa hefur í raun þrífaldast frá



Ísabella segir að með miðluninni vilji Festa lyfta upp jákvæðum skrefum sem aðildarfélög þeirra taka daglega.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

árinu 2019, þess vegna segjum við stundum að Festa sé litil að innan en stór að utan. Ég geng stolt inn í teymið hjá Hörpu og Hrunn sem hafa siglt þessari sjálfbærnisáttu með miklum glæsibrag. Festa eru frjáls félagasamtök og okkar einu hagsmunir eru sjálfbærni. Festa hefur verið hreyfiafl til að koma á mikilvægum tengingum og koma sjálfbærni og henni tengd málefni á dagskrá í ólíkum geirum. Við tölum um að við séum brúarsmiður og leiðarljós því við tengjum saman þessa ólíku aðila, fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga,“ segir Ísabella.

Ísabella segir mjög alvarlegar áskoranir fram undan fyrir heim-

inn og auðvelt sé að missa vonina. Sérstaklega þegar fréttir koma um nýjustu skýrslur frá vísindasamfélaginu.

„En svo fyllist ég von, þegar ég mæti í vinnuna og hitti fólk sem starfar í fyrirtækjum sem vinna að lausnum sem taka á þessum stærstu áskorunum okkar, en líka fólk sem vinnur hjá hefðbundnum fyrirtækjum og er að vinna að miklum kerfisbreytingum innanhúss og skapa vinnustaðamenningu sem ýtir undir sjálfbæra hugsun.“

Auðlind af fólki

„Það besta við að vinna hjá Festu

er að hitta og vinna með öllu þessu metnaðarfulla fólki sem starfar hjá aðildarfélögunum okkar, mörg þeirra eru leiðandi fyrirtæki í sjálfbærni hér á Íslandi. Það er ótrúleg auðlind af fólki sem starfar hjá aðildarfélögunum. Þetta er fólk sem veitir okkur mikinn innblástur, fólk sem lifir og hrærist í heimi sjálfbærni og veit líka einna best hversu alvarlegar þessar áskoranir eru sem við erum að takast á við,“ segir Ísabella.

„Við finnum fyrir því að mjög mikill vilji er meðal sérfræðinganna í aðildarfélögunum okkar til að deila sinni reynslu til hinna aðildarfélaganna. Þannig að við

Okkar tilfinning er sú að það hafi orðið stökk í vitundarvakningu um loftslagsmál. Fólk er að átta sig á því að hagkerfið gengur ekki upp nema það sé jafnvægi á milli þess sem við tökum og þess sem við gefum.

búum til vettvanginn og þau hittast og deila sinni vegferð og sínum áskorunum.“

Stærsti viðburður Festu árlega er Janúarráðstefnan en Ísabella segir að aldrei hafi jafnmargir mætt á ráðstefnuna og í ár.

„Í aðdraganda ráðstefnunnar tókum við púlsinn á stjórnendum aðildarfélaga Festu með könnun. Niðurstöðurnar sýndu að sífellt fleiri stjórnendur finna fyrir auknum þrýstingi til að bregðast við loftslagsbreytingum frá mismunandi hagaðilum. Meirihlutinn trúir því að við getum náð alþjóðlegum hagvexti á sama tíma og við stöndum við loftslagsmarkmið en þau gera sér líka grein fyrir því að loftslagsbreytingar munu hafa áhrif á stefnu og rekstur fyrirtækisins,“ segir Ísabella.

„Okkar tilfinning er sú að það hafi orðið stökk í vitundarvakningu um loftslagsmál. Fólk er að átta sig á því að hagkerfið gengur ekki upp nema það sé jafnvægi á milli þess sem við tökum og þess sem við gefum. Sífellt fleiri vilja vera hluti af breytingunni, sem stuðlar að jákvæðum áhrifum á fólk, jörð og hagsæld. Þetta eru þær þrjár stöðir sem mynda sjálfbærni og sem við í Festu horfum á öll verkefni okkar út frá.“ ■

Finnum samhljóm og margfeldisáhrif

Harpa Júlíusdóttir heldur utan um verkefnastjórn hjá Festu - miðstöð um sjálfbærni. Stór hluti þess starfs er að skipuleggja viðburði, ráðstefnur og fræðslufundi, og vinna markvisst að því að efla vettvang sjálfbærni á Íslandi.

Á viðburðum Festu er blandað saman ólíkum röddum fólks sem vinnur að sjálfbærni hér á landi og fremstu sérfræðinga innan sjálfbærni á alþjóðavísu.

„Það er mikilvægt í þessari vinnu okkar að vera framsýn og halda vel utan um þá viðburði sem við stöndum fyrir og þar vegur einna mest að undirbúa vel fólkið sem tekur þátt með okkur. Við gefum því rými til að deila af hreinskilni og draga ekkert undan þegar kemur að þeim áskorunum sem blasa við okkur sem samfélagi,“ segir Harpa.

„Við erum alltaf með það markmið að rýna til gagns, vera uppbyggileg og draga það fram sem er til fyrirmyndar, það er af nögu að taka. Aðildarfélög okkar eru að vinna að mögnuðum hlutum þrátt fyrir miklar áskoranir. Við hjá Festu brennum fyrir því að byggja upp sjálfbært atvinnulíf á Íslandi sem auðgar bæði náttúru og samfélag, sem er að fullu samkeppnishæft og er að ganga í takt við það sem kemur frá alþjóðlegu umhverfi, bæði frá löggjafanum og markaðnum sjálfum,“ heldur hún áfram.

„Leiðandi aðilar í atvinnulífinu eru til að mynda að taka upp aðferðafræðina „Science Based Target Initiative“. Það þýðir að



Harpa segir að markmið Festu sé alltaf að rýna til gagns.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

fyrirtæki eru markvisst að setja sér stefnu og nota mælanlega staðlaða aðferðafræði til að sanna að þau séu í raun og veru að vinna að 1,5 gráða takmarki Parísarsáttmálans.“

Gjörbreyta umhverfinu

Harpa nefnir lagasetningar frá ESB sem taka gildi á næstunni hér á landi og munu gjörbreyta umhverfinu þegar kemur að sjálfbærum rekstri.

„Núna eru fram undan gríðarlegar breytingar á lögum og reglum

hvað varðar sjálfbærniupplýsingar og hvernig við skilgreinum grænar fjárfestingar og rekstur. Allt mun þetta þá stuðla að því að koma í veg fyrir grænþvott ásamt því að veita fyrirtækjum stór tækifæri til að skapa sér sérstöðu á markaði ef þau bregðast hratt við.“

Harpa útskýrir að þau lög sem kallast Flokkunarkerfi ESB, tilgreini sex stólpna sem rekstraráðilar þurfa að huga að til að mega skilgreina rekstur sinn sem sjálfbæran.

„Þú þarft að vera að vinna að

Fyrirtæki og stofnanir sem eru aðilar að Festu eru að móta sér ákveðna sérstöðu með aðildinni.

þessum stólpum að hluta til eða sem heild, en þú þarft líka að sýna fram á að þú sért ekki að vinna gegn þeim í þínum rekstri. Til að mynda mun þá ekki duga að sýna fram á samdrátt í losun en vera á sama tíma að sóa auðlindum, ekki að vinna í hringrás eða brjóta á mannréttindum. Þessi nýju lög koma í veg fyrir slíkt,“ segir hún.

„Það eru einnig að fara að ganga í gildi ný Evrópusambandslög um hvernig birta skal sjálfbærniupplýsingar í ársskýrslu. Ein af þeim breytingum er að framvegis þurfa endurskodendur að gefa áritun upp á að þær séu réttar hjá þeim fyrirtækjum sem löggin ná yfir. Núna eru þetta örfá fyrirtæki sem fá slíka áritun, en með breytingunum munu þessar kvaðir ná yfir mörg hundruð íslensk fyrirtæki.“

Harpa segir að eitt sé áhugavert í þessu samhengi, en það er að þó svo að flest íslensk fyrirtæki séu litil á alþjóðlegum skala og falli því ekki undir þessi lög, þá komi krafa á þau

frá atvinnulífinu sjálfu og stærri fyrirtækjum sem þau eiga í viðskiptum við, um að þau greini sína framleiðslu.

„Stóru fyrirtækin eru öll í þeirri vinnu að greina sína birgðakeðju út frá sjálfbærni og þau þurfa að greina sína birgja og hagaðila til að standast löggin. Þannig fer krafan yfir á minni fyrirtækin líka.“

Fræðslufundur og tengslamyndun

Festa heldur reglulega fræðslufundi fyrir aðildarfélögin og fær þá sérfræðinga til að ræða ýmislegt sem snýr að sjálfbærni, meðal annars nýju lagabreytingarnar. Festa gaf út ítarlegan vegvísu um nýju löggin í janúar sem er aðgengilegur öllum. Einnig eru haldnir tengslafundir á vegum Festu. Þá hittast meðlimir hjá ólíkum aðildarfélögum og eiga heiðarlegt samtal.

„Fyrirtæki og stofnanir sem eru aðilar að Festu eru að móta sér ákveðna sérstöðu með aðildinni, þar læra þau af öðrum og ekki síður mikilvægt; deila sinni vegferð,“ segir Harpa.

„Með því að deila þinni reynslu og lausnum með öðrum á vettvangi Festu getur þú margfaldað áhrif þess sem þú ert að vinna að hjá þínu fyrirtæki. Þú ert að vinna að lausnum og aðferðum og með því að deila þeim til annarra innan atvinnulífsins hefur þú tækifæri til að margfalda samfélagsleg áhrif þess sem þú vinnur að. Það mætti segja að við séum ákveðið hreyfiafl þegar kemur að því að finna þennan samhljóm og margfeldisáhrif.“ ■



Festa

miðstöð um
sjálfbærni



Jóna Guðrún Kristinsdóttir og Berglind Ósk Ólafsdóttir starfa við innleiðingu á sjálfbærni hjá BYKO.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sjálfbærni í byggingariðnaði

Berglind Ósk Ólafsdóttir og Jóna Guðrún Kristinsdóttir starfa við innleiðingu á sjálfbærni, sem felur í sér umhverfislega og félagslega þætti auk stjórnarhátta. Verkefni eru margvísleg, bæði snúa þau að innra starfi fyrirtækisins sem og fræðslu, þekkingu og ráðgjöf til viðskiptavina.

Sjálfbærnistefna BYKO var tekin upp árið 2021 og við mótun hennar var lögð áhersla á að samþætta heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við rekstur fyrirtækis með þremur áherslum. Fyrsta áherslan er BYKO sem vinnustaður – jafnréttismál og umhverfismál. Önnur áherslan er viðskiptavinurinn – þjónusta, fræðsla, samstarf og vistvæn byggingarefni. Þriðja áherslan er aðfangakeðjan – birgjar, mannréttindi og vinnuréttindi.

„Umhverfismálin vinnast í raun og veru inn í allar þessar áherslur þar sem í þeirri fyrstu erum við markvisst að vinna að innri umhverfispáttum eins og að draga úr eigin losun með því að fara til dæmis í orkuskipti og markvissar aðgerðir í úrgangsmálum,“ segir Berglind Ósk Ólafsdóttir, sérfræðingur í sjálfbærni hjá BYKO.

„Þegar kemur að viðskiptavininum erum við að huga að vistvænum byggingarefnum og fræðslu varðandi umhverfismál; að hafa áhrif út á markaðinn. Hvað aðfangakeðjuna varðar þá hvetjum við birgja okkar til að huga meðal annars að eigin losun, vistvænu vöruframboði og umbúðum.“

Hjá BYKO hefur frá árinu 2019

verið unnið markvisst að því að greina kolefnisspor fyrirtækisins til þess að sjá hvar hægt er að gera betur og þá þarf að fara í markvissar aðgerðir. „Við nýtum þessa greiningarvinnu til að setja okkur markmið og náum þannig að lækka kolefnissporið jafnt og þétt,“ segir Berglind. „Hvað þetta varðar má nefna aðgerðir í úrgangsmálum, aukna flokkun og endurnýtingu þar sem horft er til hringrásarhagkerfisins, stýringu á vatns- og orkunotkun, uppsetningar hleðslustöðva fyrir starfsfólk og viðskiptavini, en með því erum við að styðja við rafbílaþróun á Íslandi og hvetja starfsfólk til að nota vistvænni ferðamáta.“

Eigendur og starfsfólk BYKO hefur gróðursett tré í eigin skógi frá árinu 1987 og samkvæmt vísindalegri mælingu er skógurinn að binda að meðaltali 1.200 tonn CO₂ á ári, en þess má geta að kolefnisspor BYKO úr eigin rekstri hefur verið að meðaltali 350 tonn CO₂ á ári og farið lakkandi.“

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Berglind Ósk ber ábyrgð á að innleiða sjálfbærni í rekstur fyrirtækisins og þar falla undir þrjár meginstöðir: Umhverfi, félagslegir þættir og stjórnarhættir. Umhverfispáttur sjálfbærinnar er á ábyrgð Berglindar, félagslegir þættir sjálfbærinnar eru á ábyrgð mannauðsstjóra og stjórnarhættir á ábyrgð framkvæmdastjórna. Saman mynda þyrnnefndar þrjár stöðir heildræna stefnu í átt að betra umhverfi, betri líðan starfsfólks og betri reksturs.

„Við vinnum eftir heimsmark-

77 Má nefna aðgerðir í úrgangsmálum, aukna flokkun og endurnýtingu þar sem horft er til hringrásarhagkerfisins, stýringu á vatns- og orkunotkun, uppsetningar hleðslustöðva fyrir starfsfólk og viðskiptavini.

Berglind Ósk

miðum Sameinuðu þjóðanna og höfum innleitt fimm kjarnamarkmið síðustu árin og styðjumst við þau í sjálfbærni vegferð okkar. Innleiðingin hefur gengið mjög vel, við höfum frætt okkar starfsfólk um markmiðin og höfum nú sett markmiðin í fóstur hjá öllum deildum fyrirtækisins þar sem þau fá að vaxa og dafna.

Þá horfum við í BYKO einnig til aðfangakeðjunnar með tilliti til hvar við getum gert betur, allt frá vöruvali, birgjavali og til flutnings með tilliti til umhverfissjónarmiða, síðferðissjónarmiða og rekstrarsjónarmiða.“

Vistvottunarkerfi og vistvæn byggingarefni

Jóna Guðrún Kristinsdóttir starfar sem verkefnastjóri á framþróunarsviði BYKO og hefur öðlast vottun sem BREEAM Associate og LEED Green Associate sem þýðir að hún hefur ákveðna sérþekkingu á þess-

um vistvottunarkerfum og kröfum þeirra. „Ég hef undanfarin misseri unnið að því að greina vöruframboð BYKO með tilliti til vistvottunarkerfa bygginga. Ég sérhæfði mig sérstaklega í BREEAM- og LEED-vottunum ásamt Svaninum. Ég hef komið að samstarfsverkefnum um vistvottaðar byggingar og vistvænar lausnir ásamt því að sinna fræðslu og ráðgjöf til viðskiptavina og annarra aðila á markaðnum. Ég hef einnig setið í stýrihópi um byggingu nýrra höfuðstöðva BYKO í Breiddinni sem verða vistvottaðar.“

Jóna Guðrún segir að byggingin sé stóra málið hjá fyrirtækinu í dag. „Þar höfum við sjálfbærni að leiðarljósi og ætlum að BREEAM-votta bygginguna og nýta okkur alla okkar þekkingu á vistvænu vöruframboði, lausnum og aðferðum við að lágmarka enn frekar kolefnisspor okkar. Byggingin, sem verður fimm hæða, verður úr krosslímdu timbri með steypum kjallara og lyftukjarna og allar lausnir miða að því að hámarka náttúrulega birtu og bæta innivist og aðbúnað starfsmanna og viðskiptavina. Það verður spennandi að prófa að starfa í vistvottaðri byggingu og fá að finna muninn á eigin skinni.“

Jóna Guðrún segir að BREEAM sé vottunarkerfi fyrir byggingar en vörur hafa enga sérstaka BREEAM-vottun eða stimpil heldur er gerð krafa um ákveðnar upplýsingar í tengslum við þær vörur sem notaðar eru í slíka byggingu. „Líf-tímaupplýsingar, efnainnihald og rekjanleiki hafa mest vægi ásamt því að þau gögn sem lögð eru til grundvallar séu sannarlega vottuð

77 Það getur haft mjög jákvæð áhrif á heilsu fólks að velja vistvæn efni þegar farið er í framkvæmdir; að efnin sem notuð eru, sérstaklega á heimilum, séu ekki að losa eitrefni og valda fólki skaða.

Jóna Guðrún

af óháðum þriðja aðila, það er eigin yfirlýsingar framleiðanda eru ekki talin gild gögn. Þetta þýðir að allt timbur og timburvörur þurfa að vera FSC- eða PEFC-vottaðar til að tryggja að þær komi úr sjálfbærum skógum með rekjanleika, það er að timbrið sé ræktað samkvæmt skilgreindum sjálfbærni viðmiðum og að hægt sé að rekja það gegnum alla milliliði að upprunastað. Við flestar vörur hafi með sér EPD-skjal eða umhverfisyfirlýsingu þar sem fram koma upplýsingar um framleiðanda, innihald vörunnar,

hlutfall endurunninna efna og líftímaupplýsingar.“

Stundum er talað um „græna byggingu“ og segir Jóna Guðrún að með því að hafa umhverfið í huga í allri ákvarðanatöku sé hægt að komast ansi langt. „Þættir sem geta haft mikil áhrif eru að byggingin sé hönnuð þannig að hægt sé að nýta náttúrulega dagsbirtu og loft-ræstingu sem mest, nota eingöngu vistvæn og endingargóð efni við bygginguna, viðhald og þrif, takmarka vatns- og rafmagnsnotkun og gæta vel að hljóðvist. Allir þessir þættir stuðla að hagkvæmari rekstri bygginga og aukinni arðsemi fjárfestinga til framtíðar.“

Fagleg þekking og ráðgjöf

Jóna Guðrún er spurð hvers vegna mikilvægt sé að hafa umhverfisvernd í huga þegar staðið er í framkvæmdum.

„Það getur haft mjög jákvæð áhrif á heilsu fólks að velja vistvæn efni þegar farið er í framkvæmdir; að efnin sem notuð eru, sérstaklega á heimilum, séu ekki að losa eitrefni hægt og rólega yfir líftímann og valda fólki skaða. Rannsóknir Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar sýna að fólk ver um 90% ævinnar innandyra og að hægt sé að koma í veg fyrir tæp 13% dauðsfalla með bættri innivist svo það er til mikils að vinna með vali á efnunum til bygginga.“

Starfsfólk BYKO veitir viðskiptavinum ráðgjöf sem snýr sérstaklega að vistvottunarkerfum og vistvænu vöruframboði. Jóna Guðrún segir að einnig hafi verið settur saman faglegur hópur innanhúss þar sem koma að borðinu sérfræðingar á hverju sviði og halda kynningar, bæði fyrir arkitekta og hönnuði en einnig fyrir verkataka og iðnaðarmenn. „Við förum á þessum kynningum yfir sjálfbærnivegferð okkar, vistvottunarkerfin og vörurnar ásamt því að svara spurningum. Þetta hjálpar okkur einnig að finna hvar við getum gert betur og sjá hvaða þróun á sér stað á markaðnum. Við höfum einnig boðið viðskiptavinum okkar að við komum að borðinu snemma í hönnunar- og byggingaferlinu sem ráðgefandi, varðandi vörur og lausnir. Það sem við þurfum að bæta er að sinna betur ráðgjöf og fræðslu til einstaklinga og við gerum okkur grein fyrir því og erum farin að huga að því.“

Þegar fólk er að taka fyrstu skrefin í framkvæmdum og langar til að gera það á umhverfisvænan hátt segir Jóna Guðrún að mikilvægt sé að fólk kynni sér umhverfismerkni til að vita fyrir hvað þau standa. „Það er ekki nóg að sjá að varan hafi einhvern stimpil eða merki og taka það sem gefið að merkingin tákni að varan sé vistvæn. Þvert á móti gæti það táknað að viðkomandi framleiðandi styrki ákveðið málefni með söluandvirði vörunnar. Við þurfum að vera gagnrýnin og upplýst og þar kemur einmitt fræðsluþáttur aðila á markaðnum sterkur inn; við höfum skilgreint helstu merkin á vefnum okkar í mjög stuttu máli og erum að vinna í ítarlegri skilgreiningum þar.“

Láta verkin tala

BYKO selur mikið af umhverfisvænum vörum og eru þónokkrir birgjar framfarlega á þessu sviði. „Við bjóðum gott úrval af Svansvottaðri málningu, innréttingar sem uppfylla viðmið vistvottunarkerfanna, parket með Bláa englinum sem er þýskt gæðaviðmið samþykkt af Svaninum, ýmiss konar efnavöru eins og múr, kitti og lím- og bindiefni sem leyfð eru í vistvottaðar byggingar ásamt hreinlætistækjum sem uppfylla sömu viðmið auk þess að bjóða úrval vistvænna hreinsiefna,

Við horfum ekki endilega til þess að bjóða einungis vistvænar



Berglind Ósk Ólafsdóttir og Jóna Guðrún Kristinsdóttir inni í byggingu nýrra BREEAM höfuðstöðva BYKO.



Nýjar höfuðstöðvar BYKO munu rísa undir merkjum BREEAM, sem er eitt elsta vistvottunarkerfi í heimi.

vörur,“ segir Jóna Guðrún, „heldur viljum við geta boðið vistvæna valkosti í öllum vöruflokkum okkar. Við viljum að viðskiptavinir okkar hafi val en hvetjum þá þó eindregið til að velja vistvænt.“

Það er margt hægt að gera ef fólk vill huga að umhverfisþættinum þegar kemur að heimilinu. „Það þarf alls ekki að byrja á því að byggja sér vottað hús,“ segir Jóna Guðrún „Það mikilvægasta er að vera meðvitaður um umhverfismál, vörurval og eigin hegðun og muna að margt smátt gerir eitt stórt eins og að byrja að skipta út hreinsiefnum og málningu yfir í Svansvottaðar vörur, flokka úrgang og endurnýta sem mest, slökkva ljósinn þegar þau eru ekki í notkun, vera gagnrýnin á eigin neyslu og kaupa ekki eitthvað sem ekki er þörf á og þegar kemur að viðhaldi að huga þá sérstaklega að því að velja vistvænt. Þetta eru allt mjög einföld skref sem skila sér í minni losun og draga verulega úr allri sóun.“

Jóna Guðrún segir að starfsfólk BYKO hafi séð mikla þróun þegar kemur að umhverfisvitund almennings og nefnir sérstaklega yngri hópana sem geri auknar

kröfur um vistvænar vörur og lausnir. „Þau vilja leggja sitt af mörkum til að draga úr umhverfisáhrifum og ná jafnvægi í loftslagsmálum og eru mjög meðvituð og vel að sér í umhverfismálum. Við bendum vissulega á vistvænni lausnir þegar hægt er, enda er það í takt við stefnu okkar að ná fram auknu vægi fyrir vistvænar lausnir.“

Jóna Guðrún segir að vistvænar vörur séu alls ekki dýrari en aðrar vörur. „Það getur vissulega verið í einhverjum tilfellum en heilt yfir þá er sambærilegt verð á þessum vörum og öðrum. Þetta er alltaf bara spurning um að verið sé að bera saman epli og epli; það er sambærilega vöru innihalds- og gæðalega séð. Vissulega skiptir verðlagið alltaf máli. Við viljum öll fá sem mest fyrir peninginn okkar en þó er það að mínu mati þannig að fólk er farið að setja meiri fókus á gæði og endingu svo þetta hefur aðeins breyst. Fólk er orðið tilbúnara að hugsa til langs tíma og reikna kostnaðinn niður á endingartímann.“

Hvað með gæðin þegar kemur að vistvænum vörum miðað við aðrar?

„Til þess að fá vörur sínar vottaðar þurfa framleiðendur að fara í gegnum strangt gæðafarli þar sem bæði framleiðandinn sjálfur, framleiðsluferlið og varan er skoðuð og metin á ítarlegan hátt. Þetta er gert til að tryggja gæði framleiðslunnar og vörunnar ásamt því að greina innihald vörunnar og hvort hún komi til með að losa eitrefni út í andrúmsloftið sem geta haft skaðleg áhrif. Við teljum því alveg tvímælalaust að vistvænar vörur tryggji betri gæði fyrir utan þau jákvæðu áhrif sem vistvænar vörur geta haft á heilsu fólks.“

Sjálfbærni er líka félagsleg

Á árinu 2021 voru lögð grunnskref að jafnréttisvegferð félagsins þar sem jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun félagsins voru teknar til endurskoðunar. Áður hefur félagið sett jafnrétti á oddinn með því að velja heimsmarkmið um jafnrétti sem eitt af sínum kjarna-markmiðum.

BYKO er í samstarfi við Great Place to Work. Samstarfið felur í sér greiningu á BYKO sem vinnustað, bæði menningarlega og með vinnustaðagreiningu. Í greiningunni er lögð áhersla á þrjá meginlykilvarða, traust, velliðan og helgun. Niðurstöður vinnustaðagreiningarinnar veittu BYKO viðurkenningu sem frábær vinnustaður og á lista yfir bestu vinnustaði á Íslandi og í Evrópu. Í niðurstöðum kemur fram að 70% starfsfólks ber traust til félagsins, helgun mældist 71% og velliðan 66%. Félagið stefnir á að ná enn betri árangri á þeim lykilkvörðum á árinu 2023. „Við þurfum öll að gera betur í sjálfbærni, huga að starfsfólkinu, rekstrinum og bregðast við þeim áskorunum sem heimurinn stendur frammi fyrir. Hlýnun jarðar á sér stað hraðar en við þjuggumst við og einstaklingar, fyrirtæki, stjórnmöld og aðrir hagaðilar verða að stíga skrefin hraðar og láta verkin tala,“ segir Jóna Guðrún. ■



Til þess að fá vörur sínar vottaðar þurfa framleiðendur að fara í gegnum strangt gæðafarli.

Jóna Guðrún

Isavia hefur að markmiði að vera til fyrirmyndar í sjálfbærni. Sjálfbærni er því höfð að leiðarljósi í öllu því sem fyrirtækið gerir. Áhersla er lögð á samfélagslega ábyrgð og að hafa áhrif á markaðinn í átt að sjálfbærni.

Egill Björn Thorstensen, verkefnastjóri í stefnumótun og sjálfbærni hjá Isavia, segir að áherslur á sjálfbærni og samfélagsábyrgð komi fram bæði í sjálfbærnistefnu fyrirtækisins og sjálfbærniramma sem settur hefur verið fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli.

„Við erum með ítarleg markmið í sjálfbærnistefnu okkar og horfum þar meðal annars til loftslagsmála og auðlindanýtingar. Við erum með aðgerðaáætlun sem nær yfir árin 2022 til 2026 og auk þess erum við með skilgreind markmið og aðgerðir til ársins 2030,“ segir hann.

Eitt af markmiðum Isavia er að starfsemi fyrirtækisins á Keflavíkurflugvelli verði kolefnislaus árið 2030. Þetta markmið er samþættað við markmið margra af samamburðarflugvöllum Isavia.

„Við sjáum það skýrt að sjálfbærni fylgir aukin hagkvæmni, bæði hvað varðar rekstur og framkvæmdir. Nálgu okkar til sjálfbærni dregur úr umhverfisáhrifum fyrirtækisins, gerir flugvöllinn samkeppnishæfari og skapar þannig aukið virði fyrir samfélagið,“ útskýrir hann.

„Áhrifin sem sjálfbærni hefur á samkeppnishæfi flugvallarins eru sérstaklega áhugaverð og spennandi. Við erum í harðri samkeppni við flotta flugvelli erlendis sem eru líka að gera góða hluti í sínum sjálfbærnimálum, en flugfélög leggja sífellt meiri áherslu á það að fljúga til flugvalla sem eru í takti við tímann og með þessi atriði á hreinu.“

Verðum að axla ábyrgð

Fram undan er mikil uppbygging á Keflavíkurflugvelli þar sem fjárfest verður fyrir 125 milljarða á næstu 10 árum og flugstöðin stækkuð um tugi þúsunda fermetra. Það sem Isavia horfir sérstaklega til eru umhverfisáhrifin af framkvæmdunum á Keflavíkurflugvelli en líka áhrifin af daglegum rekstri bygginganna.

„Á heimsvísu er bygginga- og framkvæmdageirinn ábyrgur fyrir rúmlega þriðjung af öllum kolefnisútbæstri heims. Sem samfélagslega ábyrgt fyrirtæki þá verðum við að axla ábyrgð á okkar áhrifum, bæði í framkvæmdum og rekstri. Við ætlum að gera það með ýmsum leiðum. Ein af þeim er að vera með BREEAM-sjálfbærnivottunarkerfi. Það er kerfi sem þekkt er á heimsvísu og gerir ýmsar kröfur varðandi efnisval, mengun, úrgangsmál, auðlindanýtingu og fleira. Við ætlum okkur að ná BREEAM Excellent-vottun sem er háleitt markmið fyrir þessa tegund byggingar. Við erum með reynda ráðgjafa til að aðstoða okkur við að ná þessu markmiði enda þarf til þess að uppfylla strangar kröfur,“ segir Egill Björn.

„Að mæta auknum kröfum um sjálfbærni, til dæmis í formi sjálfbærnivottana eins og BREEAM, er eitt þeirra verkefna sem framkvæmdageiri framtíðarinnar mun snúast um, sérstaklega í verkefnum af þeirri stærðargráðu sem Isavia stendur nú í. Það skiptir okkur því miklu máli að hvetja framleiðendur og birgja á Íslandi til að vera sjálfbærari og ná sér til dæmis í ýmsar vottanir sem oft eru forsendan fyrir niðurstöðum frá aðilum eins og BREEAM.

Við tryggjum sjálfbærni bygginga meðal annars í efnisvali og hvernig haldið er utan um auðlindanýtinguna, landssvæðið og fleira. Við nýttum okkur raun-



Egill Björn Thorstensen segir að Isavia sé með ítarleg markmið í sjálfbærnistefnu sinni og horfi þar meðal annars til loftslagsmála og auðlindanýtingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Fyrirhuguð bygging á milli norður- og suðurbyggingarinnar í Leifsstöð, þar sem landgangurinn er núna. MYNDIR/ADSENDAR



Framkvæmdir austan megin við flugstöðina.

tímakostnaðargreiningu við innleiðingu BREEAM. Þá gátum við séð að innleiðingunni fylgdi aukinn kostnaður, en sá kostnaður mun borga sig margfalt til baka á líftíma byggingarinnar í gegnum lækkaðan rekstrarkostnað og bætt lánakjör. Útkoman er ekki bara að byggingin er sjálfbærari og með minna kolefnisspor heldur er hún líka hagkvæmari í rekstri.“

Sjálfbærni vegna framkvæmda

Egill Björn útskýrir að BREEAM-vottunin sé bara einn liður í átt að

því að ná markmiðum Isavia um sjálfbærni. Einn mikilvægur þáttur er sjálfbærniramma sem fyrirtækið vann út frá sjálfbærnistefnu sinni og var settur fram í haust. Sjálfbærniramminn snýr að öllum framkvæmdum hjá Isavia.

„Sjálfbærniramminn varð til út af umfangi og sérstöðu framkvæmdanna á Keflavíkurflugvelli. Innan rammans er ítarleg útlístun á þeim markmiðum sem við ætlum okkur að ná til að minnka umhverfisáhrif framkvæmdanna. Með þessu móti stígum við nokkrum skrefum lengra en BREEAM

eitt og sér gerir,“ segir hann.

„Okkar markmið og hluti af okkar stefnu er að auka velsæld á Íslandi og það gerum við meðal annars með því að leggja okkar af mörkum til þess að auka sérþekkingu og vitund í sjálfbærnimálum fyrir íslenskt samfélag. Hluti af því er að hvetja framkvæmdageirann á Íslandi og hjálpa honum að vera betur í stakk búinn til að takast á við áskoranir í sjálfbærni,“ heldur hann áfram.

„Til að undirbúa markaðinn settum við inn í framkvæmda-útboð hjá okkur valforsendu sem sneri að kolefnisspori efna og flutningi á þeim. Framvegis ætlum við að gera þetta í einhverri mynd í okkar útboðum.“

Sjálfbærari framkvæmdir

„Næsta stóra verkefni okkar er tengibygging milli norður- og suðurbyggingarinnar í Keflavík, þar sem landgangurinn er núna. Hann verður rifinn og önnur bygging byggð þar á milli sem verður rúmlega 20 þúsund fermetrar. Þar verðum við með mun víðtækari og ítarlegri kröfur tengdar sjálfbærni. Í þessu verkefni munum við nálgast aðfangakeðjuna með nýjum hætti sem kallast Smart Procurement. Efnið kemur þá frá framleiðendum sem eru vel upplýstir um kröfurnar sem tengjast bæði BREEAM og sjálfbærnirammnum okkar, þannig getum við

Okkar markmið og hluti af okkar stefnu er að auka velsæld á Íslandi og það gerum við meðal annars með því að leggja okkar af mörkum til þess að auka sérþekkingu og vitund í sjálfbærnimálum fyrir íslenskt samfélag.

gert aðfangakeðjuna hagkvæmari og framkvæmdirnar sjálfbærari,“ segir Egill Björn og bendir á að á vefsíðunni keffplus.is sé hægt að lesa nánar um uppbygginguna á flugvallarsvæðinu.

„Það er mikið í gangi í sjálfbærnimálum á Keflavíkurflugvelli og því tengt erum við meðal annars að undirbúa okkur fyrir orkuskipti í flugi og rekstri flugvallarins og erum að meta samfélagslegt virði rekstursins. Með því að meta samfélagslegt virði allrar starfsemi vallarins getum við náð markvissari árangri í samvinnu við viðskiptafélaga og birgja,“ segir Egill Björn.

„Þar horfum við til okkar eigin reksturs og aðfangakeðjunnar. Við getum haft áhrif á aðfangakeðjuna í gegnum það að vita hver okkar samfélagslegu áhrif eru. Niðurstöðurnar sýna okkur áhrifin af innkaupaútgjöldunum okkar og gera okkur kleift að vinna með þessum birgjum að lágmarkun óæskilegra samfélagsáhrifa.

Sjálfbærni er hluti af daglegum rekstri Isavia og er höfð að leiðarljósi í öllu sem við gerum. Það er þó alltaf hægt að gera betur og við höfum sett okkur það markmið að bæta okkur stöðugt í þeim efnum. Við nýtum hvert tækifæri til að gera íslenskan framkvæmdamarkað sjálfbærari, okkur öllum til farsældar. Því saman náum við árangri.“ ■



Með sjálfbærni að leiðarljósi

Í meira en þrjá áratugi höfum við rannsakað krafta og eiginleika vatnsins í Bláa Lóninu; jarðsjó sem á sér uppruna á 2000 metra dýpi. Vatnið er einstakt á heimsvísu og er eitt af undrum veraldar – einstök gjöf náttúrunnar – ríkt af kísil, þörungum og steinefnum.

Við höfum lært að beisla töfra og gjafir vatnsins og skapað einstakar upplifanir, vörur og þjónustu fyrir gesti okkar, allt í sátt við umhverfi, samfélag og móður náttúru.

BLUE LAGOON

Hugbúnaður sem hjálpar fyrirtækjum í sjálfbærni vegferð sinni

Raquelita segir að hugmyndin að Laufinu hafi orðið til árið 2020 og hefur mikil gagnaöflun og samtöl við þekkingaraðila og sérfræðinga átt sér stað til að styrkja hugmyndina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Laufið er nýsköpunarfyrirtæki sem hefur í rúmlega tvö ár verið að þróa stafrænan vettvang fyrir fyrirtæki í vegferð að sjálfbærum fyrirtækjarekstri og er jafnframt fyrsta græna upplýsingaveitan á Íslandi. Markhópurinn er lítill og meðalstór fyrirtæki.

„Hugbúnaðurinn okkar leiðir fyrirtæki áfram í raunhæfum aðgerðum sem hjálpa þeim að draga úr umhverfisáhrifum þeirra. Allt sem fyrirtæki gera í kerfinu birtist svo á upplýsingaveitunni laufid.is. Þar getur almenningur séð hvernig fyrirtæki sem eru í Laufinu eru að standa sig í umhverfis- og sjálfbærnimálum og borið saman fyrirtæki,“ segir Raquelita Rós Aguilar, framkvæmdastjóri Laufins sem er nýsköpunarfyrirtæki sem hefur í rúmlega tvö ár verið að þróa stafrænan vettvang fyrir fyrirtæki í vegferð að sjálfbærum fyrirtækjarekstri og er jafnframt fyrsta græna upplýsingaveitan á Íslandi.

„Hugmyndin er að valdefla bæði fyrirtækin til að standa sig gagnvart umhverfinu og þar af leiðandi viðskiptavinum sínum en einnig að neytendur geti tekið upplýstari ákvörðun um hvar og við hverja þau stunda viðskipti.

Mikill metnaður er hjá mörgum fyrirtækjum að vera framarlega á sviði umhverfis- og sjálfbærnimála og geta sýnt þann árangur, bæði viðskiptavinum sínum en einnig til að vera fyrirmynd fyrir önnur fyrirtæki.

Hugbúnaðurinn okkar vinnur vel með öðrum lausnum og þjónustum sem eru á markaðnum

og er kerfið er hugsað sem verkfærakassi fyrirtækja þar sem þú getur komið með þín verkfæri hvaðan sem er. Sem dæmi þá setja fyrirtæki inn þær vottanir sem þau hafa öðlast, merkja við þau skref eða aðgerðir sem þau hafa nú þegar tekið og þannig höldum við utan um vegferðina þeirra á einum stað með þann valkost að hafa meiri sýnileika út á við.“

Græn skref atvinnulífsins
Stjórnendakerfið er stafrænn vettvangur sem hjálpar stjórnendum áfram í einföldum en mikilvægum aðgerðum sem draga úr umhverfisþorpi og hjálpa til við að stuðla að ábyrgu samfélagi og sjálfbærum fyrirtækjarekstri. „Græn skref atvinnulífsins, sem eru hluti af stjórnendakerfinu, eru einnig að stórum hluta byggð á Grænum skrefum Umhverfisstofnunar sem stofnunin hefur rekið síðan 2014.

Aðlögun að grænu skrefunum í hugbúnaðinn hefur verið unnin í góðu samtali við Umhverfisstofnun. Þetta eru 118 skref og hver og einn velur viðeigandi skref út frá sínum rekstri. Hugsunin er að gefa fyrirtækjum þennan sýnileika til að sýna hvar þau standa í sínum umhverfismálum sem og almenningi að taka upplýstar ákvarðanir við hverja þeir versla vöru eða þjónustu, eins og minnst var á áðan, eða hjá hverjum fólki er að vinna. Fólk vill vita þetta. Komandi kynslóðir vilja vinna hjá fyrirtæki sem huga að þessu. Þannig að gagnsæi og sýnileiki skiptir bæði fyrirtækin og neytendur máli. Við erum að hjálpa fyrirtækjum með sinn sjálfbæra rekstur; hjálpa þeim að taka þessi skref. Þetta kerfi hjá okkur, þess-

77 Hugmyndin er að valdefla bæði fyrirtækin til að standa sig gagnvart umhverfinu og þar af leiðandi viðskiptavinum sínum en einnig að neytendur geti tekið upplýstari ákvörðun um hvar og við hverja þau stunda viðskipti.

Raquelita Rós Aguilar

hugbúnaður, stuðlar í rauninni að og hvetur til sjálfbærs reksturs hjá fyrirtækjum almennt í atvinnulífinu.“

Raquelita segir að hingað til hafi áherslan verið á lítill- og meðalstór fyrirtæki sem þurfi stuðning við að framkvæma fyrstu skrefin í sjálfbærni vegferð sinni eða vita ekki hvar þau eiga að byrja. „Ástæðan er að það eru fyrirtækin sem hafa ekki bolmagn eða þekkingu í umhverfismálum, langar til að gera eitthvað en vita ekki hvað á að gera. Þannig að þessi skref og höfum við sett upp leiðakerfi sem við köllum Laufakerfið.

Þetta eru fimm lauf með mismunandi áherslur. Hvert lauf inniheldur tvær eða fleiri aðgerðir og skiptir ekki máli í hvaða röð þú fyllir upp í laufin. Þegar þú hefur fyllt upp í öll fimm laufin og

náð 50% af Grænu skrefunum þá fá fyrirtæki viðurkenningu sem við ætlum okkur að veita árlega. Stærri fyrirtæki eða fyrirtæki sem eru komin vel á veg í vegferð sinni geta að sjálfsögðu nýtt sér hugbúnaðinn og erum við með viðskiptavinum sem falla þar undir, enda er hugbúnaðurinn hugsaður fyrir allar tegundir og stærðir fyrirtækja. Við erum því í raun ekki að gera neitt nýtt; við erum bara búin að þróa vandaða lausn sem gerir þessa vegferð yfirstíganlega og einfaldari fyrir fyrirtæki.“

Viðmið vottana

Hugmyndin að Laufinu varð til árið 2020 og hefur mikil gagnaöflun og samtöl við þekkingaraðila og sérfræðinga átt sér stað til að styrkja hugmyndina. „Við þróun á Laufakerfinu voru viðmið vottana eins og Svansins, ISO 14001, Evrópublómansins, Bra Miljöval og Bláa Engilsins rýndar. Einnig voru skoðuð viðmið til dæmis flokkunarkerfis ESB, European Commission GPP, Handbók Festu og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna voru jafnframt skoðuð.“

Laufið er ekki vottunaraðili en hugbúnaðurinn byggist aftur á móti á fyrrgreindum viðmiðum.

Raquelita segir að stór fyrirtæki vilji tengja sig við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna en að minni og meðalstór fyrirtæki, sem eru um 80% íslenskra fyrirtækja, eigi oft erfitt með að tengja sig við þau. „Okkur langar þess vegna að hjálpa þeim líka þarna.

Við viljum hafa þetta þannig að við séum með leiðandi kerfi fyrir heimsmarkmiðin þar sem við spyrjum spurninga og svo komum við með tillögur út frá svörumum

og þannig getur viðkomandi tengt sig betur við heimsmarkmið en þessi hugmynd er á teiknborðinu hjá okkur núna. Það er stöðug þróun í gangi og erum við með stóran vegvísi (e. roadmap) yfir hvað við ætlum okkur að gera næstu mánuði og ár; við erum bara rétt að byrja. Það er nefnilega svo margt sem hægt er að gera en við ákváðum að byrja með yfirstíganleg skref fyrir fyrirtækin.“

Komandi kynslóðir

Raquelita segir að það fylgi því hagræðing í fyrirtækjarekstri að taka skrefin í átt að sjálfbærum og umhverfisvænum rekstri. „Við höfum upplifað það að fyrirtæki og stofnanir hafa dregið úr rekstrarkostnaði með því að fylgja Laufakerfinu og Grænum skrefum atvinnulífsins til dæmis hvað varðar orkureikninga og sorphirðu.

Það er líka annað sem vert er að hafa í huga en það er að flest fram-sækin fyrirtæki eru farin af stað í þessa vegferð því að þau vita að komandi kynslóðir velja þjónustu og störf út frá þessum þáttum og ef fyrirtæki eru ekki að standa sig í þessum málum þá fara þau annað.

Við verðum að átta okkur á að eftir um það bil sjö ár verða alpha-, Z- og Y-kynslóðirnar um 80% af vinnuafli heimsins, sem eru 35 ára og yngri, en samkvæmt Íslensku kynslóðamælingunni eru þetta kynslóðirnar sem eru hvað mest meðvitáðar um áhrif umhverfis- og sjálfbærnimála og hafa áhyggjur af hlýnun jarðar. Laufið gefur því fyrirtækjum samkeppnisforskot, hugarró og stuðning ásamt sýnileika til almennings.“ ■

Vistvæn steypa og vilji til breytinga

BM Vallá framleiðir vistvæna steinsteypu fyrir mannvirkjagerð og stefnir á að árið 2030 verði hún orðin kolefnishlutlaus. Nú þegar er hún með 40% minna kolefnisspor en hefðbundin steypa.

„Um 70% af byggingum á Íslandi eru steinsteypar og til að tækla loftslagsmálin verðum við að finna lausnir til að gera steypuna umhverfisvænni. Og er það einmitt forgangsverkefni okkar að finna og þróa lausnir til að berjast við loftslagsvána,“ segir Sigríður Ósk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri umhverfis- og gæðamála.

„BM Vallá stefnir að kolefnishlutlausri steinsteypu árið 2030 þannig að við höfum sjö ár til þess að koma kolefnislausun frá framleiðslu okkar niður í núll. Á heimsvísu er steypa ábyrg fyrir fimm til átta prósentum af allri kolefnislausun þannig að þetta er ansi umfangsmikið verk að vinna,“ segir Sigríður Ósk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri umhverfis- og gæðamála, eða Sírý eins og hún er alltaf kölluð, en hún fer fyrir gæða-, umhverfis og sjálfbærnimálum hjá Eignarhaldsfélaginu Hornsteini, sem á og rekur BM Vallá, Sementsverksmiðjuna og Björgun.

Steinsteypa skiptir máli

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun gaf út skýrslu í fyrra, en kolefnislausun frá íslenskum byggingariðnaði hafði verið metin í fyrsta skipti, og kom í ljós að byggingarfeinin sjálf eru ábyrg fyrir um það bil 45% af kolefnisspori byggingariðnaðarins. Um 70% af byggingum á Íslandi eru steinsteypar.

„Ef stjórnvöld, sveitarfélög og aðrir hagaðilar ætla að ráðast í aðgerðir í loftslagsmálum hvað varðar byggingariðnaðinn þá þarf að horfa til steinsteypunnar og finna leiðir, til dæmis með nýsköpun, til að gera hana umhverfisvænni.

Berglind, vistvæna steypa frá BM Vallá, er núna með allt að 40% lægra kolefnisspor heldur en hefðbundin steinsteypa sem er á markaði og erum við að þróa alls konar lausnir sem miða að því markmiði að bjóða kolefnishlutlausu steinsteypu. Hluti af því er að nota minna sement í sementsblöndur því sementið ber ábyrgð á 90% af kolefnisspori steypunnar.

Þar sem sement er ekki framleitt lengur á Íslandi flytjum við inn sement frá Noregi og vinnur sementsbirgir okkar, Norcem, einnig að margvíslegum aðgerðum til að draga úr kolefnisspori sementsins. Norcem er að notast við flugösku sem hefur svipaða bindieiginleika og sement til þess að draga úr sementsmagni.

Meðal annarra metnaðarfullra aðgerða er risavaxið verkefni á sviði kolefnisföngunar og kolefnisföngunar,“ segir Sírý. „Þetta eru lausnir sem koma til með að skila sér inn á íslenska markaðinn á næstu árum.“

Draga úr sementsmagni


Hjá BM Vallá er unnið að margs konar verkefnum í tengslum við umhverfismál, sjálfbærni og þróun nýrra vara sem hafa lægra kolefnisspor.

„Við erum að skoða efni eins og íslenska móbergið sem hefur svipaða bindieiginleika og sement og vonandi verður hægt að draga enn frekar úr sementsmagni með því að nota móberg í staðinn. Við erum einnig að skoða Carbon Cure-búnað í steypuframleiðslunni sem miðar að því að dæla kolefni inn í steypuna. Við erum



Sigríður Ósk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri umhverfis- og gæðamála hjá BM Vallá.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Með Berglinni, vistvænni steypu, og öðrum aðgerðum hefur BM Vallá tekist að lækka kolefnissporið á hvern rúmmetra af steypu um 14,3%.

Hönnuðir þurfa að skrifa upp á vistvæna steypu í verklýsingum og allir aðilar tengdir byggingarframkvæmdum, þar með talið á verkstað, þurfa að gera slíkt hið sama.

Sigríður Ósk Bjarnadóttir

búin að setja hann upp í steypuframleiðslunni og erum að dæla koltvíoxíði í blautu steypu þannig að við erum að blanda kolefni frá annarri framleiðslu í steypuna sem gerir hana sterkari og þar með er hægt að draga úr sementsmagni. Við erum í alls konar svona nýsköpunarverkefnum og hægt og rólega koma þessi stóru og litlu verkefni okkur í átt að vistvænni lausnum og að lokum að kolefnishlutleysi án þess að rýra gæði steypunnar.“

Sírý bendir á að farið hafi verið að nota móberg í íslenskt sement á sjöunda áratugnum þannig að þetta er ekki nýtt af nálinni. „Þessu var síðan hætt þegar við fórum að flytja inn sement. Móbergisverkefnið getur haft viðtæk áhrif annars staðar í Evrópu. Flugaskan er aukaafurð frá kolaframleiðslu en kolabrennsla á að hætta árið 2040 sem þýðir að flugaskan verður ekki lengur til en hún hefur þessa bindieiginleika. Þannig að ég held að móbergið eigi eftir að koma mjög sterkt inn.“

Jarðefnagarður eflir hringrásarhagkerfið

„Við, ásamt samstarfsaðilum, erum líka að skoða uppbyggingu á jarðefnagarði til að nýta betur jarðveg, steinefni og óvirkan úrgang frá uppgrefti. Eins og staðan er núna er 5-600.000 tonnnum af jarðefnum ekið frá höfuðborgarsvæðinu og um 400.000 tonn fara núna í Bolöldu. Þar er þeim komið fyrir í gamalli námu en það er verið að fylla hana upp. Miklu af gæða-

jarðvegsefni er ekið upp í Bolöldu án þess að það sé endurnotað eða endurnýtt þannig að við erum að skoða hvort það sé grundvöllur fyrir því að þróa jarðefnagarð, þar sem hringrásarhugsun er útgangspunkturinn, og sjá hvort við getum ekki búið til eitthvað sem getur þá annaðhvort farið aftur í steypuna eða er hægt að nota í einhvern byggingariðnað. Með þessu væri stigið mikilvægt skref í eflingu hringrásarlausna og tel ég að það eigi eftir að skila miklu til samfélagsins og hafa jákvæðari umhverfisáhrif.“

Fylgst með kolefnissporinu

Sírý segir að hjá BM Vallá sé búið að fylgjast með kolefnisspori í framleiðslu síðan árið 2012 þannig að hægt er að sjá á hverjum degi, mánuði og ári hvert kolefnissporið er á hvern rúmmetra af steypu. „Við erum búin að vera að horfa á þetta fara niður með nýjum steypuuppskriftum og nýjum blöndum. Við erum líka að nota hugbúnaðarlausnir frá Klöppum

og fylgjumst vel með helstu ESG-mælikvörðum tengdum sjálfbærni: efnahags-, umhverfis- og samfélagsmælikvörðum. Við mælum, fylgjumst með þróun og setjum okkur mælanleg markmið. Við erum að fara að gefa út samfélagskýrslu í annað sinn og miðla þeim árangri, áskorunum og markmiðum sem tengjast þessum mælikvörðum. Á síðasta ári vorum við með sérstaka aðgæslu varðandi úrgangsmálin og höfum verið í átaki gagnvart rétttri úrgangsstýringu og flokkun. Þessi vegferð hefur leitt til þess að frá árinu 2020 hefur BM Vallá tekist að lækka kolefnissporið á hvern rúmmetra af steypu um 14,3% og minnkað þar með heildarlosun um rúmlega 5.200 tonn af kolefnisígildum sem samsvarar losun frá yfir 3.200 fólksbílum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti.“

Samstarf og vilji til breytinga lykilatriði

Mikil vinna og gróska tengd nýsköpun er í gangi og segir Sírý mörg samstarfsverkefni í gangi varðandi umhverfismálin. „Ég vil itreka hversu mikilvægt þétt samtal og gott samstarf milli allra aðila í virðisdeðjunni er til þess að sjá mælanlegan árangur í að gera byggingariðnaðinn umhverfisvænni. Í dag bjóðum við upp á Berglinni, vistvænni steypu sem kemur með 40% minna kolefnisspor samanborið við hefðbundna steypu, og verður alltaf meira og meira vistvæn. Samfélagið kallar á lausnir sem eru umhverfisvænni og allar rannsóknir benda til þess að fólk vilji vörur sem hafa jákvæðari umhverfisáhrif. Það er því lykilatriði að hönnuðir, arkitektar, verkfræðingar og framkvæmdaaðilar svari því kalli og séu viljugir að stíga þetta mikilvæga skref með okkur. Hönnuðir þurfa að skrifa upp á vistvæna steypu í verklýsingum og allir aðilar tengdir byggingarframkvæmdum, þar með talið á verkstað, þurfa að gera slíkt hið sama. Þannig gerum við mannvirki landsins umhverfisvænni og drögum úr kolefnissporinu – því í raun er ekkert annað val.“ ■

Metnaðarfull, jákvæð og tilbúin í breytingarnar

Jóhanna Helga Viðarsdóttir fer fyrir nýju sviði sjálfbærni og stafrænnar þróunar hjá Skeljungu. Hún segir verkefni stór, spennandi og ögrandi en að félagið sé þegar byrjað að gera sig gildandi í sjálfbærum rekstri.

„Okkur hefur fundist vanta í umræðuna um orkuskiptin á Íslandi að milliskrefið í átt að orkuskiptum verði blanda af mismunandi orkugjöfum. Í umræðunni er rafmagn jafnan í brennidepli, en á þessari vegferð koma fleiri grænir orkugjafar við sögu, svo sem rafeldsneyti, vetni, ammóníak, metanól eða metan, sem allt eru umhverfisvænni valkostir og munu draga úr þeirri losun sem jarðefnaeldsneyti veldur óneitanlega í dag.“

Þetta segir Jóhanna Helga Viðarsdóttir, framkvæmdastjóri sjálfbærni og stafrænnar þróunar hjá nýja Skeljungu.

Nýi Skeljungur er ekki sá sami og gamli Skeljungur var í árána rás. Í kjölfar uppskiptingar Skeljungs hf. þann 1. desember 2021 var Skeljungur ehf. stofnað og er nú gamli Skeljungur orðin Skel fjárfestingarfélag. Forstjóri Skeljungs ehf. er Þórður Guðjónsson.

„Skeljungur hefur gengið í gegnum miklar umbreytingar í kjölfar uppskiptingarinnar á gamla Skeljungu og þar af leiðandi hafa fyrirtæki og almenningur kannski ekki uppgötvað fyrir hvað nýi Skeljungur stendur í dag. Okkur er stundum enn ruglað saman við bensinstöðvarekstur, eins og var aðalsmerki Skeljungs hér áður fyrr, og það ruglar fólk eðlilega í ríminu. Nú er búið að skipta gamla Skeljungu í þrjú félög: Gallon sem rekur tanka og aðra innviði, Orkuna sem rekur eldsneytissöðvar, fjölda smávöruslana og fleira, og svo Skeljung sem starfar fyrst og fremst á fyrirtækjamaarkaði og er með sitt eigið dreifikerfi fyrir eldsneyti. Við mætum því á olíubílum beint til verktafa um gjörvallt landið, ef svo ber undir, og erum að auki með bátadælur víðs vegar um landið,“ útskýrir Jóhanna.

Í kjölfar stofnunar nýja félagsins var unnið að endurmörkun fyrir nýja Skeljung.

„Stefna okkar hjá Skeljungu er að þjóna orkuþörf fyrirtækja til framtíðar á hagkvæman og öruggan hátt, og í sátt við samfélag og umhverfi. Frá fyrsta degi stefnu-mótunar var ákveðið að sjálfbærni skyldi vera ein af meginstöðunum í stefnu félagsins og því var stofnað sérstakt svið tileinkað sjálfbærni og stafrænni þróun á liðnu ári,“ greinir Jóhanna frá.

Fremst í grænum orkugjöfum

Undir lok síðasta árs samþykkti stjórn Skeljungs nýja sjálfbærni-stefnu sem endurspeglar vilja félagsins til að hafa jákvæð áhrif á þróun samfélagsins og þess umhverfis sem félagið starfar í, ásamt því að draga úr neikvæðum áhrifum þess.

„Við vitum að grænir orkugjafar munu verða í aðalhlutverki í orkuskiptum heimsins,“ segir Jóhanna. „Við tökum þeirri áskorun og stefnum að því að vera fremst í sölu og dreifingu á orkutengdum þjónustuþáttum til atvinnulífsins. Félagið vill vera drifkraftur í orkuskiptum með öflugri sölu- og

viðskiptaþróun, framúrskarandi stafrænni tækni og vel samþættu þjónustuframboði.“

Jóhanna segir olíuðnaðinn standa frammi fyrir miklum áskorunum þegar kemur að því að draga úr mengun, en mestu máli skipti hvernig tækniþróun verði á næstu árum.

„Skeljungur er á fyrirtækjamaarkaði og þjónar stórum atvinnugreinum, svo sem flug-únaði, sjávarútvegi og landbúnaði. Það á eftir að koma í ljós hvaða græna eldsneyti verður ofan á. Að öllum líkindum verður það blanda af mörgum mismunandi lausnum, allt eftir því hvernig tækninni fleygir fram. Okkar áskorun er að þróa vöruframboð í takti við þá þróun sem mun eiga sér stað á næstu árum. Þar mun ólíklega verða til töfralausn sem kemur á orkuskiptum í íslenska atvinnugeiranum, heldur blanda af ýmsum orkugjöfum sem verða í senn grænni og umhverfisvænni. Allt tvinnast það inn í sjálfbærni-stefnuna okkar um að þróa vöruframboð í átt að samdrætti í losun hjá viðskiptavinum félagsins og hjálpa þeim að innleiða nýja orkugjafa hjá sér.“

Rafeldsneyti til Íslands

Á sjálfbærni-vegferð Skeljungs er lögð áhersla á markvissa þróun vöruframboðs með áherslu á gæði, umhverfisvænni valkosti, persónulega þjónustu, hraða og áreiðanleika.

„Vöruframboð er einn lykilinn í að aðstoða viðskiptavinum okkar við að draga úr sinni losun. Við höfum unnið markvisst að því að auka vægi orkugjafa, sem og annarra vara í vöruframboði Skeljungs, sem valda minni losun og við ætlum að halda áfram að þróa vöruframboð okkar í átt að samdrætti í losun hjá viðskiptavinum félagsins,“ segir Jóhanna.

Sem dæmi um slíkt verkefni má nefna viljayfirlýsingu við danska sjóðinn CI Energy Transition Fund I um að skoða möguleikann á að kaupa rafeldsneyti af sjóðnum og dreifa því og selja, meðal annars til íslenskra notenda.

„Þetta eru fyrstu viljayfirlýsingar sinnar tegundar sem gerðar eru á Íslandi,“ segir Jóhanna.

Skeljungur áætla einnig að hefja sölu á E10 eldsneyti til heildsöluviðskiptavina á fyrri hluta þessa árs.

„Það er eldsneyti sem inniheldur 10 prósentu blöndu af etanóli á móti 90 prósentu hlutfalli jarðefnaeldsneytis, eða svokallað E10 eldsneyti. Til samanburðar inniheldur bensín sem selt er á bensinstöðvum í dag 5 prósentu blöndu af etanóli á móti 95 prósentu hlutfalli af jarðefnaeldsneyti,“ upplýsir Jóhanna.

„Etanól er framleitt úr korni og öðrum lífrænum úrgangi, en með því að blanda því saman við jarðefnaeldsneyti má draga úr áhrifum útblásturs við brennslu eldsneytisins og draga þannig úr kolefnisfótspori farartækja og vinnuvéla sem það nota. E10 mengar þar af leiðandi minna en E5 og flest ökutæki og vélar geta brennt E10 eldsneyti,“ útskýrir Jóhanna.

Einnig er vert að geta þess að á næstu misserum verður Skeljungur fyrstur til að hefja innflutning á lífdísilblandaðri skipadísilolíu.

„Allt eru þetta stór skref og það mun taka tímann sinn að koma



Skeljungur þjónustar nú mestmegnis fyrirtæki og er með sitt eigið dreifikerfi sem flytur eldsneyti um land allt.

MYND/ABSEND

slíkum verkefnum á koppinn en vonandi taka fyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi vel í að byrja að innleiða lífdísilblandað eldsneyti á skip sín,“ segir Jóhanna.

Kolefnisspor óbeinnar losunar
Fyrsta sjálfbærnisráðgjafi Skeljungs ehf. hefur nú litið dagsins ljós og er aðgengileg á vef félagsins, skeljungur.is/sjalfbaerri. Hún er metin út frá allri starfsemi félagsins, umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum.

„Með því að birta sjálfbærni-

skýrsluna samkvæmt GRI-staðl-inum og UFS-viðmiðum Nasdaq gefur Skeljungur hagsmunaaðilum skýrari mynd af starfsemi sinni og áhrifum félagsins á samfélagið,“ segir Jóhanna.


Í ár steig Skeljungur það skref að birta kolefnisfótspor seldra vara í kolefnisbókhalda sínu fyrst félaga á olíumarkaði.

„Það er áskorun fyrir okkur að kortleggja kolefnisspor óbeinnar losunar í umfangi 3, en jafnframt nauðsynlegt skref á þeirri vegferð sem við erum á,“ segir Jóhanna.

Jóhanna Helga Viðarsdóttir er framkvæmdastjóri sjálfbærni og stafrænnar þróunar hjá Skeljungu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

”
Vonandi taka fyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi vel í að byrja að innleiða lífdísilblandað eldsneyti á skip sín.



Horft er til þess að sjálfbært flugvélaeldsneyti (SAF) geti leikið stórt hlutverk í því að draga úr kolefnislosun í flugrekstri í framtíðinni.

MYNDIR/ADSENDAR



Á næstu miss-erum verður Skeljungur fyrstur íslenskra olíufyrirtækja til að hefja innflutning á lífdísilblandaðri skipadísilolíu.

MYND/ADSEND

Skeljungi að gera sífellt betur í sjálfbærnimálum," segir Jóhanna.

Sjálfbærnisráðgjafi er sú fyrsta í sögu nýja Skeljungs og segir Jóhanna félagið því ekki hafa samburðarar.

„En þegar við horfðum á hana heilt yfir fannst okkur sú vinna og grunnur vera raunhæfur og stöndugur. Markmiðasetningin er metnaðarfull og við sjáum strax að við erum komin af stað með verkefni sem geta og ættu að skila talsverðum árangri fyrir atvinnulífið og okkur í framtíðinni. Við erum jákvæð og bjartsýn, og skýrslan er góður grunnur að okkar mati," segir Jóhanna.

Hún er spennt að heyra viðbrögð viðskiptavina Skeljungs við sjálfbærnisráðgjafinn.

„Við fáum mikið af fyrirspurnum um hvað við séum að gera í sjálfbærnimálum og þá er gott að vera með skýrsluna sem dregur fram og sýnir skýrt stefnu okkar í þessum málaflokk. Þetta

er enda stórt, flókið og viðamikíð mál og gott að ná því saman í góða skýrslu sem sýnir allt svart á hvítu. Við viljum sýnileika og gegnsæi í því sem við erum að gera, til að auka skilning á því sem við vinnum að og kannski eru þar samstarfsfletir. Við þurfum að virkja nýsköpunarmeninguna og við erum opin fyrir alls konar hugmyndum um samstarf og áhugaverð verkefni sem fleyta okkur í átt að aukinni sjálfbærni. Þess vegna er samtal um sjálfbærnimálin í atvinnulífinu svo mikilvægt akkúrat núna.“

Breytingar eru góðar

Til að tryggja að unnið sé markvisst eftir sjálfbærnistefnu Skeljungs hefur verið sett saman sjálfbærniteymi sem hefur það hlutverk að koma með tillögur að markmiðum sem stýja við áherslupætti í stefnu um sjálfbærni. Teymið er skipað starfsfólki af öllum sviðum félagsins

og hópinn leiðir Ingunn Þóra Jóhannesdóttir, sjálfbærni-, öryggis og gæðastjóri félagsins.

„Hlutverk sjálfbærniteymisins er að vinna að aðgerðaáætlun þar sem markmið og aðgerðabinding er skilgreind í málaflokkum sem stefnan nær til. Teymið ber þannig ábyrgð á að innleiða stefnuna, kynna samþykktu aðgerðaáætlun, niðurstöður mælinga og framtíðarsýn fyrir starfsfólk félagsins og þannig tryggja að allir séu meðvitaðir um stefnu Skeljungs í sjálfbærni," útskýrir Jóhanna.

Hjá félaginu starfa í dag tæplega sextíu manns.

„Skeljungur mun takast á við allar þessar breytingar með gildin okkar að leiðarljósi: jákvæðni, metnað og að vera tilbúin í breytingar. Gildin eru mikilvægur þáttur í að byggja upp menningu sem styður við hagkvæman rekstur, og ekki síst þar nauðsynlegu breytingar sem þarf að vinna í átt að sjálfbærni, til hagsbóta fyrir umhverfið og samfélagið allt. Starfsfólkið tekur mjög vel í að vinna með þessu hugarfari og ég finn fyrir miklum áhuga og metnaði niður í allar deildir Skeljungs þegar kemur að því að vinna í aukinni sjálfbærni. Breytingar eru heldur ekki slæmar. Þær eru góðar," segir Jóhanna hjá Skeljungi sem skaffar atvinnugreinum mikið magn jarðefnaeldsneytis.

„Við þurfum að þróast og við ætlum okkur að þróast. Við þurfum að vera á tánum og byrja strax á því að koma með lausnir, fylgja þróuninni eftir og aðstoða við hana þar sem við getum. Þetta eru stórar áskoranir.“

Mörg græn teikn á lofti

Jóhanna Helga tók við starfi framkvæmdastjóra sjálfbærni og stafrænnar þróunar hjá Skeljungi í lok fyrrasumars.

„Sjálfbærni í rekstri er okkur mikils virði. Við finnum fyrir miklum áhuga samstarfsaðila okkar og viðskiptavina og það er mikill hugur í atvinnulífinu. Við viljum vera drifkraftur og fyrirmynd á þessu sviði. Við reynum auðvitað að gera okkar besta og einblína á það sem við getum gert betur, frekar en að bera okkur saman við aðra. Það er okkur kappsmál að gera vel og ég vona að aðrir á sambærilegum markaði vinni heils hugar í málaflokknum, því allir vinna og græða á því.“

Til framtíðar litið sér Jóhanna fyrir sér að vinna af festu í sjálfbærnimálum félagsins.

„Þetta er langtíma verkefni en við bútum flínn í bita og tókum skrefin eftir því sem markaðnum og tæknipróuninni fleygir fram. Það er mikils virði að ná árangri fyrir samfélagið í þessum efnun. Atvinnugreinar á Íslandi eru mjög háðar jarðefnaeldsneyti og til að ná fram alvöru framförum og draga úr losun þurfum við að taka til hendinni. Í umræðunni er mikill fókus á orkuskipti í samgöngum en við þurfum ekki síður að horfa á orkuskipti í atvinnulífinu og hvernig þau lita út.“

Flugaðilar eru stórir viðskiptavinir Skeljungs og valda miklum útbæstri.

„Í framtíðinni er verið að skoða sjálfbært flugvélaeldsneyti (SAF) fyrir flugvélar en það er ekki orðið nægilega hagkvæmt að flytja það inn og slikt eldsneyti er enn af skornum skammti í heiminum. Við viljum taka þátt í þeim orkuskiptum um leið og tækifæri gefst, ekki spurning," segir Jóhanna og bætir við:

„Það eru mörg teikn á lofti og alls konar orkugjafir sem eru mögulega að hefja innreið sína í stað jarðefnaeldsneytisins. Slíkt mun hins vegar taka tíma og gerist ekki á einni nóttu. Við þurfum að vinna markvisst í því til að svo geti orðið og Skeljungur er svo sannarlega að gera sig gildandi í þeirri vegferð.“ ■

Þetta er langtíma-verkefni en við bútum flínn í bita og tókum skrefin eftir því sem markaðnum og tæknipróuninni fleygir fram.

Íslendingar þreyttir á innihaldslausum yfirlýsingum

Með fram aukinni umhverfisvitund neytenda getur farið að örla á svokallaðri grænni þreytu sem tilkomin er vegna viljandi og óviljandi grænþvottar fyrirtækja á starfsemi sinni og vörum.

Að sögn Elvu Rakelar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Svansins á Íslandi, telur meira en 70% af íslenskum neytendum að fyrirtæki yki hversu umhverfisvænar vörur þeirra eru. „Þetta var meðal þess sem kom fram í stórri norrænni neytendakönnun sem Umhverfismerkið Svanurinn stóð fyrir nýlega,“ segir hún.

Græn þreyta hjá almenningi

„Traust almennings til yfirlýsinga fyrirtækja um umhverfismál minnkar sífellt, einkum þegar erfitt er að átta sig á því hvað býr að baki yfirlýsingunum,“ segir Elva. Hún segir að yfir 60% neytenda séu pirruð yfir grænni markaðssetningu sem ekki er innistæða fyrir og rúmlega helmingi þyki erfitt að velja rétt þegar kemur að umhverfissvænu vöruvali. „Græn þreyta er eitt þriggja atriða sem almenningur skilgreinir sem stærstu hindranir til umhverfisvænni lífsstíls. Þá kemur skýrt fram að almenningi finnst atvinnulífið ekki gera nóg til að ýta undir sjálfbæra neyslu og framleiðslu,“ segir hún.

Íslenskir neytendur eru að sögn Elvu meðvitaðir um hættuna á grænþvotti og hafa litla þolinmæði fyrir því að vörur eða þjónusta sé markaðssett undir fölsku eða innihaldslitlu grænu flaggi. „Aðeins 18% neytenda treystir einhliða yfirlýsingum fyrirtækja eða merkingum um umhverfisgæti sem fyrirtækin búa sjálf til. Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart því



Elva Rakel segir að með nýju regluverki ESB muni fyrirtækjum verða óheimilít að nota óskýrar fullyrðingar um umhverfisáhrif sem ekki er hægt að sýna fram á eða skjalfesta.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

öll viljum við gera vel og þekking almennings er smátt og smátt að aukast á mikilvægi þess að vanda til verka í umhverfismálum. Traust til opinberra umhverfismerkjanna eins og Svansins eykst á sama tíma, enda liggur að baki vottuninni áreiðanlegt vottunarferli byggt á faglega sértækum viðmiðum.“

Íslendingar treysta Svaninum

„Það er mjög jákvætt að sjá að Íslendingar treysta Svaninum.

Könnunin sýnir að Íslendingar efast meira um eigin yfirlýsingar fyrirtækja heldur en nágrannar okkar, en á sama tíma eru þeir líklegri til að treysta á að vara sé umhverfisvæn þegar hún hefur verið vottuð af óháðum þriðja aðila. Á síðustu árum hefur þekking Íslendinga á Svaninum einnig aukist mjög hratt og merkið er langþekktasta neytendamerking á markaðnum í dag.

Með því að Svansvotta vöru

Með því að Svansvotta vöru eða þjónustu sendir fyrirtækið skýr skilaboð til neytenda um að umhverfismálin hafi verið tekin út af óháðum aðila.

eða þjónustu sendir fyrirtækið skýr skilaboð til neytenda um að umhverfismálin hafi verið skoðuð heildstætt og tekin út af óháðum aðila. Svanurinn er lífsferilsmerki sem þýðir að þar er tekin heildstæð nálgun, í stað þess að skoða bara einstaka umhverfisþætti. Kröfurnar eru þróaðar út frá því hvaða atriði eru mikilvægust fyrir umhverfið og heilsuna fyrir nákvæmlega vöruna sem er verið að votta,“ segir Elva.

Grænþvottur oftast óviljandi

Grænþvottur er þegar fyrirtæki setur fram rangar eða misvísandi upplýsingar um umhverfisgæti eigin vöru eða þjónustu. Önnur tegund af grænþvotti getur verið að draga upp einn umhverfisþátt, en minnst ekki á annan sem hefur ef til vill mun meiri áhrif. Með þessu er verið að horfa fram hjá lífsferlinum með því að einblína á einstaka atriði. „Þegar við ræðum um grænþvott er gott að hafa í huga að hann á sér yfirleitt stað án einbeitts brotavilja fyrirtækja. Algengustu dæmin eru líklega óvarkár orðanotkun. Til dæmis er algengt að nota ord eins og grænt, sjálfbært eða náttúrulegt til að lýsa vörum. Í dag er einnig algengt að henda fram orðunum kolefnishlutlaust eða -jafnað. Yfir-

leitt gengur fyrirtækjum gott eitt til, en það er vissulega snúið fyrir almenning að skilja og sannreyna slíkar yfirlýsingar,“ segir Elva.

ESB setur stífari reglur

Glænýtt regluverk ESB, sem er kennt við Green Claims eða grænar yfirlýsingar, setur skýrari reglur um hvað fyrirtæki mega fullyrða um eigin frammistöðu í umhverfismálum. Tilgangurinn er að vernda neytendur og koma í veg fyrir grænþvott. „Umhverfisyfirlýsingar án innistæðu geta skapað skakkt markaðsforskot. Því felst ákveðin markaðsvernd í skýrari reglum um grænar yfirlýsingar.

Villandi viðskiptahættir eru nú þegar bannaðir á Íslandi og innan ESB. Með drögumum sem sambandið hefur nú gefið út styrkist þetta bann og einblínir sérstaklega á grænar fullyrðingar. Ef regluverkið nær fram að ganga verður bannað að nota óskýrar fullyrðingar um umhverfisáhrif sem ekki er hægt að sýna fram á eða skjalfesta. Einnig verður lagt bann við að nota staðhæfingar um vöru sem bara eiga við um ákveðinn hluta eða einhver hráefni í vörunni. Það sem okkur finnst kannski mikilvægast er að það verður óheimilt að nota merki eða lógó sem byggja ekki á umhverfisvottunum, stöðlum eða merkingum sem innleiddar hafa verið af yfirvöldum.

Framleiðendur munu þurfa að laga sig að breyttu rekstrarumhverfi og afleiðingin af því ætti að verða vandaðra umhverfisstarf atvinnulífsins og aukin notkun á áreiðanlegum vottunarkerfum, líkt og Svaninum. Við hvetjum fyrirtæki til að kynna sér hvort Svanurinn henti fyrir þeirra vöru eða þjónustu á svannurinn.is,“ segir Elva að lokum. ■

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

meiri orka

Íslensk burnirót með fjallagrösom
60 HYL RHODIOLA ROSEA

Mundu eftir þér á hverjum degi!

Brosandi með burnirót

Náttúruleg & kröftug blanda fyrir aukna orku & hamingju

Íslensk burnirót með einstaka virkni

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

NON-GMO

100% VEGAN

GROW AUKAVERI
POSITIVE FEEL

KAVITA

Saman í átt að sjálfbærari framtíð

Við viljum veita innblástur og gera eins mörgum og mögulegt er kleift að lifa sjálfbærara lífi á einfaldan og hagkvæman hátt. Við leggjum áherslu á hringrásarhugsun, stuðlum að orkusparnaði og gerum heimilislífið heilsusamlegra. Við erum staðráðin í að leiða veginn fram á við og hafa jákvæð áhrif. Því fleiri sem við náum til, því meiri áhrif getum við haft saman og gert daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta.


HÁLLBAR
flokkunarsamsetning, 55 l

11.450,-/6 í setti



Laufið

Prófaðu
Laufið frítt í
30 daga!



Íslenskt

Léttari liðir

Undraefni fyrir liði brjósk og bein
Einstök virkni sæbjúnaextrakts
úr íslensku hafi

partur
af lífinu

NORDIC NUTRITION
PROTIS
liðir
VERNDAR LIÐI,
BEIN OG BRJÓSK
120
hyki
Íslenskt
íslenska
íslenska

Fæst í helstu matvöruverslunum,
apótekum og á www.protis.is

NORDIC NUTRITION
PROTIS

ERTU MEÐ'ETTA? EÐA TEKUR STEFNAN
ÞÍN MIÐ AF SJÁLFBÆRRI ÞRÓUN?



Ráðgjöf í stefnumótun með sjálfbærni að leiðarljósi og innleiðing
Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna eru sérsvið Podium ehf.

Podium hefur unnið fyrir fyrirtæki stór og smá og mótað stefnur með
sveitarfélögum og stofnunum.

- Stefnumótun með sjálfbærni að leiðarljósi
- Sjálfbærnistefna sem tekur mið af stefnu fyrirtækja
- Mikilvægisgreining til að meta helstu sjálfbærniþætti
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem hluti stefnu
- Sjálfbærnisráðgjöf með GRI, UFS og fleiri viðmiðum
- Vinnustofur og innleiðing meðal starfsmanna
- Sjálfbærniupplýsingagjöf sem tekur mið af nýjum lögum og reglugerðum

eva@podium.is

www.podium.is

PODIUM
– punkturinn yfir i-ð



Þórarinn Ívarsson er stofnandi og framkvæmdastjóri Veraldarvina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Veraldarvinir standa í ströngu

Veraldarvinir eru alþjóðleg samtök sjálfbodaliða sem hafa meðal annars unnið við að hreinsa fjörur landsins.

gummih@frettabladid.is

Þórarinn Ívarsson er stofnandi og aðalhvatamaðurinn að framgangi samtakanna sem voru stofnuð fyrir 22 árum síðan. Umhverfisverkefni Veraldarvina hafa verið fjölbreytt, en auk hreinsunar á strandlengju Íslands hefur trjám verið plantað í ríkum mæli og einnig standa samtökin fyrir fræðslu um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni. Á hverju ári koma mörg hundruð sjálfbodaliðar til starfa fyrir Veraldarvina.

Veraldarvinir eru að gera stórmærkilega hluti þegar kemur að sjálfbærni, en samtökin eru að byggja upp tvö sjálfbærnisetir í húsum sem stóðu að í fjölda ára. Þetta er gamla simstöðin Brú í Hrutafirði og hið merkilega ráðsmannshús í Krýsuvík.

„Við höfumst handa á Brú í Hrutafirði fyrir næstum því þremur árum síðan. Þetta er tólf til þrettán hundruð fermetra hús sem er í eigu Festis. Þetta var simstöð á árum áður og miðstöð samskipta á Íslandi áður en farsímarnir komu. Þetta hús hafði staðið autt í mörg ár og var í algjörru niðurníðslu. Þetta var í skelfilegu ástandi en við erum búin að gera það upp á þessum tæpum þremur árum og það er svo til klárt,“ segir Þórarinn, sem er framkvæmdastjóri Veraldarvina.

Þórarinn segir að í húsinu séu þeir erlendu sjálfbodaliðar sem

eru að vinna að umhverfismálum. „Við komum fyrir hátt í 40 manns í húsinu. Það er allur búnaður til að framleiða rafmagn til staðar í húsinu en lögnin upp að stíflunni er brostin og er ónýtt. Við höfum verið í samstarfi við Háskólann í Reykjavík um að endurbyggja og þá erum við komin með sjálfbært hús,“ segir Þórarinn, en að hans sögn voru um tíu sjálfbodaliðar að jafnaði sem voru í vinnu við að standsetja húsið auk iðnaðarmanna sem unnu í pípulögnum. 25 manns eru þegar í húsinu og vinna að því að tína rusl í fjörunum þarna í kring.

Húsið í Krýsuvík er á milli sex til sjö hundruð fermetrar að stærð og var notað sem vinnuheimili fyrir börn á árum áður að sögn Þórarins.

„Ég held að þetta hús hafi staðið autt í um 20 ár og við erum núna byrjuð að taka til hendinni þar. Hafnarfjarðarbær er eigandi hússins en við gerðum samkomulag við bæinn um að fá húsið og gera það upp. Það er fullt af alls konar húsgögnum í því svo væntanlega þurfum við ekki að kaupa neitt inn í það. Þegar við verðum búin að koma húsinu í lag þá lögum við húsgögnin líka,“ segir Þórarinn.

Ætla að endurvekja gróðurhúsin Það er fleira en húsið sem Veraldarvinir eru að vinna í að koma í stand í Krýsuvík.

„Það eru átta til níu hundruð fermetrar af gróðurhúsum þarna á svæðinu og við ætlum að endurvekja þau. Við ætlum að vera með græðlinga til ræktunar á svæðinu og svo höfum við tekið að okkur félag sem heitir Gróður fyrir fólk

Þessi hús á Brú og í Krýsuvík eru frábærlega vel staðsett og við hjá Veraldarvinum hjóluðum bara í þetta verkefni.

Þórarinn Ívarsson

í landnámi Ingólfs. Við erum að rækta vistvang sem er þarna í kringum húsið. Þetta verður 300 hektara vistvangur. Sjálfbodaliðarnir okkar koma til með að búa þarna og sjá um að græða upp þetta land. Þetta verkefni í Krýsuvík fer af stað í vor. Við erum að fara að koma húsinu upp og þegar við verðum búin að koma einum fjórða í gang þá getum við farið að vinna með fólk á staðnum. Þetta verður farið af stað í byrjun maí og í júní verður komið fullt af fólki í húsið,“ segir Þórarinn.

Hann segir mikilvægt að láta hús ekki drabbast niður en nýta þau í staðinn til góðra verka.

„Þessi hús á Brú og í Krýsuvík eru frábærlega vel staðsett og við í Veraldarvinum hjóluðum bara í þetta verkefni. Það var strembið en við komumst fyrir vind í þessu verkefni.“

Þórarinn segir að frá því Veraldarvinir hófu starfsemi hafi samtökin tekið á móti um 20 þúsund sjálfbodaliðum og hafa þeir skilað 2,3 milljónum klukkustunda til íslenskrar náttúru. ■

Stór áskorun í orkuskiptum skipa

Eimskip er yfir 100 ára gamalt fyrirtæki og er leiðandi flutningafyrirtæki í Norður-Atlantshafi með sérhæfingu í flutningi á frystum og kældum vörum. Félagið er meðvitað um samfélagslegt mikilvægi sitt og sína samfélagslegu ábyrgð.

Agla Huld Þórarinsdóttir er sjálfbærnisérfræðingur hjá Eimskip. Hún segir að Eimskip leggi sig fram við að vera til fyrirmyndar og leiðandi í sjálfbærnimálum, bæði gagnvart umhverfi og samfélagi. „Við leggjum mikla áherslu á að þekkja þá áhættuþætti sem snúa að sjálfbærni í okkar rekstri og við vinnum markvisst að því að draga úr þeim,“ segir hún.

Orkuskiptin eru lykilatriði

„Það er ljóst að orkuskiptin eru lykilatriði bæði í okkar rekstri og fyrir samfélagið í heild. Við verðum að stuðla að sjálfbærari lausnum og ná að koma í veg fyrir að hitastig jarðar stigi upp fyrir 1,5°C,“ segir Agla en Eimskip hefur verið að vinna að mörgum áhugaverðum verkefnum varðandi orkuskipti. „Nú er svo komið að allir hafnar-krantar okkar á Íslandi eru drifnir rafmagni. Starfsmenn okkar og samstarfsaðilar lögðu gríðarlega miklu vinnu í að breyta krönum þannig að þeir gætu gengið fyrir rafmagni,“ segir Agla.

„Annað verkefni sem við erum stolt af er landtenging skipa en í desember náðum við þeim áfanga að geta tengt skipin okkar, Dettifoss og Brúarfoss, við rafmagn þegar þau eru í höfn. Með því náum við að slökkva á ljósavélum og draga úr kolefnisfótspori okkar auk annarra jákvæðra áhrifa á nærsamfélag okkar. Þetta var skemmtilegt verkefni sem við unnum einnig með mörgum góðum samstarfsaðilum.“

Eimskip hefur verið að skipta yfir í umhverfsvænni ökutæki, bæði með notkun metanbíla og nú síðast með því að fjárfesta í tveimur 15 tonna flutningabilum knúnum rafmagni. Þetta eru miklar fjárfestingar og það að stíga þessi skref þýðir að við erum að fjárfesta í tækjum sem eru tvöfalt dýrari en sambærileg ökutæki sem eru knúin jarðefnaeldsneyti. „Kostnaður er einmitt ein af áskorunum þegar horft er til orkuskipta en tæki sem eru knúin grænni orku eru alla jafna dýrari og þetta hægir á endurnýjun flotans okkar. Það er klárt mál að hvatning frá yfirvöldum gegnir lykilatriði ef flýta á orkuskiptum,“ segir Agla.

Agla segir skiparekstur vega þyngst þegar kemur að kolefnisfótspori og að segja megi að það sé stóra verkefni Eimskips varðandi orkuskiptin. „Við erum nú að vinna verkefni sem snýr að því að kanna hagkvæmni á smíði tveggja skipa sem væru knúin grænni orku. Þetta yrði víðamikil fjárfesting og margir óvissuþættir en öllu máli skiptir að allir aðilar séu samstíga. Fyrirtæki verða að þora að taka stór skref sem snúa að orkuskiptum og stjórnvöld verða að tryggja að næg orka sé í boði á viðráðanlegu verði. Við höfum ásamt Landsvirkjun unnið að því að kortleggja þarfir okkar og það nýttist vonandi öðrum atvinnugreinum. Orkuskipti mega ekki leiða til þess að jafnvægi raskist heldur verðum við öll að njóta þess ávinnings sem hlýst af þeim.“

„Það er stutt í 2040 þar sem Ísland hefur sett skýr markmið um að verða kolefnishlutlaust. Við verðum sem samfélag að sameinast um leiðir og tryggja þetta stóra heimsmarkmið sem allir eru að horfa til,“ segir Agla Huld.



Agla Huld Þórarinsdóttir er sjálfbærnisérfræðingur hjá Eimskip. Hún segir fyrirtækið leggja sig fram í sjálfbærnimálum fyrir umhverfi og samfélag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Eimskip hefur verið að skipta yfir í umhverfsvænni ökutæki. Bæði með metanbílum og nú síðast þá fjárfestum við í tveimur 15 tonna flutningabilum knúnum rafmagni.

Agla Huld Þórarinsdóttir

Sjálfbærni snýst ekki bara um umhverfismálin

„Þrátt fyrir að við horfum mikið til umhverfismála á okkar sjálfbærni-vegferð þá er mikilvægt að hafa í huga að sjálfbærni snýst ekki bara um umhverfismál. Með sjálfbærni erum við að halda utan um alla þá málaflokka sem tryggja réttlátara samfélag. Málaflokkarnir eru margir og fyrirtækjum ber skylda til að meta sín áhrif og stuðla markvisst að betra samfélagi og nærumhverfi,“ segir Agla.

Agla segir Eimskip leggja mikla áherslu á að tryggja öryggi og velferð starfsfólks. „Í því sambandi skiptir gríðarlega miklu máli að hafa góða öryggismenningu á öllum okkar starfsstöðvum. Til að tryggja öryggisvitund í okkar daglegu störfum þá leggjum við áherslu á fræðslu og góð samskipti. Öll störf eru metin út frá áhættu og hver hópur fær viðeigandi þjálfun.

í desember náði Eimskip þeim áfanga að geta tengt Dettifoss og Brúarfoss við rafmagn þegar þeir eru í landi. Með því næst að slökkva á ljósavélum og draga úr kolefnisfótspori.

á að Eimskip hafi einnig innleitt samgöngustyrk sem fjölmargir starfsmenn hafa nýtt sér. „Við finnum fyrir mikilli ánægju með þessa viðbót auk möguleikans á því að nýta hana t.d. bara á sumrin. Svo er ein mjög skemmtileg hefð hjá Eimskip en við bjóðum starfsmönnum sem hafa hætt hjá okkur vegna aldurs alltaf í kaffi reglulega. Þetta er mjög skemmtilegur síður og ótrúlega gaman að fá fólkið okkar aftur í hús og um leið erum við að styðja við okkar fyrrverandi starfsfólk og bjóða upp á vettvang til að hittast,“ segir hún.

„Fræðslan skipar stóran sess í okkar starfi og við erum stolt af því skrefi sem við tókum síðasta vor þegar við fórum af stað með leiðtogaþjálfun fyrir hóp starfsfólks á alþjóðavísu. Markmiðið með verkefninu er að byggja upp breiðan og fjölbreyttan hóp leiðtoga innan félagsins en í heildina hafa 74 einstaklingar frá 14 löndum farið í gegnum þjálfunina þar sem kynjahlutfall var jafnt. Þá er gaman að segja frá því að nú þegar hafa níu þátttakendur, þar af fimm konur, hlotið framgang í starfi í nýjum hlutverkum.“

Breytt regluverk

Agla segir verkefni fram undan ærin enda miklar breytingar á regluverki í tengslum við sjálfbærni, bæði sem snúa að rekstrinum og upplýsingagjöf. „Við vinnum hörðum höndum að því að kynna okkur regluverkin og þau áhrif sem þau hafa á okkar rekstur enda ljóst að þær breytingar munu hafa mikil áhrif á hvernig fyrirtæki vinna í framtíðinni.“

Að lokum segir Agla: „Ísland og heimurinn eru að stíga stór skref í átt að bættu samfélagi og hér þurfa allir að leggja á eitt til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að.“

Við leggjum mikla áherslu á sérniðna fræðslu fyrir ólík störf en síðan sameinumst við öll í árlegri öryggisviku þar sem við framkvæmum fjölbreyttar æfingar sem styðja við góða öryggisvitund.“

Fjölbreyttur vinnustaður

Eimskip er mjög fjölbreyttur vinnustaður. Félagið starfar í 20 löndum og þar starfar fólk frá yfir 40 löndum. Störfín eru einnig mjög fjölbreytt og það er því að mörgu að huga þegar unnið er að velliðan starfsfólks. „Við settum á fót sérstakan heilsu- og hamingjupakka sem tekur á fjölmörgum þáttum sem snúa að heilsu og velliðan enda er mikilvægt að fjárfesta í heilsu starfsfólks og að stuðla að almennri velliðan í vinnu. Góð heilsa snýst ekki eingöngu um heppni og því skiptir máli að styðja við fjölbreyttar þarfir starfsfólks,“ segir Agla enn fremur og bendir



Reynir Smári Atlason er forstöðumaður sjálfbærnimála hjá Creditinfo.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vera aðstoðar fyrirtæki með sjálfbærniupplýsingar

Eftirspurn eftir sjálfbærniupplýsingum fyrirtækja hefur aukist umtalsvert með tilheyrandi umfangi og kostnaði við öflun slíkra upplýsinga.

Nýtt regluverk hefur og mun gera fjölmörgum fyrirtækjum skylt að afla og birta upplýsingar um umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti í sínum rekstri og í tilfelli fjármálafyrirtækja eru kröfurnar sérstaklega miklar.

Til að koma til móts við þessar auknu kröfur hefur Creditinfo kynnt Veru til sögunnar, sem sýnir á einum stað helstu sjálfbærniupplýsingar um öll íslensk fyrirtæki.

„Vera er sniðin þannig að við hjá Creditinfo söfnum saman upplýsingum um sjálfbærnimál fyrirtækja. Sjálfbærniupplýsingar finnast víða hvort sem þær eru í skjölum, á vefsvæðum eða í skýrslum. Það er jafnvel fjölmörgum fjöllum sem við erum að fylgja, við erum að skoða dómsmál og þetta er rosalega breið flóra af gögnum sem eru ekki endilega að birtast einu sinni á ári í skýrslum sem fyrirtækin matreiða sjálf. Við erum að toga gagnaupplýsingar héðan og þaðan og birtum í einu þægilegu viðmóti,“ segir Reynir Smári Atlason, forstöðumaður sjálfbærnimála hjá Creditinfo.

„Ástæðan fyrir því að við hjá Creditinfo búum Veru til er að regluverk tengt sjálfbærni er að leggja á fjármálamarkaðinn af miklum þunga. Bankar og önnur fjármálafyrirtæki þurfa ákveðin gögn til að geta auðveldað sér þessa upplýsingaskyldu,“ segir Reynir, sem starfaði hjá Landsbankanum í þessum málaflökki áður en hann fór til Creditinfo. „Maður sá þetta fyrir og aðgengi að gögnum var mjög takmarkað. Það er í rauninni það sem við erum að leysa.“

Geta uppfært upplýsingarnar Virkar Vera fyrir öll íslensk fyrirtæki?

„Já, þú getur flett upp hvaða fyrirtæki sem er og sömu upplýsingar birtast fyrir öll íslensk fyrirtæki. Svo geta fyrirtækin farið inn í Veru í gegnum Mitt Creditinfo og uppfært upplýsingar um eigið fyrirtæki. En það er aðeins hluti af upplýsingum sem þú getur uppfært eins og til dæmis losun gróðurhúsalofttegunda. Við erum með líkan sem áætla losun gróðurhúsalofttegunda en ef fyrirtækin hafa birt slíka tölfræði þá höfum við náð í þær upplýsingar.

Ef þú hefur reiknað losun gróðurhúsalofttegunda frá þínum rekstri og vilt setja þær þarna inn þá getur þú uppfært þær upplýsingar fyrir þitt fyrirtæki á Mitt Creditinfo. Ef þú veist í hvaða löndum virðisikeðjan þín liggur þá getur þú sett þær upplýsingar inn og það er hitt og þetta sem þú getur uppfært og miðlað á fjármálamarkaðinn á einum stað,“ segir Reynir, en Vera aðstoðar öll fyrirtæki, hvort sem þau eru smá eða stór, að miðla upplýsingum tengdum sjálfbærni til hagaðila á samræmdan máta.

En sumt geta fyrirtækin sjálf ekki uppfært að sögn Reynis. „Þú getur til að mynda ekki fjarlægð fjölmörgum fjöllum sem þér þykir óþægileg eða dómsmál. Í dómsmálum horfum við líka á tengd félög. Ef þú ert að skoða eitt fyrirtæki en stór eigandi þess fyrirtækis birtist í dómsmálum þá sést það í Veru og sömuleiðis að ef þú átt stóran hluta í fyrirtæki sem er búit að vera í dómsmálum þá birtir Vera það líka. Þannig að í Veru er mjög fjölbreytt yfirlit yfir þessa umhverfis- og félagslegu stjórnarhætti,“ segir Reynir Smári.

Auðvelt er að sækja sjálfbærniupplýsingar um íslensk fyrirtæki á þjónustuvef Creditinfo. Þær sjálfbærniupplýsingar sem sóttar eru í Veru nýtast fyrirtækjum sem þurfa að standa skil vegna komandi regluverks á sviði sjálfbærni líkt og SFDR, CSRD, CSDD o.fl.

Upplýsingar sem eru aðgengilegar í Veru

- Losun gróðurhúsalofttegunda
- Losunarkræfni atvinnugreinar
- Dómsmál tengd fyrirtæki
- Viðeigandi mælikvarðar fyrir sjálfbærniáættu og tækifæri samkvæmt SASB/IFRS
- UFS-áhættumat þriðja aðila
- Staða heimsmarkmiða í aðfangakeðju fyrirtækis
- Sjálfbærniupplýsingar fyrirtækis í fjölmörgum
- Sjálfbærniupplýsingar helstu viðskiptalanda
- Kynjahlutföll starfsmanna, stjórnarmeðlima og framkvæmdastjórnar fyrirtækis
- Flokkun atvinnustarfsemi samkvæmt flokkunarreglugerð ESB (EU Taxonomy) mun birtast í Veru á seinni hluta ársins 2023.
- Önnur tengd skjöl, s.s. sjálfbærnisráðgjafarupplýsingar fyrirtækja á einum stað

Ástæðan fyrir því að við hjá Creditinfo búum Veru til er að regluverk tengt sjálfbærni er að leggja á fjármálamarkaðinn af miklum þunga.

Reynir Smári Atlason

„Fólk hugsar strax um orðsporsáhættu fyrirtækja og það er eitt-hvað sem fólk á að vera meðvitað

um. Það er ekki bara ef eitthvað misferst á Íslandi heldur líka ef atburðir eiga sér stað í virðisikeðju fyrirtækja og jafnvel í virðisikeðju fyrirtækja í sama geira. Þá er eðlilegt að spyrja: Hvaðan kemur innihaldið í vörum sem ég er að kaupa? Er það að koma frá löndum þar sem þessir þættir eru í ólestri? Það er eitt og svo eru líka beinar fjárhagslegar afleiðingar tengdar þessum upplýsingum.

Til dæmis hjá fyrirtækjum sem eru undir viðskiptakerfi Evrópu með losunarheimildir, ETS, líkt og flugfélögin, fyrirtæki í þungaíðnaði og bráðum skipafélög og flutningafyrirtæki líka. Þú vilt fá að sjá hversu mikið ákveðið fyrirtæki er að losa af gróðurhúsalofttegundum og þá ferð þú mögulega að spyrja hvað kostar þessi losun félagið og hvað er hægt að gera til að draga úr losun?“

Hægt að ná í öll skjöl á sama stað Hefur eftirspurn eftir sjálfbærniupplýsingum aukist á síðustu misserum?

„Eftirspurnin er þegar orðin mikil í Evrópu og við teljum að það sama verði uppi á teningum

Vera er sniðin þannig að við hjá Creditinfo söfnum saman upplýsingum um sjálfbærnimál fyrirtækja. Sjálfbærniupplýsingar finnast víða hvort sem þær eru í skjölum, á vefsvæðum eða í skýrslum.

Reynir Smári Atlason

hérna. Það eru ýmis ráðgjafarfyrirtæki og hugbúnaðarfyrirtæki á íslenska markaðnum sem aðstoða við að útbúa og birta sjálfbærniupplýsingar fyrir fyrirtæki en það eru allir að gera þetta á mismunandi máta.

Það sem við hjá Creditinfo gerum er að við sækjum þessar upplýsingar, sláum inn og gerum þetta samræmt. Hjá okkur er hægt að spara mikla vinnu og sækja skjölin öll á sama stað. Við erum aðeins á undan löggjafanum. Við sjáum fram á aukin regluverk á sviði sjálfbærni hér á Íslandi í sumar og á næsta ári og við teljum að við séum þá tilbúin með lausn til þess að auðvelda fjármálafyrirtækjum að sækja allar þessar upplýsingar og sömuleiðis líka þegar kemur að birgjamati. Það er verið að kalla eftir mun ítarlegri upplýsingum um fyrirtæki í birgjamati. Við erum að auðvelda fyrirtækjum að miðla þessum upplýsingum öllum í gegnum sama stað og lágmarka áreiti,“ segir Reynir. ■

Sjá nánari upplýsingar um Veru á ufs.is



Húsasmiðjan með skýr markmið í átt að vistvænni framtíð

Emília Borgþórsdóttir er verkefnastjóri umhverfis- og samfélagsmála hjá Húsasmiðjunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Húsasmiðjan leggur mikið upp úr að bjóða viðskiptavinum sínum grænar lausnir frá ábyrgum birgjum.

„Við erum með skýr markmið í átt að vistvænni framtíð og erum sífellt að leita nýrra leiða í þá átt, t.d. með stöðugt bættum ferlum hér innanhúss, minna vistspori í virðis kedjunni, nýjungum á sviði byggingarvara og strangari kröfum í umhverfsvottunum,“ segir Emília Borgþórsdóttir, verkefnastjóri umhverfis- og samfélagsmála hjá Húsasmiðjunni. Þegar horft er til sjálfbærni þá þarf að huga að öllum þremur grunnstöðunum: umhverfis-, samfélags- og efnahagslegum þáttum sem þýðir að ekki er hægt að einbeita sér að einum þætti sem gæti komið niður á öðrum. Líf okkar og lífnáðarhættir á Vesturlöndum teljast seint vera sjálfbær eins og staðan er en við getum farið í þá átt og gert mikið betur en við gerum í dag en nú eru að ganga í gildi lög og reglugerðir sem styðja breyttar og betri venjur.

Húsasmiðjan er stór innflutningsaðili byggingarvara hér á landi og því fylgir mikil ábyrgð. Lögð er áhersla á að allar starfsstöðvar Húsasmiðjunnar og ferlar séu til þess gerðar að sporna við sóun og auka hagkvæmni, m.a. þegar kemur að orkusparnaði, vörurýrnun, sorphirðu, flokkun o.fl.

„Eitt dæmi er að koma frauðplasti frá okkur á ábyrgan hátt en hingað til hefur það endað í urðun því engin úrræði voru fyrir þess háttar plast. Við innleiðingu á nýjum ferlum nú í haust þá förum við í samstarf við Tempru sem tekur á móti öllu hreinu frauðplasti frá okkur, en allt að 30% af þeirra vörum getur komið frá hreinu endurunnu frauðplasti. Nú getur frauðplastið sem eitt sinn

varði ofninn þinn eða blóma-vasa frá hnaski, einangrað húsið þitt til tuga ára. Þetta styður við nýju hringrásarlögin en markmið okkar er að flokkunarhlutfallið fari upp í 90% á næstu tveimur árum. Úrgangsmálin voru stærsti útblástursliðurinn í umhverfisbók-haldi Húsasmiðjunnar á síðasta ári og því ljóst að sporna þarf við þeirri losun. Einnig höfum við gert samning við PureNorth með endurvinnslu á lituðu umbúða-plasti en umbúðaplast er stór hluti af sorpinu okkar. Þau endurvinnna plastið í hrávöru sem er seld til innlendra og erlendra aðila. Við gerum okkur grein fyrir verðmætum sem eru fölgini í sorpi og erum sífellt að leita nýrra leiða til að lágmarka fótspor okkar,“ segir Emília.

Minna kolefnisfótspor í framleiðslu

Emília segir að Húsasmiðjan leitist einnig eftir því að auka áhrif sín í virðis kedjunni enda kröfurnar frá neytendum síbreytilegar og sérstaklega núna, þegar áhersla er lögð á sjálfbærni. Æ fleiri framleiðendur eru farnir að svara kalli neytenda með betri vöru sem hefur minna kolefnisfótspor í framleiðslu, nettari pakkningum með minna af plasti og sum þessara fyrirtækja eru jafnvel að hugsa um hvar varan muni enda eftir notkun. Neytendur eru í auknum mæli hættir að setta sig við vöru sem er aðeins vistvæn í notkun og vilja rekja umhverfisáhrifin frá upphafi til enda, eða vöggu til vöggu, sem þýðir að varan fari í endurnýjun í lok líftíma eða þegar hún hefur lokið hlutverki sínu, það sem hringrásarhagkerfið gengur út á, að færast frá linulega hagkerfinu „vöggu til grafar“ sem við öll könnumst við.

„Ef við horfum til mannvirkja-

geirans þá er hann talinn ábyrgur fyrir um 40% af heildarútbæstri á heimsvísu. Þar af eru byggingarefni ábyrg fyrir 45% af heildarlosun nýbygginga og því augljóst að framþróun er krafist en mikil gerjun er í þessum geira og mörg fyrirtæki í mikilli nýsköpun þegar kemur að byggingarefnum. Nú á dögum, þar sem mygla er mikil vó, er skynsamlegt að vanda til verka og koma í veg fyrir að mygla nái að skjóta rótum og dreifa sér. Vottanir eru því ekki eingöngu fyrir umhverfið heldur einnig heilsu íbúa þar sem flestar vottanir leggja mikla áherslu á innivist, að byggja heilnæmar og öruggar byggingar með rekjanleika og gagnsæi. Einnig er minna af eiturefnum í vottuðu eða leyfðu byggingarefni þar sem töluvert getur verið af efnunum sem fara út í andrúmsloftið og hafa áhrif á viðkvæma hópa, t.a.m. börn. Eins skiptir máli að heildarmyndin sé skoðuð en orkunotkun í rekstri bygginga er talin vera um 30% af heildarútbæstri bygginga og getur verið mjög kostnaðarsöm. Vottaðar byggingar eru hagkvæmari í rekstri þar sem hugað er að rekstrarþáttum í hönnunarferli eins og líftíma-kostnaðargreiningar sýna fram á. Þar er metin orkunotkun bygginga út frá t.d. þykkt einangrunar í byggingarhjúp og einangrunargildi glerja,“ segir Emília.

„Vottun á vörum er akveðinn gæðastimpill eins og LADY málningin frá Jotun er t.a.m. Svansvottuð, sem er gott dæmi um það hvernig strangar kröfur um leysiefni, efni sem eru hættuleg umhverfinu og rotvarnarefni geta skilað sér í bættri heilsu neytenda. Málningin er einnig samþykkt af norsku og sænsku astma- og ofnæmissamtökunum. Hún er einnig endingarbetri en það er umhverfisvænna og ódýrara að

Mikið er fjallað um líffræðilegan fjölbreytileika sem eitt af stóru umhverfismálunum en það skiptir máli að rask á umhverfinu sé í lágmarki.

Emília Borgþórsdóttir

þurfa að gera hlutina sjaldnar. Umhverfisyfirlýsing (EPD) inniheldur upplýsingar um umhverfisáhrif vörunnar, ásamt innihaldslýsingu, efnismedhöndlun, kolefnisfótspori o.fl. sem gagnast vel þegar lífsferilsgreina á vöru. Samantekt á kolefnislosun byggingar verður æ mikilvægari þáttur en umhverfsvottanir krefjast utanumhalds á bókhaldi um kolefnislosun bygginga.“

FSC- og PEFC-vottað timbur tryggir að timbríð komi úr sjálfbærum skógum og stuðli að verndun skóga og dýra þrátt fyrir að vera notað sem byggingarefni. Slíkar vottanir stuðla að verndun alls vist- og líffkerfis í skóginum og gera strangar kröfur til uppruna og rekjanleika efnisins. Mikil gróska er í vistvænum byggingarvörum með vottunum eins og klæðningum en þróun með hitamedhöndlun er eitt dæmi sem hefur rutt sér til rúms á markaðnum en fura og greni eru dæmi um timbur sem er leyfilegt í allar vottanir og sem er meðhöndlað lítilliga eins og með hita.

Lifa í sátt og samlyndi við vistkerfi jarðar

„Mikið er fjallað um líffræðilegan fjölbreytileika sem eitt af stóru umhverfismálunum en það skiptir miklu máli að rask á umhverfinu sé í lágmarki. Við á Íslandi erum ekki komin eins langt í þessum efnun og margar borgir í Evrópu, en þar eru klæðningar og þök til þess gerð að halda gróðri og vera um leið íverustaður fjölda lífvera. Við þurfum að lifa í sátt og samlyndi við vistkerfi jarðar því við erum jú hluti af henni þrátt fyrir þróun sem er oft fjarri náttúrunni. Vísindin hafa sannað að einmitt tengsl við náttúruna gefi okkur mestu endurheimt á sál og líkama og því til mikils að vinna. Einnig eru blágrænar ofanvatnslausnir taldar vinna með okkur í loftslagsbreytingum og áhrifum af þeirra völdum á íslensk mannvirki. Með auknum veðurham í kjölfar hlýnunar s.s. með aukinni ofankomu, flóðum og hækkandi sjávarstöðu þarf að gripa til frekari ráðstafana og spila umhverfið og grænar lausnir stórt hlutverk í þeim efnun.“

Það þarf að huga að heildarmyndinni og eru vottanir til þess gerðar að bæta gæði bygginga og umhverfis. Þær tryggja að rétt sé staðið að málum sem og hugsað um líf íbúanna í formi hagstæðs rekstrarkostnaðar, innivistar s.s. hljóðvistar, birtuskilyrða, loftgæða og margt fleira. Sjálfbærniáherslur eru í stöðugri þróun og munu eingöngu aukast þar sem þekking og skilningur almennings vex og því mun eftirspurnin aukast þar sem hættu á byggingargöllum er haldið í lágmarki og gæði tryggð með rekjanleika. Það eru því stórar og krefjandi áskoranir sem bíða okkar en í þeim leynast tækifæri,“ segir Emília. ■

Hugtakið sjálfbærni hefur orðið æ meira áberandi í allri umræðu hér á landi á undanföllum misserum og árum. Orkuskiptin eru fram undan og samdóma álit flestra að sjálfbærni sé órjúfanlegur hluti þeirra.

Dr. Hafþór Ægir Sigurjónsson er forstöðumaður sjálfbærni hjá KPMG, en hann leiðir sjálfbærni-teymið og ber ábyrgð á innleiðingu sjálfbærnimála í þjónustuframboði fyrirtækisins. Hann lauk doktorsprófi í verkfræði frá DTU í Danmörku og gegndi þar rannsóknarstöðu og var einnig aðjúnt hjá Háskóla Íslands. Áður en hann gekk til liðs við KPMG stofnaði Hafþór Circular Solutions ásamt nokkrum samstarfsmönnum. KPMG keypti Circular Solutions fyrir tveimur árum.

Sjálfbær þróun er svið sem er í miklum forgangi hjá KPMG.

„Við teljum það grundvallaratriði að skapa langvarandi virði fyrir viðskiptavinum, starfsfólki og samfélagið í heild sinni. Með því að vera arðbær með góða stjórnunarhætti og styðja félagslegt og umhverfislegt jafnvægi, styrkja fyrirtæki stöðu sína og eru betur búin fyrir framtíðina,“ segir Hafþór. „Þessi áhersla hjálpar okkur að uppfylla stefnu okkar um ánægju starfsfólks því flestir vilja láta gott af sér leiða. Það á að vera augljóst val viðskiptavina og hafa jákvæð áhrif á samfélagið.“

Hafþór segir áherslu KPMG á sjálfbærni hafa aukið mikilvægi félagslegs og umhverfislegs jafnvægis innan fyrirtækisins og gert því kleift að efla þjónustu á sviði sjálfbærni fyrir viðskiptavinum. „Við samþættum sjálfbærni-hugsun inn í sem flesta þjónustubætti, hjálpum viðskiptavinum að innleiða sjálfbærni með markvissum hætti og

Sjálfbærni er lykill að framtíðinni



Sjálfbærni-hópur KPMG. Efri röð frá vinstri: Dr. Hafþór Ægir Sigurjónsson, forstöðumaður sjálfbærni, Soffía Eyðis Björgvinsdóttir, lögmaður hjá KPMG Law, Helga Harðardóttir, á ráðgjafarsviði, Sævar Helgi Bragason verkefnastjóri, Lára Portal sérfræðingur. Neðri röð frá vinstri: Anna-Bryndís Zingsheim Rúnudóttir sérfræðingur, Hildur Tryggvadóttir Flóvenz verkefnastjóri, Helena W. Óladóttir sérfræðingur og Árni V. Claessen, á endurskoðunarsviði. Á myndina vantar dr. Kevin Dillman verkefnastjóra.

MYND/GEIR ÓLAFSSON

aðstoðum þá við að undirbúa sig undir þær miklu breytingar sem eru fram undan í reglum og löggjöf um upplýsingagjöf í sjálfbærni.“

Hafþór segir KPMG bjóða upp á fjölbreytta þjónustu í sjálfbærni sem nái yfir stefnumótun, upplýsingagjöf, sjálfbær fjármál, sérhæfðar greiningar, t.d. á kolefnispori vöru og þjónustu, sjálfbæra aðfangakeðju, aðgerðaáætlun til að draga úr losun gróðurhúsaloft-

tegunda, staðfestingu og áreiðanleikakönnun á ófjárhagslegum upplýsingum, skilgreinda vegferð orkuskipta og í átt að hringrásarhagkerfi. „Við viljum vera leiðandi á innlendum markaði, auk þess að taka þátt í vinnu erlendis, svo sem í Kanada, Hollandi, Þýskalandi og á Norðurlöndunum, þar sem þekking og reynsla sjálfbærni-teymisins er eftirsóknarverð. Þar fáum við dýrmæta þekkingu og reynslu sem

” Við samþættum sjálfbærni-hugsun inn í sem flesta þjónustubætti, hjálpum viðskiptavinum að innleiða sjálfbærni með markvissum hætti.

Dr. Hafþór Ægir Sigurjónsson

kemur viðskiptavinum okkar hér á landi til góða.“

Hvað er svo fram undan hjá KPMG?

„Hvað varðar innra starf okkar þá vinnum við nú eftir aðgerða-áætlun með sérstaka áherslu á fólkið okkar, velliðan þess og starfsþróun, auk öryggis- og gæðamála,“ segir Hafþór.

„Hvað viðskiptavinum varðar leggjum við áherslu á að efla þjónustu á sviði sjálfbærni og halda áfram að samþætta sjálfbærni-hugsun inn í sem flesta þjónustubætti í fyrirtækinu. Margt er að breytast með bættri löggjöf og við gerum ráð fyrir að markaðurinn hér heima þroskist mikið á næstu árum. Við höfum unnið með öðrum þjónustusviðum KPMG til þess að geta boðið heildstæða þjónustu og lausnir fyrir okkar viðskiptavinum og þar kemur bæði endurskoðunarsviðið og KPMG Law við sögu, en það eru Árni Claessen endurskoðandi og Soffía Eyðis Björgvinsdóttir lögmaður sem sinna sjálfbærnimálunum í samvinnu við okkur, ásamt sínum teyimum. Þekking þeirra og reynsla er mjög mikilvæg fyrir vegferðina sem fram undan er.“ ■

Innsæi skapar tækifæri

Við njótum þekkingar og reynslu mörg þúsund sérfræðinga um allan heim, sem gerir okkur kleift að koma auga á betri valkosti fyrir þig.

Þegar við nýtum innsæið, með rétta fólkið okkur við hlið, birtast tækifærin alls staðar.

Kynntu þér málið á kpmg.is

Sjálfbærni snýst um samkeppnishæfni

Sjálfbærni virðist vera hluti af yfirskrift meirihluta viðburða í atvinnulífinu um þessar mundir. Gjarnan er verið að horfa til framtíðar og teiknuð upp glansmynd af því hvernig Ísland verði orðið fyrirmynd annarra þjóða, ýmist árið 2040 eða 2050.

Kristrún Tinna Gunnarsdóttir er forstöðumaður á skrifstofu banka- stjóra Íslandsbanka og vinnur að innleiðingu á stefnu bankans. Hún hefur áður starfað meðal annars hjá ráðgjafarfyrirtækinu Oliver Wyman og sat í vinnuhópi um Hvitbók um framtíð fjármála- kerfisins. Hún segist sjálf alveg falla í það mót, að minnsta kosti á góðum dögum, að dreyma um og hafa trú á þessari íslensku framtíðarsýn.

„Ég hóf störf hjá Íslandsbanka fyrir fjórum árum, sama dag og nýtt hlutverk Íslandsbanka var kynnt – að vera hreyfiafl til góðra verka. Ég tengi mjög sterkt við þennan tilgang og fátt gerir mig meira spennna en að fá tækifæri til að hafa jákvæð áhrif á umheiminn. Ég er ekki ein um það og við finnum almennt gríðarlega mikinn jákvæðan meðbyr frá starfsfólki enda nær bankinn engum árangri nema allir starfsmenn leggja á eitt. Það er nefnilega þannig að framlínustarfsmaður sem hittir ótal fyrirtæki í viku hverri getur verið mesta hreyfiaflið einfaldlega með því að spyrja spurninga og sýna sjálfbærnivegferð fyrirtækja í viðskiptum áhuga. Í upphafi vorum við kannski ögn feimin við þetta og hrædd við að fá neikvæð viðbrögð en reynslan undanfarið hefur sýnt okkur að flestir taka mjög vel í samtal um sjálfbærni og eru oftast mjög stoltir að benda á ýmis konar áherslur og jákvæð skref hjá sér og sínum.“

Kristrún Tinna segir eðlilegt að banki leggi áherslu á svona áherslur við viðskiptavinum sína. „Það getur hreinlega komið niður á fjármálahliðinni að huga ekki að sjálfbærni í rekstri fyrirtækja. Það gæti nefnilega hæglega skaðað samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja að taka ekki sjálfbærnimálin alvarlega því þrýstingur frá neytendum um sjálfbærar vörur og lausnir er að aukast.“

Kristrún Tinna segir eðlilegt að banki leggi áherslu á svona áherslur við viðskiptavinum sína. „Það getur hreinlega komið niður á fjármálahliðinni að huga ekki að sjálfbærni í rekstri fyrirtækja. Það gæti nefnilega hæglega skaðað samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja að taka ekki sjálfbærnimálin alvarlega því þrýstingur frá neytendum um sjálfbærar vörur og lausnir er að aukast.“

Kristrún Tinna segir eðlilegt að banki leggi áherslu á svona áherslur við viðskiptavinum sína. „Það getur hreinlega komið niður á fjármálahliðinni að huga ekki að sjálfbærni í rekstri fyrirtækja. Það gæti nefnilega hæglega skaðað samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja að taka ekki sjálfbærnimálin alvarlega því þrýstingur frá neytendum um sjálfbærar vörur og lausnir er að aukast.“

Hvað getur banki gert?

Að sögn hennar felast bæði ógnir og tækifæri í sjálfbærni. Ógnir í formi aukinnar áhættu; t.d. gætu meiri ofsaverður haft slæmar afleiðingar fyrir greiðslu- getu viðskiptavina með beinum hætti. Stundum sé líka talað um umbreytingaáhættu sem sé óbein afleiðing af t.d. skattlagningu eða breyttum neysluvenjum, en slíkt geti hæglega komið fyrirtækjum í koll sem ekki hafa undirbúið sig vel undir breyttar aðstæður.

„Það gæti nefnilega hæglega skaðað samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja að taka ekki sjálfbærnimálin alvarlega því þrýstingur frá neytendum um sjálfbærar vörur og lausnir er að aukast.“

Kristrún Tinna Gunnarsdóttir

„Mikilvægasta hlutverk banka er að stýra slíkri áhættu og vernda þannig þá fjármuni sem okkur er treyst fyrir hvort sem það eru innstæður eða annars konar sparnaður og fjárfestingar.“

Kristrún Tinna segir tækifærin ekki síður vera spennandi því að fyrir liggi að verulega fjárfestingu þurfi að setja í innviði, þekkingu, tæki og töl til þess að ná markmiðum Íslands í loftlagsmálum. „Við erum nú þegar komin á fullt með að bjóða neytendum sjálfbærar fjármálalausnir. Þau sem vilja að sparnaður þeirra nýtist einkum í græn og sjálfbær fjárfestinga- verkefni geta kynnt sér sjálfbæran sparnað Íslandsbanka og grænan skuldabréfasjóð Íslandssjóða, IS græn skuldabréf, sem var fyrsti innlendi sjóðurinn í boði fyrir sparifjareigendur sem vilja leggja áherslu á umhverfis- og samfélagsmál. Þá stendur viðskiptavinum til boða að skoða kolefnisspor byggt á kortafærslum í Íslandsbanka appinu en það hefur vakið lukku, sérstaklega meðal yngri aldurs- hópa.“

Kristrún Tinna segir Íslands- banka bjóða græna bílafjármögnun með 0,75 prósentustiga afslætti. „Það jafngildir allt að 100 þúsund króna lægri heildarkostnaði af 3 milljón króna bílaláni til 5 ára. Við erum líka með afslátt af húsnæðis- lánunum, ef eignin er vistvottuð, og betri kjör á ýmsum fyrirtækja- lánunum sem uppfylla skilyrði um að teljast sjálfbær. Sem dæmi má nefna orkuskipti í samgöngum eða sjávarútvegi, hringrásartengdar vörur og ferla og vistvottaðar byggingaframkvæmdir.“

Fjármálagæirinn í heild sinni getur, að sögn Kristrúnar Tinna, verið öflugt hreyfiafl til breytinga. Mikið hafi verið horft til fjármála- geirans varðandi fjármögnun þeirrar umbreytingar sem þurfi að eiga sér stað til þess að ná loftlags- markmiðum. „Staðreyndin er sú að þessa dagana er flöskuhálsinn ekki vilji fjármálastofnana til að fjármagna slík verkefni, oft og tíðum á betri vaxtakjörum en sambærileg verkefni sem ekki flokkast sem græn. Tregðan er að það eru ekki nægilega mörg slík verkefni í gangi.“

Er líklegt að fyrirheitid um Ísland sem fyrirmynd í sjálfbærni árið 2040 rætist?

„Ísland er með yfirlýst markmið um kolefnishlutleysi árið 2040 og að við verðum orðin óháð jarðaefnaeldsneyti sem er metnaðarfyllra en hjá mörgum öðrum þjóðum. En framtíðarsýn



án markvissrar aðgerðaáætlunar er ekkert annað er talsýn. Því miður er staðan sú að þrátt fyrir metnaðarfull markmið Íslands þá vantar upp á trúverðugt plan.“ segir Kristrún Tinna.

Nýjasta skýrsla Milliríkja- nefndar Sameinuðu þjóðanna (IPCC) undirstríkur að það sem gerist næstu sjö árin verði afgerandi í baráttunni við hlýnun jarðar. Í skýrslunni kemur fram að loftslagsbreytingar hafa alvarlegar afleiðingar fyrir náttúru og íbúa um allan heim og leiða til verri heilsu, vatnsbúskapar og hnignunar þeirrar náttúru sem mannkynið byggir lífsviðurværi sitt á. „Það liggur fyrir að börnin okkar munu lifa í heitari og breyttum heimi – en ákvarðanir okkar á næstu mánuðum og misserum ráða því hversu ólíkur hann verður,“ segir hún.

Finn Mortensen, framkvæmda- stjóri danska loftlagsvettvangsins State of Green, var hér í síðustu viku. Hann lagði mikla áherslu að sá árangur sem hefur náðst í Danmörku hvað varðar loftlags- málin hafi náðst með samstöðu – þvert á pólitíska flokka og þvert á atvinnulífid. „Ísland er lítið land

og fyrir tilstilli smáðarinnar ætti að vera auðveldara fyrir okkur að snúa bókum saman og tækla málið, en því miður óttast ég suma daga að við séum þvert á móti að dragast aftur úr.“

Ég upplifi ekki í dag að viðtæk samstaða sé um næstu skref í loftslagsvegferð Íslands. Góðu fréttirnar eru þó að vinna við slíkt er í fullum gangi og ég ætla að leyfa mér að vera bjartsýn um framhaldið,“ segir Kristrún Tinna. „Hið opinbera vinnur að því að uppfæra aðgerðaáætlun í loftlags- málum, til samræmis við uppfærð markmið úr ríkisstjórnarsáttmála, og aðildarfélög Samtaka atvinnu- lífsins vinna að Loftlagsvegvisi atvinnulífsins (LVA). Við Íslendingar erum úrræðagóð og getum svo sannarlega þjappað okkur saman og gert alveg hreint magnaða hluti þegar við tökum okkur til. Ég vona svo sannarlega að á sama tíma að ári verði aðgerðaáætlun ríkisins og atvinnulífsins orðin kýr-skýr og að við séum í sameiningu komin á fullt við að hrinda henni í fram- kvæmd. Framtíðin er handan við hornið og hún er í okkar höndum,“ segir Kristrún Tinna Gunnars- dóttir. ■

Kristrún Tinna Gunnarsdóttir, forstöðumaður hjá Íslands- banka, telur mikilvægt að bretta upp ermarnar ef Ísland á að geta orðið fyrirmynd í sjálfbærni.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Náttúran á skilið sanngjarnt mat

Svarmi aðstoðar fyrirtæki við vöktun áhrifa þeirra á náttúru sem og þeirra áhrifa sem náttúran hefur á þau.

Svarmi hefur sérhæft sig á þessu sviði í að verða tíu ár. Lausnin hefur á undanförunum árum orðið sífellt eftirsóknarverðari, þá sérstaklega á síðastliðnu ári þar sem nýjar evrópskar reglur munu brátt krefja fyrirtæki um að standa skil á mun ítarlegri upplýsingum um áhrif sín á nærumhverfi.


Kolbeinn Hilmarsson er framkvæmdastjóri og einn meðstofnenda Svarma. „Ég hóf minn feril sem atvinnuflugmaður og samhliða því var ég í fasteigna-, fyrirtækja- og jarðasölu. Þá kynntist ég því fyrst hversu flókið er að meta möguleika landsvæðis til náttúrulegrar verðmætasköpunar.“

Gögnin eru grundvöllurinn

Kolbeinn kynntist Tryggva Stefánsyni sem stofnaði Svarma í MS í verkfræði í Stokkhólmi. Svarmi hafði þá gert magnaða hluti í að nota dróna, gervitungl og ýmsa skynjara til að mæla náttúrulegt umhverfi á stafrænan hátt.

„Þessi gögn fela í sér meiri áreiðanleika en að notast eingöngu við túlkun einstaklinga sem mæta á staðinn eða kortagrunna sem byggja á takmörkuðum og oft gömlum gögnum. Mælingar og gögn eru grundvöllur að því að mismunandi aðilar eins og fjárfestar, verkefnaeigendur, landeigendur, náttúruverndarsamtök og hið opinbera geti átt í skilvirkum samskiptum og verið sammála um verðmæti svæðis.“

Við höfum unnið mikið með orkugeiranum og innviðageiranum að undirbúningi framkvæmda.



Kolbeinn Hilmarsson segir að tæknin sé lykilaðið í því að fyrirtæki geti staðið skil á náttúruuppgjöri á næsta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Orkugeirinn er lengst kominn í slíkrri vöktun í dag og sér tækifæri í auknum skilningi á áhrifum náttúrunnar á sína starfsemi. Landsvirkjun og HS Orka voru meðal okkar fyrstu viðskiptavina og við höfum sinnt margþættum vöktunarverkefnum fyrir þau, meðal annars vaktad breytingar á jarðhitasvæði HS Orku til fjölda ára. Að okkur vitandi eru vandfundin önnur jarðhitasvæði í heiminum sem hafa verið vöktuð jafn vel.“

Fjölbreytt gögn og gervigreind

Svarmi hefur þróað hugbúnað sem heitir DATACT til þess að einfalda aðgengi og hagnýtingu viðskiptavina og hagaðila þeirra á þungum og stórum gögnum. Lausnin tryggir að gögn skili sér í raunverulegum aðgerðum (e. Data to Action) og nær til gagna frá drónum, flugvélum,

gervitunglum, sem og öðrum gögnum eins og ljósmyndum af jörðu niðri.

„Við nýtum svo ýmsar úrvinnslu- og greiningaraðferðir, líkt og gervigreind, við vinnslu á upplýsingum. Þessi hugbúnaðarþróun gerir okkur kleift að auka umsvif okkar á erlendri grundu. Við þurfum ekki að hafa manneskju á staðnum, heldur nýstast í staðinn upplýsingar úr fjarkönnunargögnum,“ segir Kolbeinn.

„Þetta hefur verið til umræðu í mörg ár og almennt séð fannst fólk þetta áhugavert verkefni en fyrirtæki sáu ekki hvernig þörfin á þessari umfangsmiklu vöktun átti við þau. Þörfin er þó nokkuð ljós eins og við framkvæmd á umhverfismati. Til þess þarf fjölda sérfræðinga og þá er mikilvægt að þeir vinni ekki hver í sínu horni heldur

samnýti frekar gögn til fjölþættrar greiningarvinnu. Þörfin verður enn meiri í kjölfar nýs regluverks í Evrópu, sem felur í sér talsverða áhættu en líka stór tækifæri fyrir fyrirtæki. Pressan um auknið gagnsæi og bætt gæði upplýsinga kemur bæði frá Evrópusambandinu og mörgum stærstu fagfjórðingum heimsins.“

Hjá Svarma starfa sérfræðingar á breiðu sviði innan náttúruvísinda. „Einna helst erum við sérfræðingar í gagnavísindum sem gerir okkur kleift að meðhöndla gögnin þvert á notkunartilfelli. Við viljum auka gagnsæi í flóknu sambandi viðskipta og náttúru með því að styðjast við raungögn í stað grófra áætlaða. Nálgun okkar hefur vakið athygli á alþjóðlegum vettvangi, þar á meðal á alþjóðaaðildarríkjaþingi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (COP15).

Við brúum bilið á milli gagnagrunna sem nýstast við frummat náttúrutengdra áhrifa og áhættu og nákvæmari athugana á mikilvægum áhrifasvæðum.

Með auknum kröfum á fyrirtæki um bætt upplýsingagjöf til fjárfesta og almennings þarf að tryggja að bolmagn til þess að standa skil á slíkum upplýsingum sé til staðar. Það verður að nýta tæknina.“

Aukin umsvif erlendis

Svarmi hefur aukið umsvif sín erlendis og er í samstarfi við stærri fyrirtæki en áður. „Sameiginlegur umræðugrundvöllur á milli ólíkra aðila fer að skipta æ meira máli vegna nýs regluverks í Evrópu sem tekur gildi á næsta ári. Fyrirtæki munu þurfa að standa skil á upplýsingum um sín áhrif á náttúruna, líffræðilegan fjölbreytileika og fleira, á hverju ári. Gagnasöfnun og miðlun upplýsinga um áhrif á loftslag, líffræðilegan fjölbreytileika og fleiri þætti færast nú inn í fjárhagsuppgjör fyrirtækja.“

Þar erum við aðili að erlendu samstarfi, Taskforce on Nature-Related Financial Disclosures (TNFD), um mótun upplýsingaramma um náttúruuppgjör. Við erum að keyra mjög stórt verkefni, hið fyrsta sinnar tegundar, með AB InBev, stærsta bjórframleiðanda í heimi. AB InBev reka bruggverksmiðjur um allan heim og við hjálpum þeim að forgangsráða sínum áhrifasvæðum í sínum rekstri og greina og setja upp mælikvarða fyrir svæði sem eru sérstaklega mikilvæg út frá líffræðilegum fjölbreytileika. Þetta gerum við í samræmi við upplýsingaramma TNFD og undirbúum drög að sérstökum náttúruhluta sjálfbærni-skýrslu félagsins fyrir árið 2023.“

Fyrirtækin lykilaðilar í að skapa hringrásar plasts

Þorbjörg Sandra Bakke starfar sem teymisstjóri í teymi hringrásarhagkerfis hjá Umhverfisstofnun. Þar er unnið að margvíslegum verkefnum sem snúa að eflingu hringrásarhagkerfisins.

Eitt þessara verkefna er Saman gegn sóun sem leggur meðal annars áherslu á að draga úr myndun óþarfa plastúrgangs með fræðslu, miðlun, samvinnu og samtali við bæði almenning og atvinnulíf. 70% Íslendinga telja sig hafa dregið úr plastnotkun samkvæmt Umhverfiskönnun Gallup 2022.

„Á sama tíma segist helmingur svarenda ekki geta gert sín innkaup umhverfisvænni þar sem það skorti umhverfisvænni valkost. Þetta segir okkur að neytendur vilja og eru tilbúnir til að stuðla að ábyrgri notkun plasts en þeir þurfa stuðning og lausnir frá fyrirtækjunum sem þeir versla við,“ segir Þorbjörg og bætir við að brýnt sé að kynna neytendum hvernig hægt er að vinna enn frekar gegn sóun og nýta þær lausnir sem eru þegar til staðar.

„Á vef Saman gegn sóun hefur Umhverfisstofnun tekið saman alls konar upplýsingar sem gagnast fyrirtækjum sem vilja mæta þessu ákalli,“ segir Þorbjörg.

Umræðan að plast sé vondi karlinn

Að sögn Þorbjargar hefur umræðan í samfélaginu síðustu ár svolítið verið á þann veginn að plast sé vondi karlinn. „En það þarf alls ekki að vera það.“

Plast sem er notað á óþýðan hátt er mjög skaðlegt umhverf-



Þorbjörg segir að mörg fyrirtæki séu komin langt í þessu ferli, farin að bjóða upp á umbúðalausar vörur, fjölnota lausnir og vörur úr endurunnu plasti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

inu en það getur hins vegar verið tiltölulega umhverfisvænt ef því er komið inn í lokaða hringrás. Ástæðan er m.a. sú að plast er mjög endingargott efni og hentar því vel að nota það aftur og aftur. Auk þess er hægt að endurvinna margar tegundir plasts með góðum árangri.

Vandamálið er ofgnóttin sem framleidd hefur verið af plasti, bæði einnota og fjölnota. Við þurfum að endurnota og endurvinnna það plast sem er þegar í

umferð í stað þess að framleiða alltaf meira.“

Hönnun vara skiptir máli

„Atvinnulífið leikur lykilhlutverk í að skapa hér hringrás fyrir plast, hvort sem það eru fyrirtæki í framleiðslu, verslun, skrifstofustarfsemi eða iðnaði. Bæði með sinni eigin eftirspurn, því þau velja hvort þau kaupa umhverfisvænni vörur eða eitthvað annað. En einnig með því að velja vel hvaða hráefni er notað í vöruna

og hvernig henni er pakkað inn. Evrópusambandið hefur bent á að allt að 80% af umhverfisáhrifum vöru séu ákvörðuð á hönnunarstiginu og þess vegna er lykilaðið að hanna vörur sem haldast í hringrásinni eins lengi og mögulegt er.“

Mörg fyrirtæki eru komin langt í þessu ferli, farin að bjóða upp á umbúðalausar vörur, fjölnota lausnir og vörur úr endurunnu plasti og það þykir okkur í verkefninu Saman gegn sóun frábært,“

Við þurfum að endurnota og endurvinnna það plast sem er þegar í umferð í stað þess að framleiða alltaf meira.

segir Þorbjörg og horfir björtum augum til framtíðarinnar.

„Ef það er eitthvað þrennt sem ég ætti að ráðleggja framleiðendum varðandi val á umbúðum og efnivið í plastvörur þá er það að vörurnar séu endurvinnanlegar og að hluta til eða öllu leyti úr endurunnu plasti, að þær séu úr einni gerð plasts og í ljósum lit. Nánari lýsing á því hvernig plast er heppilegast má finna í leiðbeiningum okkar um ábyrga notkun plasts á síðunni okkar samangegnsoun.is

Ég hvet alla til þess að kíkja á vefinn okkar og fylgja okkur á Instagram og Facebook, bæði almenning og atvinnulíf. Þar má nálgast aragrúa af hagnýtum upplýsingum um ábyrga plastnotkun, og margt fleira,“ segir Þorbjörg. ■

Þurfum öll að vera loftslagssendiherrar

Nótt Thorberg er forstöðumaður Grænvangs, samstarfsvettvangs stjórnvalda og atvinnulífs í loftslagsmálum og grænum lausnum. Nótt vinnur náið með Halldóri Þorgeirssyni formanni Loftslagsráðs og hann er jafnframt stjórnarmaður hjá Grænvangi.

Bæði brenna þau fyrir starfi sínu og hlutverki og leggja sitt af mörkum til að stuðla að því að hlutverk Grænvangs nái fram að ganga og að lögfest markmið stjórnvalda verði að veruleika, sem er að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040.

Grænvangur er samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir. Aðilar Grænvangs eru nú 31 talsins, fjölbreyttur hópur fyrir-tækja og samtaka úr atvinnulífinu sem láta sig loftslagsmál varða, auk þriggja ráðuneyta. Hlutverk Grænvangs er að efla samstarf við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og styðja við markmið um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040. Erlendis vinnur Grænvangur að sameiginlegri markaðssetningu grænnar orkuþekkingar og lausna, undir merkjum Green by Iceland í nánú samstarfi við Íslandsstofu.

Snýst um fólk og framsýni leiðtoga

„Grænvangur snýst um fólk og framsýni leiðtoga samtímans í að skapa betra líf fyrir íslenskt samfélag, komandi kynslóðir og jörðina okkar. Verkefnið er stórt, lögfest markmið Íslands eru kolefnishlutlaust Ísland árið 2040. Auk þess kveður stjórnsáttmálinn á um að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti sama ár.


Stærsta verkefnið fram á veg eru orkuskiptin. Það þarf að skipta út þeirri rúmlega 1 milljón tonna, sem við notum í samgöngur á landi, sjó og í flugi hérlendis, fyrir vistvæna orkugjafa. En við verðum líka að horfa til losunar Íslands í heild sinni og þá telja með alþjóðaflugíð, stóriðjuna og losun frá landi. Það þarf margt að koma heim og saman svo að það gangi upp og þess vegna skiptir samstarf og áframhaldandi nýsköpun og innleiðing nýrra lausna höfuðmáli því tíminn er knappur,“ segir Nótt og bætir við að þetta verkefni sé stór áskorun.

„Við erum öll sammála um hvert skuli stefna en þegar kemur að því að varða veginn verður að huga að mörgum þáttum,“ segir Nótt og bendir á eftirfarandi þætti:

„Atvinnugreinarnar eru flestar hverjar komnar vel á veg í að setja sér sín markmið en til að við náum að hraða þessari vegferð verður enn nánara samstarf stjórnvalda og atvinnulífs þvert á greinar enn mikilvægara svo raunverulegur árangur náist sem fyrst.

Endurnýjanleg orka er lykilþáttur í lausninni en Ísland hefur farið í gegnum orkuskipti 1 og 2. Nú líta aðrar þjóðir til okkar. Til að ná markmiðum okkar um kolefnishlutleysi ætlum við að klára þriðju orkuskiptin.“

Aðspurð segir Nótt þetta vera í raun nýja hugsun sem kalli á nýja nálgun. „Við verðum að horfa á öll tækifærin, allar mögulegar viddir til að finna réttu lausnirnar til framtíðar. Tæknin er til staðar og þá snýst þetta núna um hvaða tækni muni henta okkar umhverfi hérna á Íslandi best og hvernig við innleiðum hana með sem skjótustum hætti – þannig að, að stóru leyti snýst þetta líka um ferlana og að undirbúa innviði og



Halldór Þorgeirsson, formaður Loftslagsráðs, og Nótt Thorberg hjá Grænvangi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Grænvangur snýst um fólk og framsýni leiðtoga samtímans í að skapa betra líf fyrir íslenskt samfélag, komandi kynslóðir og jörðina okkar.

Nótt Thorberg

fólkið okkar fyrir þær breytingar sem við stöndum frammi fyrir í tengslum við grænu umskiptin.“

Tækifæri fyrir Ísland

Nótt bendir jafnframt á að þetta sé stærsta umbreyting sem við sem samfélag höfum staðið frammi fyrir og mikilvægt sé að gæta jafnvægis og huga að öllum þremur stöðunum í sjálfbærni: umhverfi, samfélagi og efnahag.

„Það eru líka mikil tækifæri fyrir Ísland og íslensk fyrirtæki til þess

að leiða þessa þróun á heimsvísu. Við erum í lykilstöðu og getum verið fyrirmynd annarra þjóða þrátt fyrir smæð okkar.

Á Íslandi eru markmið stjórnvalda að draga 55% úr losun gróðurhúsalofttegunda fyrir 2030 (miðað við 2005). Það jafngildir 1,3 milljónum tonna gróðurhúsalofttegunda á ári, sé horft til þeirrar losunar sem Ísland ber beina ábyrgð á.

Við erum öll að vinna að sama markmiði, með hagsmuni Íslands og heimsins alls í huga. Hvert og eitt okkar þarf að líta í eigin barm. Hvað getum við gert strax í dag sem mun hjálpa okkur að ná markmiðum okkar á morgun?

Hvernig getum við hrifið aðra með okkur í þessa vegferð til samtals og samstarfs um leiðirnar?

Við þurfum öll að verða loftslagssendiherrar og gera það sem við getum í okkar rekstri og starfsemi til þess að draga úr losun koltvísýrings svo markmið um kolefnishlutleysi árið 2040 geti náðst,“ segir Nótt og er sannfærð um að með samtakamætti allra sé hægt að ná þessu markmiði.

Staðan grafalvarleg og bregðast þarf við

Halldór segir að staðan í loftslagsmálum sé grafalvarleg, eins og sjötta matsskýrsla IPCC, Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, gefur til kynna, en lokaskýrslan kom út í síðustu viku. „Þá er gott að hafa í huga að öll alþjóðleg viðbrögð við loftslagsvá eru byggð á traustum vísindalegum grunni.

Heimsbyggðin veit hvað þarf að gera og þangað viljum við stefna. Það þarf að leggja allt kapp á að halda röskun á veðrakerfum jarðar í lágmarki. Viðbrögð okkar í dag munu skipta miklu máli fyrir komandi kynslóðir og lífríkið til langs tíma.

Hvert gráðubrot í hlýnun hefur stigmagnandi áhrif á aftakaveður, uppskerubresti og almenn lífs-skilyrði milljóna manna um allan heim,“ segir hann.

Halldór segir að það sé sameiginlegt verkefni okkar allra, atvinnulífs, stjórnvalda og samfélaga, að grípa strax til þeirra ráðstafana sem hemja vöxt í útblæstri um heim allan. „Ekkert

” Tækifærið felst í því að horfa fram á veginn og sjá hvernig við getum lagað okkur að þessum breytta heimi, samhliða því að við aukum velsæld og samkeppnisstöðu okkar í alþjóðlegu samhengi.

Halldór Þorgeirsson

ríki er eyland í þessum efnun, við ætlum því í sameiningu að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda líkt og kveðið er á um í Parísar-samningnum frá 2015.

En í kolefnishlutlausum heimi felast líka fjölmörg tækifæri. Við þurfum að átta okkur á þeim tækifærum og þróa ný viðskiptalíkon. Í því felst framsýni. Við erum að sjá öflugan loftslagsleiðtoga stíga fram í ólíkum atvinnugreinum hér heima og í löndum víða um heim allan. Þróunin er í rétta átt og raunin er að í sumum löndum bendir allt til þess að umskiptin verði ansi hröð. Kannski má jafnvel leiða líkur að því að umskiptin muni gerast hraðar en við eigum von á. Við megum ekki sitja eftir, þurfum að klára orkuskiptin og fjárfesta í þeim lausnum sem nauðsynlegar eru til að ná kolefnishlutlausu Íslandi,“ segir Halldór.

Getum verið fyrirmynd og tekið forystu

Aðspurður segir Halldór að samkeppni í alþjóðlegu samhengi í framtíðinni mun snúast fyrst og fremst um það hversu fljót við verðum að fara í gegnum umbreytinguna.

„Tækifærið felst einmitt í því að vera meðal þeirra fyrstu. Við erum í lykilstöðu og getum verið fyrirmynd og tekið forystu. Fyrirtæki sem ná árangri á þessu sviði hér heima eru sömuleiðis fyrirmyndir þeirra sem á eftir koma auk þess sem þau verða samkeppnishæfari í alþjóðlegu samhengi fyrir vikið. Lausnirnar eru tiltækar, en það þarf þekkingu og getu til að raungera. Mikilvægt er að hafa í huga að þessi umskipti eru hnattræn. Með því að vera virk í alþjóðlegu samstarfi þá erum við líka að fá til baka. Ísland verður góður samstarfsaðili sem fleiri vilja vinna með sem um leið eykur samkeppnishæfni okkar útflutningsgreina,“ segir Halldór.

„Vert er að tengja lausnir við fjármagn, þetta eru arðbærar fjárfestingar – en horfa þarf á þær í lengra samhengi. Heimurinn er að breytast, það sem við kannski lítum á sem arðbært í dag verður það kannski ekki eftir að grænu umskiptin hafa átt sér stað. Tækifærið felst í því að horfa fram á veginn og sjá hvernig við getum lagað okkur að þessum breytta heimi samhliða því að við aukum velsæld og samkeppnisstöðu okkar í alþjóðlegu samhengi.

Við búum yfir ákveðinni sérþekkingu sem horft er til. Sérstaða okkar er mikil og við getum vel markað okkur sér syllu til framtíðar hvað varðar lausnir sem hægt verður að nýta annars staðar í veröldinni,“ segir Halldór að lokum, sannfærður um að við getum nýtt forskot okkar og verið öflugar fyrirmyndir. ■

Léttara plast og áfastir tappar

Coca-Cola á Íslandi leggur mikla áherslu á umhverfisvænni framleiðsluaðferðir og umbúðir. Fyrirtækið er sífellt að vinna að því að draga úr kolefnisfótspori og hefur fjárfest í nýrri hátækni framleiðslulínu, sem nýverið var sett upp á Stuðlahálsi í Reykjavík, til að ná þeim markmiðum.

Tinna Gunnlaugsdóttir, vörumerkjastóri hjá Coca-Cola á Íslandi, segir að fyrirtækið kappkosti að gera umbúðir sínar eins umhverfisvænar og mögulegt er. „Við vorum sem dæmi að kynna til leiks nýjar og léttari plastflöskur með áföstum tappa sem fylgir með alla leiðina í endurvinnsluna. Þetta er breyting fyrir viðskiptavinum sem þurfa að venjast því að tappinn sé fastur á flöskunni. Við viljum vera leiðandi í umhverfismálum og þessi nýjung er hluti af því,“ segir hún.

Tinna segir að árið 2019 hafi Coca-Cola á Íslandi sett á markað 100% endurunnar plastflöskur og var þannig eina fyrirtækið hér á landi, og á meðal fyrstu fyrirtækja í heiminum, til að framleiða plastflöskur úr 100% endurunnu plasti. „Í þeirri nýjung hættum við að nota nýtt plast í flöskurnar og minnkaði kolefnisfótsporið vegna framleiðslu á plastflöskum hér á landi um 44%.

Við viljum auka endurvinnslu eins mikið og mögulegt er, þannig verður til hringrás við framleiðsluna sem krefst ekki notkunar á nýju plasti. Það hefur verið markmið Coca-Cola undanfarin ár að minnka kolefnisfótspor sitt.“



Tinna Gunnlaugsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Coca-Cola á Íslandi, heldur hér um Fanta-flösku með nýja tappanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þegar Tinna er spurð hvort neytendur muni finna mikinn mun á nýju umbúðunum og þeim gömlu, svarar hún: „Já, fólk gæti fundið smá breytingu þar sem það er ekki vant áföstum töppum. Með nýjum áföstum töppum og léttari plastflöskum munum við draga úr plastnotkun um 15% til viðbótar við ávinninginn með 100% endurunnu plastflöskunum og náum þannig að minnka kolefnisfótspor okkar um 52% frá árinu 2019 við framleiðslu á plastflöskum hér á landi,“ segir hún og bætir við að vel

Þetta er breyting fyrir viðskiptavinum sem þurfa að venjast því að tappinn sé fastur á flöskunni. Við viljum vera leiðandi í umhverfismálum og þessi nýjung er hluti þess.

Tinna Gunnlaugsdóttir

hafi gengið að framfylgja umhverfisstefnunni og að þessi tvö verkefni séu risastór skref í áætlunum fyrirtækisins um að verða kolefnishlutlaust fyrir árið 2040.

Tinna bendir á að Coca-Cola á Íslandi sé fyrst á Íslandi til að framleiða flöskur með áföstum tappa en það hafi þegar verið gert í mörgum löndum í Evrópu eins og í Noregi, Svíþjóð og Spáni.

„Þessir markaðir hafa upplifað smá kvartanir vegna nýju umbúðanna enda er þetta vissulega breyting. Við höfum verið

að undirbúa neytendur hér á landi með því að upplýsa þá um breytinguna en þess má geta að hún er í samræmi við tilskipun frá Evrópusambandinu og reglugerð sem umhverfisráðuneytið er að vinna að sem mun taka gildi í júlí á næsta ári.

Þó svo að flestar flöskur skili sér með tappanum á í endurvinnslu þá er alltaf hægt að gera betur eins og við þekkjum. Það er því hluti af mjög mikilvægri stefnu Coca-Cola að hafa sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð í forgangi.“

Tinna segir tíma hafa verið kominn á að uppfæra framleiðslulínu fyrir plastflöskur hér á landi þar sem eldri búnaður hafi verið kominn til ára sinna. Ákveðið var að nýta tækifærið og breyta töppunum í leiðinni, talsvert áður en áætlað er að ný lög taki gildi. „Nýja framleiðslulínan mun gera okkur kleift að minnka soun: spara vatn, plast og orku, auk þess sem við tryggjum betur gæði framleiðslunnar samkvæmt nútímastöðlum um matvælaöryggi.“

Coca-Cola á Íslandi er meira en 80 ára gamalt fyrirtæki og fólk er viðkvæmt fyrir breytingum þegar svona gamalt og rötgróid vörumerki á hlut að máli.

Við skiljum það mjög vel en vonumst til að neytendur meti ástæðuna, í þágu umhverfisins, og venjist þessari breytingu fljótt og vel.

Við erum mjög stolt af þeim árangri sem við höfum náð í umhverfismálum og stefnum ótraud áfram á að fyrirtækið nái kolefnishlutleysi fyrir árið 2040.“ ■

Samman til góðs

Tapparnir okkar eru núna áfastir við flöskuna til að tryggja að tappinn fylgi með í endurvinnslu.



SKANNAÐU HÉR TIL AÐ SJÁ HVERNIG ÞETTA VIRKAR



Sjálfbærni er hjartans mál hjá Regin

Reginn leggur áherslu á sjálfbærni í sínum rekstri og leitar sífellt nýrra leiða til að styrkja og styðja við viðskiptavinum sína á þeirra sjálfbærnivegferð.

Á haustmánuðum hlaut Reginn sérstök verðlaun fyrir árangur á sviði samfélagsábyrgðar meðal Framúrskarandi fyrirtækja 2022. Viðurkenningin er veitt til að vekja athygli á því að framúrskarandi rekstur felur í sér að fyrirtæki hafi jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið sem þau starfa í og hámarki þannig fjárhagslegan árangur sinn.

„Það er sannarlega ánægjulegt að fá verðlaun fyrir það að vera framúrskarandi í sjálfbærnimálum. Verðlaunin eru viðurkenning á því sem við höfum þegar gert á sviði sjálfbærni og þau hvetja okkur áfram til góðra verka. Sjálfbærni er okkur hjartans mál, hún vegur sífellt meira í starfsemi Regins og við höfum stækkað sjálfbærni-teymið sem vinnur nú að enn stærra sviði sjálfbærni,“ segir María Rúnarsdóttir, rekstrarstjóri Regins.

Í umsögn dómnefndar kom fram að margt sem Reginn er að gera á sviði sjálfbærni sé eftirtektarvert og hvetjandi fyrir aðra. Reginn sé því sannarlega verðugur handhafi þessara hvatningarverðlauna um framúrskarandi sjálfbærni fyrirtækja.

„Það er hvetjandi fyrir okkur að vera hvetjandi fyrir aðra og alltaf þegar góðir hlutir gerast eykst jákvætt viðhorf til félagsins. Við finnum fyrir auknum áhuga á því að vera í viðskiptum við félag sem er þenkjandi á þennan hátt og sömuleiðis athygli og hljómgrunni fyrir verkefnum sem við höfum farið í á sviði sjálfbærni,“ segir María hjá Regin sem í dag á hundrað fasteignir.

„Sjálfbærni í rekstri er í stöðugri skoðun hjá Regin og við erum hvergi hætt. Það er mikilvægt að fyrirtæki eins og Reginn hafi sjálfbærni í forgrunni og við finnum glögggt í okkar rekstri hversu miklu skiptir að hafa yfirsýn yfir þessa rekstrarþætti og hvernig sjálfbærni spilar inn í mörg svið rekstursins. Við finnum fyrir aukinni eftirspurn, óskum um upplýsingar og vilja viðskiptavina til að vinna að meiri sjálfbærni. Þar viljum við styðja þétt við bakið á okkar viðskiptavinum og deila með þeim þekkingu sem við höfum aflað,“ segir María.

Grænir leigusamningar

Grænir leigusamningar eru ein af þeim leiðum sem Reginn fer til að styðja viðskiptavinum sína til sjálfbærari reksturs. Með grænum leigusamningum setja viðskiptavinir sér mælanleg markmið, að lágmarki í tengslum við minnkun sorps, orkunotkun og aukid vægi vistvænna samgangna.

„Það er eftirsóknarvert að gera grænan leigusamning og mikil hugarfarsbreyting sem hefur átt sér stað hjá leigutökum. Grænn leigusamningur felur í sér sameiginlega markmiðasetningu og átak leigusalans og leigutakans. Leigutakar sækjast nú meira eftir tölum um orkunotkun og öðrum sjálfbærnitengdum upplýsingum, og eru grænu leigusamningarnir meðal annars svar Regins við því. Samningunum er fyrst og fremst ætlað að auka sjálfbærni í útleigðum rýmum fasteigna sem Reginn sér ekki um daglegan rekstur í. Við höfum metnað til að vera fram-sækin í sjálfbærni í rekstri fyrirtækja og þessi samfélagslegi þáttur er einkar ánægjulegur; að aðstoða viðskiptavinum á þeirra sjálfbærni-vegferð, koma til móts við þá og vera til taks,“ segir María.



María Rúnarsdóttir, rekstrarstjóri Regins, við eina af fjölmörgum snjallsorpsstöðvum Regins, hér í verslunarmiðstöðinni Smáralind.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Reginn hlaut á liðnu hausti sérstök verðlaun fyrir að vera framúrskarandi fyrirtæki í sjálfbærnimálum.

MYND/ADSEND

Það er eftirsóknarvert að gera grænan leigusamning og mikil hugarfarsbreyting sem hefur átt sér stað hjá leigutökum.

Grænar samgöngur

Undanfarin ár hafa grænar samgöngur fengið aukid vægi hjá Regin, með fjölgun rafbílastæða og hjóla- og hlaupahjólastæða við fasteignir félagsins.

„Þessi þróun er í takt við þróun orkuskipta í landinu og samræmist að auki þeim kröfum sem umhverfsvottanir gera til vottaðra fasteigna,“ segir María. „Rafhleðslustöðvar þjóna viðskiptavinum og gestum félagsins, en ekki síður nærliggjandi samfélögum, meðal annars á nóttunni, og styðja þannig við græna vegferð í nærumhverfi eignasafnsins. Þannig er hægt að hámarka notkun stöðvanna með samnýtingu.“

Í lok árs 2022 voru rafbílastæði við eignir félagsins orðin 67 talsins. Mun þeim fjölga enn frekar á árinu 2023 og þjóna notendum á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.

„Á síðustu árum hefur Reginn einnig aukið hlutfall rafmagns- og tengiltvinnbila í eigu félagsins og er það núna rúmlega helmingur bílanna. Við stefnum að því að allir bílar Regins verði ýmist rafmagns- eða tengiltvinnbilar í náinni framtíð,“ segir María.

Snjallsorp

Reginn hefur á undanföllum árum unnið að innleiðingu snjallsorps í sínum stærstu eignum og á haustmánuðum 2022 var snjallsorp tekið í notkun í Smáralind.

„Snjallsorp er liður í að styðja við viðskiptavinum í þeirra sjálfbærni-vegferð. Lausninni er ætlað að hvetja viðskiptavinum til aukinnar sorpflokkunar sem að sama skapi lækkar kostnað þeirra vegna sorps,“ upplýsir María.

Upplýsingar um sormagn og flokkun eru aðgengilegar á þjónustuvæði viðskiptavina á vef Regins.

„Með tilkomu snjallsorps geta rekstraraðilar fylgst nákvæmlega með eigin sorplosun, bæði magni og flokkunarhlutfalli. Þeir geta nýtt sér það til að setja sér mælanleg markmið, mæla árangur og verða með því við óskum viðskiptavina um betri upplýsingar þar sem sífellt meiri kröfur eru gerðar til fyrirtækja um upplýsingagjöf í þessum efnun,“ segir María.

Lausnin hefur þegar gefið góða raun í Smáralind og á Hafnartorgi, nýlökkið er við uppsetningu í Katrínartúni 2 og er fyrirhuguð uppsetning á vormánuðum í Egils-höll.

„Það er áhugavert að sjá möguleikana á að nota snjallsorp sem stýringartól og hvata í rekstri fyrirtækja. Þau geta fengið sundurliðað hverju þau henda á degi hverjum eða mánuði, sem og sorpflokkinn sem þau henda í, og sem dæmi hægt að sjá hversu mikið er að gera hjá veitingahúsi eftir því hversu miklu er hent, eða hvort sorpflokkun sé til dæmis verri um helgar. Þannig er hægt að lesa margt úr sorplosuninni, hægt að

Við finnum vel að það sem við gerum er að skila sér og okkur finnst við gera gagn fyrir náttúruna og samfélagið. Það er góð tilfinning.

nýta sér þann fróðleik í vinnuskipulagningu og markmiðasetningu fyrirtækja, og vitaskuld alltaf góð tilfinning að gera vel þar,“ segir María.

Kolefnisspor Regins hefur lækkað um 19 prósent

Reginn hefur á undanföllum árum lagt aukna áherslu á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð. Þannig hefur kolefnisspor Regins lækkað um 19 prósent á fjögurra ára tímabili og 27 prósent af eignasafni félagsins hefur nú hlotið umhverfsvottunina BREEAM In-use.

„Við höfum unnið jafnt og þétt að lækkun kolefnissporins á síðustu árum og erum nú að hefja vinnu við enn ítarlegri greiningu á því ásamt endurskoðun markmiða,“ greinir María frá.

Hún hefur unnið hjá Regin í sex ár og segir einstaklega uppörvandi að skynja metnað og byr félagsins í sjálfbærnimálum.

„Þetta er skemmtilegt starf og reyndar svo skemmtilegt að ég skræði mig í háskólanám í umhverfis- og auðlindafræði með áherslu á sjálfbærni fyrirtækja. Á öllum sviðum Regins ríkir mikill metnaður fyrir sjálfbærni og það er mikils virði að finna jákvætt viðmót og einlægan stuðning fyrir nýjum hugmyndum. Hér er keppikefli allra að gera vel og óneitanlega gefandi að vinna í slíku umhverfi. Við finnum vel að það sem við gerum er að skila sér og okkur finnst við gera gagn fyrir bæði náttúruna og samfélagið. Það er góð tilfinning og við erum bara rétt að byrja.“

Reginn hf. er í Hagasmára 1 í Kópavogi. Sími 512 8900. Netfang: reginn@reginn.is. Allar nánari upplýsingar um Reginn eru á reginn.is



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, er formaður sjálfbærnisráðs.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sjálfbært Ísland

gummi@frettabladid.is

Í samræmi við áherslu ríkisstjórnarflokkanna á sjálfbæra þróun var settur á fót samstarfsvettvangurinn Sjálfbært Ísland. Þar koma saman fulltrúar ríkisvaldsins, sveitarfélaga, Alþingis, aðila vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka, enda krefjast þessi mikilvægu viðfangsefni viðtækrar samvinnu í samfélaginu.

Hlutverk Sjálfbærs Íslands er að hraða aðgerðum til þess að ná markmiðum um sjálfbæra þróun eins og þau birtast í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og velsæðaráherslum ríkisstjórnarinnar. Sjálfbært Ísland mun einnig vinna að því að réttlát umskipti á öllum sviðum samfélagsins séu leiðarljós í allri stefnumótun og aðgerðum.

Sjálfbærnisráð er skipað forsætisráðherra, sem er formaður, öðrum ráðherrum í ríkisstjórn, auk fulltrúa frá sveitarfélögum, Alþingi, aðilum vinnumarkaðar og frjálsam félagasamtökum. ■

HEIMILD: STJÓRNARRÁÐIÐ



Liffræðileg fjölbreytni er nauðsynlegur grundvallarþáttur lífríkisins alls.

MYND/SÓLRÚN HARÐARDÓTTIR

Fjölbreytni er sjálfbærari

jme@frettabladid.is

Samkvæmt Fróðleiksbrunninum á vef Náttúruminjasafns Íslands er hugtakið liffræðileg fjölbreytni notað til þess að lýsa fjölbreytileika lífsins í allri sinni dýrð, hvaða nafni sem lifverur nefnast og í hvaða formi sem þær eru.

Liffræðileg fjölbreytni er nauðsynleg öllu lífi á jörðinni og verndun hennar er ein mikilvægasta áskorun samtímans. BIODICE er íslenskur samstarfsvettvangur einstaklinga, stofnana og fyrirtækja sem hefur það að markmiði að efla þekkingu og skilning á liffræðilegri fjölbreytni á Íslandi.

Vettvangurinn hefur efnt til Hátíðar liffræðilegrar fjölbreytni sem hófst í janúar síðastliðnum og stendur út árið 2023.

Á hátíðardagskránni má finna fjölbreytta viðburði á sviði vísinda, lista og fleira, sem fjalla allir á einn eða annan hátt um mikilvægi liffræðilegrar fjölbreytni. Markmið hátíðarinnar er að auka sýnileika á hugtakinu og vekja athygli á verkefnum sem tengjast því.

Hægt er að sækja um þátttöku í hátíðinni og nálgast nánari upplýsingar um viðburði á biodice.is ■

Sjálfbærni er að hugsa til framtíðar

sandragudrun@frettabladid.is

Mikið er fjallað um sjálfbærni þessa dagana enda kröfurnar um sjálfbærni sífellt að verða háværari. En hvað er sjálfbærni? Það eru til ýmsar skilgreiningar á henni. En í stuttu máli má segja að sjálfbærni felist í því að uppfylla þarfir núverandi kynslóða án þess að skerða þarfir komandi kynslóða og um leið að tryggja jafnvægi milli




Sjálfbærni snýst um að fara vel með auðlindir jarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

» Kröfur um sjálfbærni verða sífellt háværari.

hagvaxtar, umhverfisverndar og félagslegrar velferðar.

Sjálfbærni snýst um að allir jarðarbúar óháð uppruna geti mætt sínum þörfum, eins og fyrir mat, hreint vatn, húsaskjól, menntun

og heilbrigðisþjónustu, án þess að ganga það nærri lífríki jarðar og náttúruauðlindum að komandi kynslóðir geti ekki mætt sínum þörfum. Til að samfélagið sé sjálfbært þarf fólk að huga að neyslu sinni en neysluhegðun fólks á einum stað getur haft áhrif á kjör fólks annars staðar í heiminum. Við nýtingu auðlinda er því alltaf mikilvægt að hafa framtíð lífs á jörðinni að leiðarljósi. ■



Sjálfbærni



Mikilvægur drifkraftur í rekstri fyrirtækja í nútímasamfélagi

Með aukinni samfélagsábyrgð fyrirtækja er verið að kalla eftir því að fyrirtæki taki ábyrgð á áhrifum sínum sem hefur þannig bein áhrif á samkeppnishæfni þeirra. Samfélagsábyrgðin getur skilað fyrirtækjum ávinningi í áhættustjórnun, dregið úr kostnaði og haft áhrif á fjölmarga þætti líkt og aðgengi að fjármagni, viðskiptasambönd, launajafnvægi, mannauðsmál og nýsköpun.

Hjá PwC starfar þverfaglegt teymi sem veitir ýmsa þjónustu á sviði sjálfbærnimála.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

Reykjavík | Akureyri | Húsavík | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar | Selfoss



HVERNIG LÍÐUR ÞÉR Í MELTINGUNNI?

Bio-Kult Advanced inniheldur 14 tegundir
sérvaldra frostþurrkaðra gerlastofna



Sérhönnuð góðgerlablanda sem hefur það að markmiði að byggja upp öfluga þarmaflóru og styðja við eðlilega virkni ónæmiskerfisins. Bio Kult Advanced er jafnframt ein af fáum góðgerlablöndum sem innihalda jafn marga gerlastofna.

Bio-Kult góðgerlar henta vel samhliða sýklalyfjum en mælt er með að Bio-Kult sé tekið 1-2 klst. eftir inntöku sýklalyfjanna fyrir bestan árangur.

Bio-Kult[®]
Advanced

Miklu meiri lífsgæði með Protis Liðum

Protis – nordic nutrition er íslenskt vörumerki sem sérhæfir sig í hágæða fæðubótarefnum. Formúlur Protis eru háþróaðar fyrir hámarksvirkni. Undirstaða vörunnar Protis Liðir er kraftur úr íslensku hafi.

Lífsgæði Péturs Björnssonar gjörbreyttust eftir að hann byrjaði að taka Protis Liði.

Protis Liðir er náttúrulegt fæðubótarefni sem unnið er úr kollagen-rikkum skrapi sæbjúgna með viðbættu vatnsrofni þorskrótíni, fyrir viðhald vöðva og túrmeriki fyrir bólgueyðandi áhrif.

Pétur er búsettur á Sauðárkróki og starfar sem kerfisstjóri hjá tölvufyrirtækinu Fjölneti, sem hann á og rekur. Pétur hefur alla tíð stundað íþróttir enda segist hann vera keppnismaður. Ástæða þess að hann byrjaði að taka inn Protis Liði var ónýt hné.

Áhrifin komu á óvart

„Étli ég hafi ekki byrjað að taka Protis Liði vegna verkja í hné. Það var fyrir um það bil sex árum. Annað hnéð er brjóskaust og klippa þurfti til liðþófa. Ég hef farið í tvær aðgerðir vegna þess. Þá hef ég einnig farið í aðgerð út af hinu hnénu. Þar hafa liðþófar einnig verið klipptir auk þess sem sprunga er í brjóska. Þegar ég reyndi að hreyfa mig urðu hnén stökkbólgur, líkt og handbolti að stærð. Þessu fylgdu miklir verkir, til dæmis þegar ég gekk upp tröppur. Mér fannst líka erfitt að sitja lengi í bíl eða flugvél. Það var virkilega erfitt fyrir mig að keyra frá Sauðárkróki til Reykjavíkur,“ útskýrir Pétur.

„Ég hafði ekki mikla trú á Protis Liðum í upphafi, en ákvað að prófa að taka inn fjórar töflur á dag með



Pétur segir að Protis Liðir hafi hentað honum frábærlega og gert honum kleift að fara aftur að hreyfa sig og hjóla, en áður voru allir „demparar“ farnir úr hnján-um. Hann fann mikinn mun á sér eftir fimm daga notkun og honum versnar fljótt ef hann sleppir því að taka Liði.

MYND/ÁSEND

morgunmatnum. Um sama leyti hætti ég að gleypa Voltaren rapid, sem er bólgueyðandi lyf og fer ekki vel í maga. Það kom mér mikið á óvart að eftir stuttan tíma minnk- uðu bólgurnar mikið og verkirnir eiginlega hurfu. Ég veit svo sem ekkert hvernig ég á að útskýra þetta, en það er eins og eitthvað lækni- stíll í hnénu með Protis Liðum. Ég gat allt í einu skokkað smá- vegis og hreyft mig. Áður voru allir „demparar“ farnir úr hnján-um,“ segir hann.

Fór að geta hjólað

Pétur er kyrrsetumaður þar sem hann starfar við tölvur og finnst því mikilvægt að hreyfa sig. „Ég hjóla mikið. Það gat ég illa gert fyrir sex árum. Það var í rauninni alveg magnað að strax á fimmta degi eftir að ég byrjaði á Liðum var ég farinn að finna mikinn mun á

mér. Sömuleiðis versnaði mér fljótt þegar ég sleppti að taka inn Liði og fékk aftur vonda verki. Protis Liðir hafa hentað mér frábærlega og ég er ekkert að liggja á skoðunum mínum um að þetta gerir mér mjög gott. Ef ég myndi hætta alveg að taka Liði væri ekkert annað í stöðunni en að fara í hnjálið- skipti. Á meðan þetta er í lagi er ég ekkert að hugsa um slíkt.“

Þegar Pétur er spurður hvort hann viti um ástæðu þess að hnén gáfu sig, svarar hann: „Ég slasaðist fyrir rúmum 28 árum þegar ég var að hlaupa utanvegur í Noregi þar sem ég var í námi. Steig illa niður og reif liðþófa, átti síðan að fara í aðgerð sem aldrei varð úr, þannig að fóturinn varð alltaf verri og verri. Ég fór að setja allan þungann á hinn fótinn og skemmdi hann líka. Það má segja að þetta séu týpísk íþróttameiðsl. Ég hljóp



Sæbjúgu eru gjarnan kölluð „ginseng hafsins“ en þau innihalda lífvirka efnið saponín sem er í Protis Liðum.

Það kom mér mikið á óvart að eftir stuttan tíma minnk- uðu bólgurnar mikið og verkirnir eiginlega hurfu.

Pétur Björnsson

mikið á þessum árum og tók þátt í hinum og þessum íþróttum. Þegar maður er vanur að hreyfa sig kemur upp eirðarleysi og pírtingur ef það er ekki hægt af einhverjum orsökum. Ég hef reynt ýmislegt en á mjög erfitt með hlaup. Ég hef hins vegar fundið mig á reiðhjólunum enda gerir það mér gott að hjóla. Það er frábært að hjóla hér um sveitirnar, lítill umferð og fátt sem truflar,“ segir Pétur. „Ég fer því út að hjóla á hverjum degi.“

Ginseng hafsins

Skrápur sæbjúgna inniheldur lífvirka efnið kondroitín sulfat. Skrápur sæbjúgna inniheldur einnig hátt hlutfall af sinki, jödi og járni og eru sæbjúgu gjarnan kölluð „ginseng hafsins“ en þau innihalda lífvirka efnið saponín. Kollagenið sem unnið er úr sæbjúgum inniheldur hátt hlutfall af mikilvægum aminosýrum, sérstaklega tryptófan, auk mangans og nauðsyn- legra vítamína fyrir heilbrigð bein, brjóska og liðvökva. ■

Protis liðir fæst í öllum helstu stórmörkuðum og apótekum og svo á protis.is.

Fölsku tennurnar að verða úreltar

Það er ýmislegt sem þarf að huga að nú þegar fólk lifir mun lengur en áður. Norð- menn hafa kannað tann- heilsu hjá fólki sem hefur náð 65 ára aldri. Langflestir á þessum aldri eru með eigin tennur en áður fyrr var fólk á þessum aldri oftast komið með falskar.

elin@frettabladid.is

Markmið rannsóknarinnar var að kanna ástand munnheilsu þeirra sem nálgast starfslok meðal annars til að geta skipulagt tann- heilsuþjónustu í framtíðinni. Vísindamenn skoðuðu munnheilsu 460 Norðmanna sem eru 65 ára. Lögð var áhersla á tíðni svokall- aðrar tannholdsþólgu, en einnig var skoðað lyktar- og bragðskyn auk annarra lífsgæða sem tengjast munnheilsu.

Allir þátttakendur fóru í klín- íska rannsókn, til dæmis í kjálka- myndatöku auk þess sem þeir svöruðu viðamiklum spurninga- lista. Þá var rannsóknin einnig gerð með aðstoð augnlækna til að kanna þurr augu sem margir virtust vera með. Helmingur þátttakenda var með tannholds- bólgur.

„Almennt séð voru þátttakend- ur með eigin tennur. Það voru fáir tannlausir einstaklingar í þessum hópi. Að sama skapi voru margir með stórar fyllingar og aðrar við- gerðir, svo sem krónur og brýr, segir Anne Thea Tveit Södal, einn rannsakenda við netmiðilinn for- skning.no.



Margir af þessari kynslóð hafa margar viðgerðar tenn- ur. Þeir þurfa því á áframhaldandi meðferð tannlæknis að halda þegar þeir eldast frekar.

„Fyrri rannsóknir hafa einnig sýnt að við höldum meira af okkar eigin tönnum á gamals aldri. Þetta getur bent til þess að meiri þörf sé á tannlækningum meðal aldraðra en verið hefur hjá fyrri kynslóðum. Bæði í formi fyrir- byggjandi meðferðar og viðhalds fyrir meðferða,“ segir hún.

Rannsakendur segja að þeir hafi fundið tannholdsþólgu hjá um helmingi þátttakenda. Meirihluti þeirra þarf á meðferð að halda. Reykingafólk og fólk með sykur- sýki 2 var í mestri áhættu. Mælt

er með að þegar fólk eldist fari það reglulega til tannlæknis. Þeir sem voru með tannholdsþólgu upplifðu ekki skert lífsgæði vegna þess. Meðferð hjá tannlækni er best að gera á frumstigi til að koma í veg fyrir flóknari meðferð- ir. Þrjátíu prósent þeirra sem tóku þátt í rannsókninni höfðu ein- hvers konar lyktarskynstruflanir og 28 prósent truflanir á bragð- skyni. Niðurstöðurnar gáfu til kynna að fólk væri ekki meðvitað um þessar truflanir og þær hafa því ekki verið til ama þótt vitað sé

Forfeður okkar og -mæður voru mörg komin með falskar tennur um 65 ára. Núna eru flestir með eigin tennur þegar þeir eldast og þurfa því frekar að leita til tannlækna en fyrir kynslóðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

að margir breyta mataræði sínu sé bragðskynið ekki í lagi.

Margir af þessari kynslóð hafa margar viðgerðar tennur. Þeir þurfa því á áframhaldandi með- ferð tannlæknis að halda þegar þeir eldast frekar. Því fleiri við- gerðar tennur þeim mun meiri við- gerðarvinna,“ segir Ann. „Auk þess munu fleiri eigin tennur krefjast fyrirbyggjandi meðferðar. Þá voru nokkrir þátttakendur með implant gervitennur.

Hér á landi taka Sjúkratrygg- ingar þátt í kostnaði hjá lífeyris- þegum, þeim sem hafa náð 67 ára aldri, að hluta. Kostnaður er þó ekki greiddur í öllum meðferðum. Tannlæknar eiga alltaf að gera fólki grein fyrir kostnaði á meðferð áður en hún hefst og hvort Sjúkratrygg- ingar greiði niður þann kostnað.

Sjúkratryggingar greiða 69% af almennum tannviðgerðum. Undanskilið er aðstöðugjald vegna tannviðgerða í svæfingu.

Undir almennar tannlækningar falla m.a. skoðun, greining, rönt- genmyndir, reglulegt eftirlit, tannviðgerðir, rötffyllingar, tann- holdslækningar, úrdráttur tanna og laus tanngervi skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 451/2013 að því er segir á heimasíðunni island.is

Vegna brúarsmiði á tannplanta í stað heilgóma á þá, greiða Sjúkra- tryggingar samsvarandi upphæð og greidd er vegna gómasmiði en ein- staklingur greiðir sjálfur umfram- kostnað. 60 þúsund króna styrkur er veittur vegna krónu eða tann- planta á hverju 12 mánaða tímabili.

Góð tannhirða skiptir miklu máli fyrir allan aldur. ■



*Verið
velkomin!*



HÁDEGIS TILBOÐ

Alla virka daga
kl. 11.30 - 14

Val á milli tveggja rétta

Verð: 2.290 kr.

í hjarta Hafnarfjarðar



Coca-Cola Íslandi

  /rifrestaurant

RIF.IS

FJÖRÐUR
VERSLUNARMÍÐSTÖÐ

SJÓNVARPSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

- 18.30 **Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 **Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 **Söfnin á Íslandi** Þáttaröð um íslensk söfn og safnamenningu. (e)
- 20.00 **Bióbærinn** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bióspjalli.
- 20.30 **Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá (e)
- 21.00 **Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins. (e)

RÚV SJÓNVARP

- 13.00 Fréttir með táknmalstúlkun
- 13.25 Heimaleikfimi
- 13.35 Kastljós
- 14.00 Útsvar 2018
- 15.20 Söngvaskáld
- 16.10 Okkar á milli
- 16.40 Leyndarlíf hunda
- 17.30 Heilabrot
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Hæ Sámur
- 18.08 Simon
- 18.13 Örvar og Rebekka
- 18.25 Ólívía
- 18.36 Eldhugar - Margaret Hamilton - ógnvekjandi leikkona
- 18.40 Krakkafréttir með táknmalstúlkun
- 18.45 Lag dagsins
- 18.52 Vikinglottó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Kiljan Egill og gestir hans fjalla sem fyrr um forvitnilegar bækur af ýmsum toga og úr öllum áttum.
- 20.55 **Söfn af ýmsu tagi** Í Svipjóð er fjöldi litilla þekktra og minna þekktra safna. Í þessum þætti fer Kåre Persson með áhorfendur í ferðalag á milli safna allt frá mannætusafni til gálgasafns.
- 21.05 **Dýragarðsbörnin**
- 22.00 **Tiufréttir**
- 22.15 **Veður**
- 22.20 **Músiktilraunir 2022** Samantekt frá úrslitakvöldi Músiktilrauna 2022 í Hörpunu.
- 23.20 **Lifshlaup í tíu myndum - Muhammad Ali** Heimildarþáttaröð frá BBC þar sem ljósmyndir eru notaðar til að fara yfir lifshlaup þekktra einstaklinga.
- 00.10 **Dagskrárlök**

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Tónlist
- 12.00 Dr. Phil
- 12.40 **The Late Late Show 13.20 The Block**
- 14.10 **Villi og Vigdís ferðast um heiminn**
- 14.42 **Að heiman - íslenskir arkitektar**
- 15.19 Ghosts
- 17.15 Family Guy
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 **The Late Late Show 19.10 9JKL**
- 19.40 **The Neighborhood**
- 20.10 Survivor
- 21.00 New Amsterdam
- 21.50 Devils
- 22.35 Good Trouble
- 23.20 **The Late Late Show**
- 00.05 NCIS
- 00.50 NCIS. New Orleans
- 01.35 9-1-1
- 02.20 American Gigolo
- 03.10 Tónlist

STÖÐ 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.15 Best Room Wins
- 08.55 Bold and the Beautiful
- 09.15 Listing Impossible
- 09.55 Mr. Mayor
- 10.20 Masterchef USA
- 11.00 Um land allt
- 11.35 Skreytum hús
- 11.50 Necessary Roughness
- 12.30 Ísskápastríð
- 13.05 Shark Tank
- 13.50 Saved by the Bell
- 14.15 Love Triangle
- 15.15 Lóa Pind. Battlað í borginni
- 16.00 The Heart Guy
- 16.45 Men in Kilts. A Roadtrip with Sam and Graham
- 17.20 Necessary Roughness
- 18.00 Bold and the Beautiful
- 18.25 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 **Spegilmýndin** Mannlífsþáttur um heilsu, fegurð, hreyfingu og fegrunar- og lýtaaðgerðir.
- 19.30 **Grey's Anatomy**
- 20.15 **Family Law**
- 21.05 **The Resort**
- 21.45 **Unforgettable**
- 22.25 **La Brea**
- 23.10 **The Blacklist** Lokapáttaröð Blacklist um Red sem er á leiðinni í stríð, við alla og það kemur ekkert annað til greina en að vinna það stríð.
- 23.50 **Grantchester**
- 00.40 **Wentworth**
- 01.25 **Pennyworth**
- 02.20 **Best Room Wins**
- 03.00 **Listing Impossible**
- 03.40 **Skreytum hús**
- 03.55 **Shark Tank**

Íslensk ævintýraveröld og íslenskt gin

Helga Árnadóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri Tulipop, kemur til Ólafs Arnarsonar í Markaðinn á Hringbraut í kvöld og segir frá uppbyggingu og starfsemi fyrirtækisins, sem hefur skapað teiknimyndaröð um fjölbreytileikann og vináttu á ævintýraeyjunni Tulipop. Einnig kemur Birgir Már Sigurðsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Þoran Distillery, og ræðir um gin- og viskiframleiðslu á Íslandi. ■



KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 svigna
- 5 vafi
- 6 í röð
- 8 dandalast
- 10 tveir eins
- 11 kvk. nafn
- 12 stoll
- 13 hnífur
- 15 granaldin
- 17 flott

LÓÐRÉTT

- 1 æska
- 2 niður
- 3 kjafstur
- 4 pása
- 7 spauga
- 9 merkja
- 12 talgalli
- 14 þar til
- 16 ryk

LÁRÉTT: 1 bogna, 5 efi, 6 fgr, 8 rangla, 10 nn, 11 rån, 12 set, 13 kurti, 15 ananas, 17 smat.
LÓÐRÉTT: 1 berkna, 2 ofan, 3 gin, 4 afli, 7 gantast, 9 greina, 12 stam, 14 uns, 16 ar.


SUDOKU

3		9			2			
				7	5	6	9	
	5		8		4			7
	9	3	4		8			5
4	8	1			3			9
		7		6		3	4	
		8	5					
	3		1		9		5	
1				8				

					7	3		
7			6				9	4
		1		4				6
		4		2	5		8	
6						9	5	
		5	3		9			
				7				
		8				4		
5	6					2		1

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

PONDUS



FRÓDE ØVERLI



MARKAÐURINN

MIÐVIKUDAGA KL. 19.00
OG AFTUR KL. 21.00

Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf þar sem farið er yfir helstu viðskiptafréttir vikunnar ásamt öðru því sem hæst ber í efnahagslífinu hverju sinni.



markadurinn.is



HRINGBRAUT

Hleypur apríl alla leið til Súðavíkur



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Myndlistarmaðurinn Una Björg Magnúsdóttir opnar sýninguna Svíkul silfurljómi í samkomuhúsi Súðavíkur laugardaginn 1. apríl.

Una Björg Magnúsdóttir er fjórði listamaðurinn sem er valinn til þátttöku í sýningaröð Listasafns ASÍ þar sem skipulagðar eru einkasýningar listamanna á tveimur stöðum á landinu, en í ljósi þess að safnið er ekki með fasta sýningaraðstöðu fá listamenn sjálfir að velja sýningarými.

„Sem listamaður þá er þetta rosalega spennandi verkefni að vinna með safni og fá að velja algjörlega rýmið sem maður sýnir í. En þetta er bæði blessun og bölvun af því maður getur valið næstum hvað sem er og það er erfitt að velja. Ég lagði upp með að finna rými sem hefur einhvern ákveðinn tilgang, eins og bíósal, sundlaug eða samkomuhús. En samkomuhús er öðruvísi að því leyti að það er í sífelldri endurnýjun og fær að sinna mismunandi hlutverkum,“ segir Una.

Hún opnar sýninguna Svíkul silfurljómi í samkomuhúsi Súðavíkur næstkomandi laugardag, 1. apríl, en tekið er fram í sýningartexta að sýningin gæti allt eins verið plat.

Ætlarðu að láta fólk hlaupa apríl alveg til Súðavíkur?

„Já, en það verða allir útnefndir hetjur sem hlaupa 1. apríl alla leið til Súðavíkur,“ segir Una og hlær.

Lítið breytt síðan 1930

Spurð um af hverju hún hafi valið Súðavík sem sýningarstað segist Una ekki hafa aðra tengingu við plássið en að hún hafi heillast af samkomuhúsinu sem sýningarstað.

„Það sem er öðruvísi við þennan sal, hann er örugglega að mestu leyti búinn að vera svipaður frá 1930, er að það er búið að fjarlægja sviðið. Það hanga ennþá leikhústjöld en gólfíð er bara aflíðandi inn í rýmið þar sem sviðið var. Þetta er svona rými sem getur breyst ennþá meira eða orðið partur af stóra rýminu, þannig að ég er svolítið að vinna með það. Ég er með skúlptúr sem er í líki handriðs sem gengur inn úr því rými og inn í samkomusalinn sjálfan,“ segir hún.

Þannig að þú ert beinlínis að vinna verkin út frá rýminu sjálfu?

„Já, algjörlega. Þau spretta út frá þessu rými. Það er þannig sem ég vinn oft, jafnvel þótt ég sé að vinna inn í hefðbundna sýningarsali. Það er mjög spennandi að vera með sal sem jafnvel þótt hann sé tómur er með fullt í gangi. Til dæmis bara rispur og málningarflögur frá 1930.“



Eftir að Una klárar sýninguna í Súðavík leggur hún af stað í ársdvöl til Berlinar í listamiðstöðinni Kunstlerhaus Bethanien.
MYNDIR/AÐSENDAR



Á meðal þess sem Una sýnir á Svíkul silfurljómi er þetta verk sem ber heitið 10+1 teningar.

Dúkkulísur í gamalli bók

Una Björg vakti athygli fyrir sýningu sína Mannfjöldi hverfur spolaust um stund sem sýnd var í D-sal Hafnarhússins 2020 en þar notaði hún sýningarrýmið til að sviðsetja fjarveru meints mannfjölda.

Hefurðu áhuga á rýmum almennt?

„Já, það verður gjarnan þannig og líka einhvern veginn að spila á þessar væntingar eða fyrir fram

ákveðnu hugmyndir hjá fólki um hvaða rými það er að ganga inn í. En svo verða einhverjar smávægilegar breytingar því það þarf svo lítið til að storka þessum hugmyndum.“

Á meðal þeirra verka sem Una sýnir í Súðavík eru fjórar gamlar dúkkulísur eða pappirspesar sem hún fann á milli blaðsíðna í spakmælabók hjá ömmu sinni.

„Ég var hjá ömmu minni og hún á þessa spakmælabók og allt í einu detta út úr bókinni svona dúkkulísur sem eru örugglega 75 ára gamlar. Þær eru klipptar út í maskínupappír og lita þess vegna út eins og ég hefði getað gert þær í gær en eru búnar að liggja þarna á milli blaðsíðna í tugi ára. Það er einhvern veginn líka rými, þessi bók og plássið á milli þessara blaðsíðna þar sem þessir pésar eru búnir að liggja,“ segir Una.

Ársdvöl í Berlin

Til stendur að Una setji upp aðra sýningu á vegum Listasafns ASÍ í Mosfellsbæ næsta haust, spurð um hvers konar sýning það verði segir hún:

„Þetta verður eitthvert svar eða framhald en á sama tíma önnur sýning. Það verða einhver verk sem fá að halda áfram þangað en rýmið verður allt öðruvísi. Við erum ekki búin að ákveða rými en það er ekkert rými líkt samkomu-

húsinu í Mosó. En þótt ég myndi taka öll verkin og setja þau eins og þau koma fyrir í eitthvert annað rými þá verður það auðvitað önnur sýning. Það er mjög skemmtilegt þegar maður vinnur út frá rýmum að taka verk og setja þau í önnur rými en á sama tíma þurfa verkin líka að bregðast við rýminu sem verður fyrir valinu.“

Í byrjun maí heldur Una svo til ársdvalar í Berlin í listamiðstöðinni Kunstlerhaus Bethanien þangað sem hún var valin úr stórum hópi umsækjenda til að vinna í alþjóðlegri gestavinnustofu.

„Myndlistarmiðstöð er með samstarf við Kunstlerhaus Bethanien og þetta er líka í fjórða sinn sem einhver hédan er valinn til að fara út. Ég fer eiginlega bara beint út eftir að ég er búin með þessa sýningu, 1. maí, og verð að vinna að næstu sýningu þar úti. En þetta er alveg ár þannig að ég þarf að koma heim til þess að sinna Mosósýningunni,“ segir Una.

Það hlýtur að vera gaman að fá svona tækifæri?

„Já, það eru 25 listamenn sem eru í einu á sama stað. Maður er með íbúð sem er með stúdíói og svo er fólk að vinna og styðja við hvert annað, fá fólk í vinnustofuheimsóknir, svo er verkstæði þarna og glæsilegir sýningarsalir þar sem allir sem taka þátt halda sýningu meðan á dvölinni stendur.“ ■

„Sem listamaður þá er þetta rosalega spennandi verkefni, að vinna með safni og fá að velja algjörlega rýmið sem maður sýnir í.“

Gloría í Fella- og Hólakirkju á pálmásunnudag

tsh@frettabladid.is

Í tilefni 35 ára afmælis Fella- og Hólakirkju blæs kór kirkjunnar til glæsilegra kórtónleika á pálmásunnudagskvöld, 2. apríl. Þar verður kórverkið Gloría eftir Antonio Vivaldi flutt í heild sinni af kór Fella- og Hólakirkju ásamt hljóðfæraleikurum.

„Það var að líkindum árið 1715, á barokk-tímabilinu, sem hinn fjölhæfi tónlistarmaður Antonio Vivaldi frá Feneyjum samdi þessa Glóriu, kórverk í tólf, flestum stuttum, köflum, byggt á fjórðu aldar bæninni Gloria in Excelsis Deo. Þetta sívinsæla kórverk er sungið víða um heim sérstaklega um jól og páska. Kór Fella- og Hólakirkju hefur nýtt veturinn í að læra þetta stórskemmtilega verk í tilefni 35 ára afmælis Fella- og Hólakirkju,“ segir



Kór Fella- og Hólakirkju í ferð sem var farin til Dunkeld í hálöndum Skotlands í september síðastliðnum.
MYNDIR/AÐSEND

Arnhildur Valgarðsdóttir, organisti og stjórnandi.

Þýðing á latneska texta kórverksins verður í tónleikaskrá til að áhorfendur geti glöggvað sig frekar á verkinu. Að sögn Arnhildar er Gloría þó fyrst og fremst ævintýrlega skemmtilegt verk sem samanstendur af mörgum stuttum en ólíkum köflum sem fjalla meðal annars um frið á jörðu.

„Öll ættu að hafa gaman af, burt séð frá tónlistariðkun og tónlistarsmekk, þarna er á ferðinni mikil orka og fegurð. Við hlökkum öll mikið til,“ segir Arnhildur.

Einsöngvarar úr röðum kórsins sem koma fram eru: Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir, Garðar Eggertsson, Laufey Egilsdóttir, Xu Wen og Inga Jónína Backman.

Hljóðfæraleikarar eru: Guðný Einarsdóttir á flygil, Matthías Stef-



Gloría eftir Antonio Vivaldi var að líkindum samin á barokk-tímabilinu árið 1715.

ánsson á fiðlu og Jón Hafsteinn Guðmundsson á trompet. Stjórnandi er Arnhildur Valgarðsdóttir, organisti kirkjunnar.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 og er ágangur ókeypis. Öll eru velkomin og boðið verður upp á veitingar í safnaðarheimili kirkjunnar að tónleikum loknum. ■

Forstöðumaður á áfangaheimili

Mosfellsbær leitar að öflugum forstöðumanni á áfangaheimili fyrir geðfatlaða.

Mosfellsbær leitar eftir öflugum og framsæknum forstöðumanni til að stýra starfi áfangaheimilis. Forstöðumaður starfar að verkefnum er krefjast sérþekkingar samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 38/2018 og samkvæmt stefnu Mosfellsbæjar í málaflokknum og kröfulýsingu heimilisins.

Áfangaheimilið veitir íbúum sem og einstaklingum utan þess einstaklingsmiðaða þjónustu og leggur áherslu á að auka víðsýni þeirra með félagslegri virkni. Starfsmenn vinna eftir hugmyndafræði þjónandi leiðsagnar, batamiðaðrar nálgunar sem og þjónustu- og starfsáætlunum.

Forstöðumaður leggur sig fram við að skapa öfluga liðsheild sem stuðlar að samræmdum einstaklingsmiðuðum vinnubrögðum til hagsbóta fyrir þá sem njóta þjónustunnar.



Helstu verkefni og ábyrgð

- Skipuleggja faglegt starf
- Stýra innra starfi og bera ábyrgð á þeirri þjónustu sem íbúar fá
- Halda utan um starfsmannamál heimilisins og vaktaskýrslugerð
- Launavinnsla
- Rekstraráætlunargerð og utanumhald um rekstur
- Bera ábyrgð á að starfsmenn vinni eftir hugmyndafræði Mosfellsbæjar í málaflokknum, stuðli að valdeflingu íbúa og veiti þeim góða þjónustu í samræmi við þau lög, reglur og alþjóðlegar skuldbindingar sem um starfsemina gilda og kröfulýsing heimilisins segir til um.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýttist í starfi er skilyrði
- Reynsla af og metnaður fyrir starfi með geðfötluðu fólki er skilyrði
- Farsæl reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi er skilyrði
- Góðir skipulags- og stjórnunarhæfileikar eru skilyrði
- Þekking á hugmyndafræði þjónandi leiðsagnar og batamiðaðrar nálgunar er kostur
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum er skilyrði
- Mikil hæfni í samskiptum og leiðtogaþæfileikar er skilyrði
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði

Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl 2023.

Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristbjörg Hjaltadóttir, stjórnandi félagsþjónustu, í síma 525 6700. Um framtíðarstarf er að ræða. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Mosfellsbær leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um starfið.

Mosfellsbær

www.mos.is/storf

525 6700

Forstöðumaður í búsetukjarna

Mosfellsbær leitar að öflugum forstöðumanni í búsetukjarna fyrir fatlað fólk.

Mosfellsbær leitar eftir öflugum og framsæknum forstöðumanni til að stýra starfi búsetukjarna fyrir fatlað fólk í Mosfellsbæ. Forstöðumaður starfar að verkefnum er krefjast sérþekkingar samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 38/2018 og stefnu Mosfellsbæjar í málaflokknum og kröfulýsingu kjarnans.

Búsetukjarninn veitir íbúum sem og einstaklingum utan kjarnans einstaklingsmiðaða þjónustu og leggur áherslu á að auka víðsýni þeirra með félagslegri virkni. Starfsmenn vinna eftir hugmyndafræði þjónandi leiðsagnar sem og þjónustu- og starfsáætlunum.

Forstöðumaður leggur sig fram við að skapa öfluga liðsheild sem stuðlar að samræmdum einstaklingsmiðuðum vinnubrögðum til hagsbóta fyrir þá sem njóta þjónustunnar.



Helstu verkefni og ábyrgð

- Skipuleggja faglegt starf
- Stýra innra starfi og bera ábyrgð á þeirri þjónustu sem íbúar fá
- Halda utan um starfsmannamál heimilisins og vaktaskýrslugerð
- Launavinnsla
- Rekstraráætlunargerð og utanumhald um rekstur
- Bera ábyrgð á að starfsmenn vinni eftir hugmyndafræði Mosfellsbæjar í málaflokknum, stuðli að valdeflingu íbúa og veiti þeim góða þjónustu í samræmi við þau lög, reglur og alþjóðlegar skuldbindingar sem um starfsemina gilda og kröfulýsing heimilisins segir til um.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýttist í starfi er skilyrði
- Reynsla af og metnaður fyrir starfi með geðfötluðu fólki er skilyrði
- Farsæl reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi er skilyrði
- Góðir skipulags- og stjórnunarhæfileikar eru skilyrði
- Þekking á hugmyndafræði þjónandi leiðsagnar og batamiðaðrar nálgunar er kostur
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum er skilyrði
- Mikil hæfni í samskiptum og leiðtogaþæfileikar er skilyrði
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði

Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl 2023.

Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristbjörg Hjaltadóttir, stjórnandi félagsþjónustu, í síma 525 6700. Um framtíðarstarf er að ræða. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Mosfellsbær leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um starfið.

Mosfellsbær

www.mos.is/storf

525 6700

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

hagvangur.is



HAGVANGUR

Exciting Careers in Health Tech



We are seeking talented people to join our energetic and passionate team.

Nox Medical is a med-tech company that builds solutions for healthcare providers to diagnose sleep disorders. We offer devices, software, cloud and AI solutions that are at the forefront of the sleep medicine industry. We are a part of Nox Health, which is a global sleep health leader on a mission to improve the health of populations through better sleep. Every year, more than three million people in 50 countries benefit from Nox products and services. Nox provides a range of solutions from comprehensive sleep diagnostic technology for providers to value-based comprehensive sleep management programs for self-insured employers and payers.

Will you be a part of our growing team?



Sales Administrator

As the Sales Administrator, you will be a part of the service operations team, and will be responsible for the day-to-day order processing and communication with customers to ensure a seamless sales process.

Responsibilities

- Review the purchase orders, confirm and communicate with customers
- Plan and prioritize sales in collaboration with the sales and manufacturing teams
- Ensure customer requirements and documentation needs are fulfilled in accordance with regulatory requirements
- Follow up with customer shipments to ensure they are delivered as promised

Requirements

- Service oriented attitude and the willingness to find solutions
- Accuracy and attention to detail in documentation and processes
- Experience in ERP systems is a benefit
- Experience in international shipping and customs is a benefit
- Ability to work independently and collaboratively

Graphic Designer

As a graphic designer on the marketing team, you will be responsible for creating and producing high-quality artwork for digital and print media that matches the company's brand, aesthetic, and marketing strategy.

Responsibilities

- Develop stand-out advertising creative material for digital, video, and web
- Formulate design concepts from written words, sketched ideas and from your imagination
- Create complete illustrations and refine image design
- Lead the design and development of sales and presentation decks
- Manipulate and edit video footage
- Collaborate with marketing team to create compelling and engaging content and advertisements

Requirements

- Bachelor's degree in graphic design or related field
- A portfolio that shows mastery, creativity and diversity
- Proficiency with Adobe Illustrator, Photoshop, InDesign
- Strong conceptual and artistic skills
- Strong communication skills and effective time management
- Self-starter, able to think creatively and independently

Software Developer

As a Senior Software Engineer you will be joining a small team of developers. The team delivers software which is classified as a medical device. The team is responsible for a backend cloud application serving clients such as a web front end, a desktop application, and other cloud services.

Responsibilities

- Develop software for sleep diagnostics
- Develop cloud software
- Evolve solution architecture
- Evolve development procedures

Requirements

- B.Sc. degree in computer science or equivalent experience is required
- +5 years of experience in software development
- Solid background in .NET development
- Knowledge of event driven architecture is a plus
- Experience with kubernetes is a plus
- Experience with distributed systems is a plus
- Experience with serverless architecture is a plus

Please apply via www.noxmedical.com/jobs. The application deadline is April 10, 2023.





Hjúkrunarfræðingur á heilsugæslu

Við leitum að jákvæðum og öflugum hjúkrunarfræðingi til að hafa umsjón með heilsugæslu Alcoa Fjarðaáls. Heilbrigði og vellíðan starfsmanna eru forgangsmál hjá okkur og heilsugæslan í álverinu er hluti af fjölbreyttri þjónustu mannauðsteymis fyrirtækisins. Hjúkrunarfræðingar manna heilsugæsluna á virkum dögum og lækna hafa þar reglulega viðveru.

Ábyrgð og verkefni

- Umsjón með heilsufarsskoðunum starfsmanna
- Þjónusta vegna veikinda eða meiðsla
- Upplýsingamiðlun og ráðgjöf
- Samstarf og skipulag vegna viðveru lækna
- Gagnavarsla og skýrslugerð
- Umsjón með aðföngum
- Eftirfylgni og umbætur á stöðlum og ferlum

Hæfniskröfur

- Hjúkrunarfræðimenntun
- Starfsreynsla í heilsugæslu æskileg
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar og nákvæmni
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta

Frekari upplýsingar veitir Elísabet Sveinsdóttir í tölvupósti á netfangið elisabet.sveinsdottir@alcoa.com eða í síma 843 7630. Í samræmi við jafnréttisstefnu Alcoa Fjarðaáls og lög nr. 150/2020 eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Hægt er að sækja um starfið á alcoa.is. Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 3. apríl.

Fjarðaál
alcoa.is



vinnvinn



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

1. Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 22. mars 2023, tillögu að deiliskipulagsbreytingu að Fargurgerði – Grænuvellir. Tillagan afmarkast af götunum Fagurgerði, Árvegi, Hörðuvöllum og Grænuvöllum, auk syðsta hluta afmörkunar deiliskipulags sem nær einnig til miðsvæðis Austurvegar. Breytingin felur í sér að lóðinni Fagurgerði 5, er skipt upp í tvær lóðir. Byggingarheimildir á deiliskipulagssvæðinu eru yfirfarnar og breytt að hluta til. Gerð er breyting á greinargerð og upprætti. Gildandi deiliskipulag fyrir Grænuvelli og nágrenni var staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda í apríl 2020. Breytt deiliskipulag er í samræmi við Aðalskipulag Árborgar 2020-2036, en þar er svæðið skilgreint sem íbúðarbyggð ÍB18 og miðsvæði M4. Skipulagssvæðið er um 3,2ha að stærð. Byggt hefur verið á flestum lóðum á því svæði sem deiliskipulag Grænuvalla nær yfir. Íbúðir eru á 1 eða 2 hæðum og hús á miðsvæði á 1-3 hæðum. Íbúðir eru að hluta til á efri hæðum bygginga á miðsvæði.

2. Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 22. mars 2023, tillögu að deiliskipulagi fyrir landspilduna Lækjargarður L166200, sem er tæpir 4 ha að stærð. Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að byggja á spildunni íbúðarhús allt að 350m² að stærð og getur verið 1-2 hæðir, tvö gesthús allt að 80m² að stærð, hvort, auk skemmu allt að 400m² að stærð. Landspildan er í gildandi aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 skilgreint sem landbúnaðarland, í flokki L2. Aðkoma er af Votmúlavegi og aðkomuvegi að Lækjargarði.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá 29. mars til og með 10. maí 2023. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 10. maí 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

**Virðingarfyllt,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi**

Laus störf í Grunnskóla Seltjarnarness



Yngsta- og miðstigi

- Umsjónarkennari
- Kennari í hönnun og nýsköpun/smíði (tímabundið í 1 ár)
- Heimilisfræði

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari
- Menntun og hæfni til kennslu á yngsta og miðstigi
- Kennslureynsla í grunnskóla æskileg

Vakin er athygli á að störfin henta öllum kynjum. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands.

Upplýsingar um starfið veitir Kristjana Hrafnisdóttir skólastjóri kristjana.hrafnisdottir@seltjarnarnes.is í síma 5959200.

Umsókn ásamt fylgiskjölum skal skilað á ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar undir seltjarnarnes.is - Störf í boði

Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl 2023.
Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2023.



JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022



SELTJARNARNESBÆR



www.seltjarnarnes.is

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita að þér?



RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill
að árangri allra fyrirtækja.



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta



Arró lofaði Eli Roth að hann myndi senda honum sína fyrstu mynd þegar hún væri tilbúin.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Strangheiðarleg hryllingsmynd

Íslenska hryllingsmyndin Óráð kemur í kvikmyndahús næsta föstudag. Leikstjórinn Arró Stefánsson segir myndina hafa kraumað innra með sér í þónokkurn tíma.

arnartomas@frettabladid.is

Í kvöld fer fram hátíðarfrumsýning í Smárabíói á hryllingsmyndinni Óráði sem er jafnframt fyrsta mynd leikstjórans Arrós Stefánssonar. Það er full ástæða til að skjálfa á beinunum, enda ekki á hverjum degi sem íslensk hryllingsmynd dúkkar upp, en Arró segist hafa verið með myndina lengi í maganum.

„Ég held þetta hafi ábyggilega byrjað fyrir svona tuttugu árum síðan,“ segir Arró um tilurð myndarinnar. „Þetta var þegar Quentin Tarantino og Eli Roth heimsóttu Ísland. Þá sagði ég við Roth að ég myndi senda honum fyrstu myndina mína.“

Lífið hélt áfram og Arró kom sér út í kvikmyndabransann þar sem hann hefur sinnt hinum ýmsu verkefnum í gegnum árin.

„Það var svo fyrir svona þremur árum að ég ákvað að gera þessa mynd, en gallinn við að gera hryllingsmyndir er að þær eru svo tæknilega erfiðar,“ segir hann. „Myndatökan þarf að vera fullkomin, tónlistin þarf að vera full-



Hjörtur Jóhann Jónsson og Heiðis Chadwick fara með aðalhlutverkin í Óráði.

MYND/ADSEND

komin og svo framvegis. Ég var ekki að ráðast á gardinn þar sem hann var lægstur.“

Í fyrstu hugsaði Arró með sér hvort hann ætti ekki að vinna að einhverju örlítið meðfærilegra sem sinni fyrstu mynd en hugsaði svo aftur til loforðs síns til Roth sem hafði verið að krauma innra með honum í öll þessi ár.

Ertu búinn að heyra í Roth?

„Nei, ég þarf að klára myndina fyrst, svo sendi ég honum!“

Uppgangur í hrollvekjum

Óráð fjallar um Inga, ungan fjölskylduföður sem er að reyna koma



Gallinn við að gera hryllingsmyndir er að þær eru svo tæknilega erfiðar.

undir sig fótunum að nýju eftir að hafa orðið valdur að hræðilegu slysi. Þegar hann finnur leigjanda látinn í Airbnb-íbúð sinni fer að halla undan fæti hjá honum. Dulrúfullir hlutir fara að gerast þegar Ingi reynir að þúsla saman fortíð mannsins á sama tíma og hann forðast að gera upp sína eigin.

„Þetta er strangheiðarleg hryllingsmynd,“ svarar Arró, aðspurður um hvernig hann myndi lýsa myndinni.

Eru einhverjir leikstjórar sem hafa verið þér sérstakur innblástur í hryllingsgeiranum?

„Fyrir utan Roth? Þá myndi ég

segja Mike Flanagan sem hefur verið að gera geggjaða hluti,“ svarar Arró. „Svo eru það bara gömlu meistaranir eins og John Carpenter, Ridley Scott og þessir gömlu góðu.“

Hrollvekjur hafa verið í þónokkrum uppgangi á undanföllum árum og tekur Arró undir að þær njóti almennt meiri viðurkenningar í dag en áður fyrr.

„Það er oft verið að taka áhættur í hryllingsmyndum í dag og verið að fara aðrar leiðir en fólk er vant. Það er mjög spennandi.“

Vannýttur vettvangur

Áskoranir við gerð myndarinnar voru ýmsar.

„Þetta var drulluerfitt enda vorum við að skjóta í miðju Covid. Þar opnaðist einhver smá gluggi þar sem maður hafði tækifæri til að gera mynd og allir ákváðu að gera myndir á sama tíma,“ segir Arró og bætir við að það hafi verið erfitt að finna tökustaði. „Fólk var auðvitað ekki spennt að fá ókunnuga inn til sín í faraldrinum. En ég held samt sem áður að við séum með algjört dúndurefni.“

Óráð verður frumsýnd næsta föstudag. ■

Indí-leikur ársins kominn úr ofninum

TÖLVULEIKIR

Pizza Tower
Leikjatlöva: PC

Arnar Tómas Valgeirsson

Pizza Tower er nýttgefinn indí-leikur sem hefur verið í töluverðan tíma í ofninum. Leikurinn byggist á hoppi og skoppi og dregur mikinn innblástur frá klassikerum á borð við Sonic the Hedgehog og Wario-land án þess þó að afbaka eitt né neitt.

Hér bregða leikmenn sér í hlutverk skapmikla pítsukokksins Peppino sem þarf að bjarga veitingastaðnum sínum frá tortímingu af hálfu vonda kallsins. Það er ekki mikið lagt upp úr sögunni enda engin ástæða til.

Það er nefnilega spilunin sem skiptir höfuðmáli og þar er ekkert til sparað. Þótt hægt sé að taka hlutunum temmilega rólega og fara í gegnum leikinn á töltinu þá er leikurinn skemmtilegastur þegar maður fer sér að voða. Það er unaðsleg tilfinning að komast í

gegnum borð leiksins á ofsahraða og uppskera fyrir vikið hærri ein-kunn.

Yfirborð leiksins, sem dregur innblástur í snarþrenglaðan teikni-myndaheim tíunda áratugarins, gæti virkað ófágað, en í rauninni hefur því lík natni verið lögd í handgerðar teikningarnar sem gera heiminn kvikan og lifandi.

Þá er tónlistin einnig upp á tíu og mótar sig að því sem er í gangi í leiknum hverju sinni, sér í lagi þegar allt fer í bál og brand.

Þótt margir tölvuleikir eigi það



til að missa sig í nostalgíunni þá er Pizza Tower lifandi sönnun þess að það sé hægt að taka klassíska uppskrift og uppfæra hana. Það kæmi ekki á óvart að sjá leikinn valinn sem indí-leik ársins síðar meir enda eitthvað það besta tvívíða hopp og skopp sem sést hefur á undanföllum árum. ■

NIÐURSTADA: Brakandi góður leikur fyrir alla aðdáendur hopp og skopp og tónlistin ein og sér er strax orðin sígild.

Eyfi

60 ára

GLÆSILEGIR AFMÆLISTÓNLEIKAR
Í HÁSKÓLABÍÓI LAUGARDAGINN
1. APRÍL KL. 21.00



Eyjólfur Kristjánsson heldur uppá 60 ára afmæli sitt með glæsilegum tónleikum þar sem öll Eyfalögin og fleiri til verða flutt af stórhljómsveit, bakróddum og gestasöngvurum undir stjórn Þóris Úlfarssonar.

„Dagar“, „Álfheiður Björk“, „Nína“, „Ég lifi í draumi“, „Danska Lagið“, „Gott“, „Skref fyrir skref“, „Ástarævintýri (á Vetrarbraut)“, „Eins og vonin, Eins og lífið“ o. m. fl.

HLJÓMSVEIT:

TROMMUR: JÓHANN HJÖRLEIFSSON

BASSI: FRÍÐRIK STURLUSON

HLJÓMBORÐ: ÞÓRIR ÚLFARSSON

HLJÓMBORÐ: HARALDUR V. SVEINBJÖRNSSON

HLJÓMBORÐ: EINAR ÖRN JÓNSSON

GÍTARAR: JÓN ELVAR HAFSTEINSSON

GÍTARAR: PÉTUR VALGARÐ PÉTURSSON

SAXÓFÓN, ÞVERFLAUTA OG SLAGVERK: SIGURÐUR FLOSASON

KASSAGÍTAR OG SÖNGUR: EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON

BAKRADDIR:

EVA ÁSRÚN ALBERTSDÓTTIR

ERNA ÞÓRARINSDÓTTIR

INGI G. JÓHANNSSON

Öllum tónleikagestum verður boðið uppá afmælissnuttur frá H-Veitingum fyrir tónleika og í hléi.

GESTASÖNGVARAR:

VALDIMAR GUÐMUNDSSON

ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR

BJÖRN JÖRUNDUR

STEFÁN HILMARSSON

MIDASALA ER
HAFIN Á TIX.IS



HRINGBRAUT

tix.is



BÍÓ
bærinn

BÍÓBÆRINN

MIÐVIKUDAGA KL. 20.00

Gunnar Anton og Árni Gestur fara yfir þær kvikmyndir sem eru væntanlegar í bíóhús landsmanna og dusta einnig rykið af gömlum gullmolum og fræða áhorfendur um leyndardóma kvikmyndaheimsins.

KVIKMYNDIR.IS



HRINGBRAUT



Veiga við Geldinganes í febrúar.

MYND/ADSEND

Kviðir mest flugunum

Veiga Grétarsdóttir undirbýr sig nú fyrir kajakróður í meira lagi þar sem hún mun sigla um þrjú þúsund kílómetra niður strandlengju Noregs.

arnartomas@frettabladid.is

Kajakræðarinn Veiga Grétarsdóttir vakti talsverða athygli fyrir nokkrum árum þegar hún reri kajak sínum umhverfis Ísland. Hún er nú í óðaönn að undirbúa sig fyrir aðra ferð í stærri kantinum þar sem hún mun sigla með fram strönd Noregs.

„Þetta byrjaði allt í hringferðinni 2019. Þá var eitt sem setti skugga á ferðina en það var allt ruslið í kringum Ísland,“ segir Veiga. „Það var samt líka frábær ferð því maður fær að upplifa landið á svo einstakan hátt að mig langaði að fara í aðra ferð.“

Veiga hefur sjálf sterkar taugar til Noregs því afi hennar var norskur auk þess sem hún bjó þar um tíma. Noregur varð því fyrir valinu og kom Veiga sér í samband við kvikmyndaframleiðandann Hrafnhildi Gunnarsdóttur og úr varð að fjórir heimildapættir verða framleiddir þar sem Veiga mun róa í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi auk þess sem hún hefur röið umhverfis hálf Ísland aftur.

„Við ætlum að gera einn þátt um



Það verða sko smyrsl og sprey og allur pakkinn í bátinum.

hvert land þar sem við munum fókusera á það einstaka sjónarhorn sem ég hef við róðurinn,“ segir hún.

Þungur róður

Í næstu viku tekur Veiga svo ferjuna til Noregs þar sem við tekur mikill undirbúningur.

Þar sem að Veiga hefur þurft að fjármagna ferðalagið með fyrirlestur og öðru upp á síðkastið hefur ekki gefist jafnmikill tími til æfinga og hefði mátt vona.

„Ég hef ekki farið á sjó núna í þrjár vikur en mun nota fyrstu dagana til að koma mér aftur í form,“ útskýrir hún. „Ég byrja þá bara rólega en gef svo í.“

Leiðin er alls um þrjú þúsund kílómetrar og hefst við landamæri Noregs og Rússlands í Jakobsá. Þaðan mun Veiga róa suður alla

leið að landamærum Svíþjóðar og Noregs.

„Ísland er talið með erfiðari löndum sem hægt er að róa í kringum og ég held að stærsta áskorunin verði nyrst í Noregi, frá landamærunum að Hammerfest,“ segir hún. „Eftir það geta tekið við harðir straumar og annað.“

Vængjaða vörn

Áskorunin sem Veiga kviðir þó mest er flugur.

„Það eru moskítóflugur þarna í norðurhluta Noregs og ég er mjög viðkvæm fyrir þeim út af ofnæmisviðbrögðum,“ segir Veiga sem ætlar sér að vera vel búin smyrslum og öðrum vörnum gegn vængjuðu vanni. „Það verða sko smyrsl og sprey og allur pakkinn í bátinum.“

Veiga segist ekki geta sagt til um hversu langt verði röið á hverjum degi enda geti svona ferð ráðist að miklu leyti af veðráttu. Auk róðursins segist hún hlakka til að heimsækja Noreg þar sem hún mun meðal annars hitta vini sína í Drammen þar sem hún átti heima í nokkur ár.

„Svo hlakka ég til að róa í gegnum Álasund. Afí minn var fæddur og uppalinn þar og maður hefur heyrt ýmsar sögur af prakkarastrikum hans þar,“ segir Veiga. „Að róa á þessum slóðum þar sem hann var sem krakki verður frábært.“ ■

Kokteilar hristir og hrærðir enn á ný

arnartomas@frettabladid.is

Vegfarendur í miðbænum eru varadur við ærandi hávaða frá hristum ís og kokteilskeiðum á harðasnúningi frá og með deginum í dag þegar Reykjavík Cocktail Weekend hefst og stendur yfir fram á sunnudag. Á hátíðinni er að vanda að finna uppskeru úr kokteilmenningu Íslendinga en þar ber einnig að fagna stórafmæli.

„Þetta er í níunda skipti sem við höldum hátíðina en í ár er Barþjónaklúbbur Íslands, sem stendur fyrir hátíðinni, sextíu ára svo að hátíðahöldin verða sérstaklega vegleg,“ segir Ómar Vilhelmsson, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar. „Það eru yfir þrjátíu staðir sem taka þátt, hver með sinn sérútbúna kokteilaseðil, á betri prísnum en gengur og gerist, í boði um hátíðina.“

Barþjónaklúbburinn var stofn-



Þetta er í níunda skipti sem hátíðin er haldin, nú í enn veglegri formi.


aður þann 10. apríl 1963 á fundi í veitingahúsinu Nausti að viðstöddum forseta alþjóðasamtaka barþjóna, Kurt Sörensen. Starfandi barþjónar á Íslandi höfðu þá talið nauðsyn að koma á fót klúbbi hér á landi eftir að hafa fengið boð á mót alþjóðasamtakanna sem fór fram í Noregi tveimur árum áður.

Stærsti viðburður hátíðarinnar verður svo á morgun þar sem Íslandsmót barþjóna og vörukynningar helstu vinnbirgja landsins fer fram í Gamla bíói.

Þá geta metnaðarfullri sötrar einnig reynt að slípa sig í eigin kokteileröð.

„Það er fullt af námskeiðum í gangi þar sem fólk getur farið og fræðst og smakkað sína eigin drykki,“ segir Ómar.

„Þetta er ekki bara drykkja heldur líka fróðleikur. Maður verður að passa upp á jafnvægið!“ ■



KEANU REEVES
JOHN WICK
CHAPTER 4

fierra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KOMIN Í BÍÓ

GINGER

LAUGARÁS  **BÍÓ**
BARA LÚXUS

SMÁRA  **BÍÓ**

SAMBÍÓIN
EGILSHÖLL 

HÁSKÓLA  **BÍÓ**



BAKÞANKAR

Láru G.
Sigurðardóttur



Sáðfrumur

„Sko, ef þú ætlar að búa til barn með mér þá ert þú ekkert að fara að sulla í víni eða reykja,“ sagði vinkona mín við nýbakaðan eiginmann sinn um árið þegar þau voru í barn-eignahugleiðingum.

Tilvonandi mæður eru hvattar til að haga sér á vissan hátt, hyggist þær fjölga mannkyninu. Passa upp á að taka vítamín með fólínsýru. Hvorki neyta nikótíns né drekka áfengi. Gæta að lyfjum sem þær innbyrða. Á sama tíma er karlpeningurinn gjarnan undanskilinn. Stikkfrír. Engu er líkara en það skipti engu máli þótt hann stundi villt lífarni á sama tíma og hann er á fullu að framleiða sáðfrumur sem senn gætu orðið að manneskju.

Til að nýtt líf kvikni í móðurkviði þarf tvo til – líkt og kunnugt er. Móðir leggur til eggfrumu sem myndaðist þegar hún sjálf var einungis níu vikna föstur í móðurkviði – lífarni ömmu kemur því einnig við sögu. Við getnað er eggfruma því oft áratuga gömul. Aðra sögu er að segja með sáðfrumum sem eru í stöðugri endurnýjun og þurfa á þriðja mánuð til að ná þeim þroska að geta frjóvgað eggfrumu.

Við vitum að ýmislegt í lífarni og umhverfi hefur áhrif á erfðaefni, þá sérstaklega hjá frumum sem endurnýja sig hratt. Þar á meðal eru sáðfrumur. Vissulega er fleira sem spilar inn í þegar nýr einstaklingur verður til, en ég held að vinkona mín hafi haft eitthvað til síns máls. Karlmenntu eru ekki stikkfrír frekar en við kvenmennirnir. Áhugi vísindamanna á sáðfrumum hefur kannski verið takmarkaður en við vitum t.d. að nikótín fækkar þeim. Og væri ég ekki hissa ef lífarni feðra hefði meiri áhrif en látið er með. Allavega munu mínir synir fá þessa óþægilegu ræðu frá mömmu sinni þegar þar að kemur. ■

Tvær magnaðar sýningar kveðja



Lokasýning á morgun!



ÞT, MBL

Ellen B.

Mayenburgpríleikurinn I

VERTU
ÚLFUR

Sýningum lýkur í vor



Tryggðu þér miða!

leikhusid.is



pappír
umhverfið
prentun



LITRÓF

UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagördum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is